

Tóbak í tímans rás
menning 36



Vegur heimspeki verði meiri
menntun 52



spottið 16



KYNNINGARBLAÐ STÖÐVAR 2 FYLGIR MEÐ Í DAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
1. október 2011
229. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



**Á gráskalanum**
*Rúnar Rúnarsson leikstjóri segist hvorki passa í listrræna né Hollywood-hópinn.*
**kvikmyndir 32**



**Draugar hjálpa í lífinu**
*Victoria Björk og Ísak segja það mikið ævintýri að leika í kvikmynd.*
**krakkar 48**

**Róttækar breytingar**
*Nýjungar í notendaviðmóti Facebook valda töluverðum usla.*
**tækni 38**



**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Heimili&Hönnun | Allt | Allt atvinna







**REKIÐ HEIM ÚR RÉTTUNUM** Það var glatt á hjalla í góða veðrinu þegar fé Agnars Gunnarssonar, oddvita Akrahrepps í Skagafirði, var rekið heim fyrir veturinn. Hjalti Árnason var í réttum og smellti af þessari ljósmynd, sem bar sigur úr býtum í haustljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Um tvö hundruð ljósmyndarar tóku þátt í keppninni. **Sjá síðu 26**

MYND/HJALTI ÁRNASON

# Þjóðin kjósi um stjórnarskrá

**Jóhanna Sigurðardóttir vill að þjóðin kjósi um nýja stjórnarskrá samhliða forsetakosningum á næsta ári. Hún segir þjóðina eiga rétt á því að kjósa um niðurstöður viðræðna um aðild að Evrópusambandinu.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vill að þjóðin greiði atkvæði um frumvarp stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá samhliða forsetakosningunum á næsta ári. Niðurstaðan verði ráðgefandi fyrir Alþingi er það fjallar um málið.

Alþingi verður sett í dag. „Stjórnarskrárfrumvarpið verður eitt af stóru málum þingsins í vetur og því ber skylda til að taka á því máli. Ég vil að frumvarpið fari fyrir nýja stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og nefndin ræði við stjórnlagaráð og þá sérfræðinga sem voru því til halds og trausts. Síðan vil ég að frumvarpið fari í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakosningum.“ Forsetakosningarnar verða haldnar 30. júní 2012.

Jóhanna segist ekki trúa því að þingmenn muni falla frá umsókn um aðild að Evrópusambandinu og svipta þannig þjóðina því tækifæri að greiða atkvæði um aðildarsamning. Skylda allra sé að vinna að sem hagstæðustum samningi.

**- kóp / sjá síðu 24**

### 18 milljarða tekjuauki

Jóhanna segir að skattar á milli- og lágtekjufólk hafi lækkað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það eigi við um fjölskyldur með 5 til 6 milljónir króna í árstekjur, eða 60 til 70 prósent skattgreiðenda.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem lagt verður fram í dag verða álögur á almenning ekki auknar. Afla á 18 milljarða í tekjur með virðisaukaskatti á banka, hækkun veiðileyfagjalds, sölu eigna og arði af eignum ríkisins.

**- kóp / sjá síðu 4**











## SPURNING DAGSINS



*Bragi, verður þrumuguðinn þá í þrumustuði?*

„Já, maður verður að hamra eldinguna á meðan hún er heit.“

Bragi Valdimar Skúlason samdi lagið Eldingu fyrir nýja íslenska teiknimynd um þrumuguðinn Þór.

Ævar Örn Jósepsson spinnur blekkingarvef í verðlaunakrossgátu í Fréttablaðinu:

# Svipað og að skrifa glæpasögur

**FJÖLMIÐLAR** Ævar Örn Jósepsson rithöfundur hefur tekið að sér að gera nýja verðlaunakrossgátu í hverri viku fyrir helgarblað Fréttablaðsins. Krossgáturnar verða ekki hefðbundnar samheitakrossgátur heldur ætlar höfundurinn að spinna blekkingarvef sem lesendur þurfa að ráða fram úr.



ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON

„Ég hef verið að leysa krossgátur frá því ég lærði að lesa og rakst á krossgátur í Æskunni,“ segir Ævar.

Hann hefur fiktað við að búa til krossgátur í gegnum tíðina en ekki birt gáturnar opinberlega hingað til.

Ævar segist byrja á því að setja upp gátuna sjálfa og vinnur svo í vísbendingum sem geta leitt að hverju orði.

„Að gera góða krossgátu er svipað og að skrifa glæpasögur. Maður byrjar því að hafa lausnina á hreinu og fer svo að villa um fyrir fólki,“ segir Ævar. Hann er verðlaunaður glæpasagnahöfundur en hefur einnig starfað sem útvarpsmaður og blaðamaður.

„Ég er orðinn dálítið leiður á hefðbundnum samheitakrossgátum, þær gefa takmarkaða ánægju til lengdar. Ég hef meira gaman af gátum í þeim stíl sem munu birtast í Fréttablaðinu, þar sem aðeins er reynt að draga fólk á asnaeyrunum og villa um fyrir því, um leið og vísbendingar eru gefnar,“ segir Ævar.

- bj / sjá síðu 40

Alþingi sett í dag:

## Frumvarpi um fjárlög dreift

**ALÞINGI** Alþingi verður sett með athöfn sem hefst klukkan 10.30 í dag. Að athöfninni lokinni verður fjárlagafrumvarpi næsta árs dreift á Alþingi.

Forseti Íslands, vígslubiskup, þingmenn og ráðherrar munu ganga úr þinghúsinu til guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Að henni lokinni mun Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setja 140. löggjafarþing.

Þegar þingfundur hefst eftir hádegi verður kosið í nefndir og þingsætum úthlutað. - bj

Bátar skemmdust á Akureyri:

## Bryggja brast í óvæntu roki

**AKUREYRI** Hluti af flotbryggjunni við Menningarhúsið Hof brotnaði í sundur í óvæntu fárviðri á Akureyri í gær. Brakið af bryggjunni barðist í báta sem lágu við hana og losnuðu sumir þeirra frá. Alls urðu sjö bátar fyrir barðinu á brakinu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri var fyrst áætlað að nota lóðsinn til að ná bátunum frá, en hann gat ekki athafnað sig í veðrinu. Því var fenginn kranabíl til að ná brakinu upp úr höfninni. Að sögn lögreglu er erfitt að meta tjónið á bátunum að svo stöddu. Fjöldi björgunarsveitarmanna, hafnarstarfsmenn og eigendur skútanna tóku þátt í aðgerðunum. - sv

Pilla sem mildar áhrif ölvunar:

## Kemur í veg fyrir drykkjulæti

**VÍSINDI Hópur bandarískra og ástralskra vísindamanna vinnur nú að þróun pillu sem gerir það kleift að hægt er að innbyrða mikið magn áfengis án þess að missa stjórn á hegðun sinni.**

**Lyfið sem um ræðir byggir á tilraunum sem hafa sýnt fram á að áhrif áfengis á heilastarfsemi eru tvenns konar. Annars vegar hefur áfengi áhrif á taugafrumur og hins vegar áhrif á frumur í heilanum sem tengjast ónæmiskerfinu. Lyfið virðist koma í veg fyrir síðari áhrifin, sem valda því meðal annars að ölvað fólk á erfitt með gang og tal. Við tilraunir sýndu mýs sem fengu lyfið engin merki ölvunar þrátt fyrir að hafa verið gefið mikið magn áfengis.** - mþl

## SAMGÖNGUR

**Ekkert siglt til Eyja í gær**

Allar ferðir Baldurs milli lands og Eyja féllu niður í gær vegna veðurs. Samkvæmt ölduspá bendir allt til þess að óvissa ríki með siglingar Baldurs í dag.

# Biskup sagði dóttur sína vera geðveika

**Ólafur Skúlason reyndi ítrekað að gera Guðrúnu Ebbu dóttur sína ótrúverðuga með því að segja hana geðveika. Hún sagði Karli Sigurbjörnssyni fyrst frá kynferðisbrotum árið 2008. Þetta kemur fram í nýrri bók Guðrúnar Ebbu, Ekki líta undan.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ólafur Skúlason, fyrrverandi biskup Íslands, reyndi ítrekað að gera frásagnir Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, dóttur sinnar, ótrúverðugar með því að segja hana geðveika. Ólafur hafði samband við Stígamót eftir að Guðrún Ebba hafði verið þar í viðtölum og sagði dóttur sína veika á geði og varast skyldi að taka hana trúanlega. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri bók Guðrúnar Ebbu, Ekki líta undan.

Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda greinir hún í bókinni frá því að faðir hennar hafi einnig reynt að ná fundi með sálfræðingi hennar, en þegar það gekk ekki hafi hann fengið geðlækni til að setja sig í samband við hann í þrígang til að bera þau boð að í ætt Guðrúnar Ebbu væri geðveiki. Því væri ekki víst að sálfræðingurinn gerði sér grein fyrir hvað væri að hrjá hana. Þetta væru falskar minningar sem hefði verið komið inn hjá henni í áfengismeðferð, í viðtölum hjá Stígamótum eða hjá sálfræðingnum sjálfum.

Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings segir að Karl Sigurbjörnsson biskup hafi komið fyrir rannsóknarnefndina og greint frá því að Guðrún Ebba hafi haft samband við hann sumarið 2008, þegar faðir hennar var nýlátinn, og greint honum frá því að faðir hennar hafi misnotað hana kynferðislega í fjölda ára. Karl hefði reyndar heyrt af því áður, að hún væri að segja sögu sína á öðrum vettvangi. Á sama tíma sagði hún fagráði kirkjunnar um kynferðisbrot frá málinu.

Eftir að Guðrún Ebba fékk áheyrn kirkjuráðs, ári eftir að hún óskaði fyrst eftir því, komu fleiri ásakanir á hendur Ólafi fram í dagsljósið á ný. Í kjölfarið var rannsóknarnefndin sett á laggirnar. Eftir að skýrsla rannsóknarnefndarinnar kom út bað fagráðið hana afsökunar á þeim mistökum sem gerð voru við meðferð máls hennar.

Í bók sinni greinir Guðrún Ebba frá því þegar hún fór í áfengismeðferð árið 2003 og leitaði í kjölfarið til Stígamóta. Hún sagði frá ofbeldinu á námskeiðum á vegum forvarnasamtakanna Blátt áfram og fleiri fjölmennum ráðstefnum á vegum starfsgreina.

Guðrún Ebba rifjar upp æsku sína og unglingsár í bók sinni og segir frá því hvernig það var að horfast í augu við þá misnotkun sem hún mátti sæta af hendi föður síns.

Elín Hirst sagnfræðingur skráir sögu Guðrúnar Ebbu. Bókin kemur út 10. október næstkomandi. sunna@frettabladid.is

**Segir sögu sína**



**Guðrún Ebba** greinir frá uppvexti sínum í skugga kynferðisofbeldis í bók sinni sem kemur út 10. október.






**ÁGÓÐINN TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS** Vigdís Finnbogadóttir afhenti fyrstu bleiku slaufur ársins.

Söfnunarátakið hefst á ný:

## Fyrsta bleika slaufan afhent

**SAMFÉLAGSMÁL Bleiku slaufunni, árvekni- og söfnunarátaki Krabbameinsfélags Íslands, var hleypt af stokkunum í gær. Vigdís Finnbogadóttir, verndari Krabbameinsfélags Íslands, afhenti fyrstu bleiku slaufurnar til sex hvunndagshetja sem barist hafa við krabbamein. Bleika slaufan var í ár perluð af Zúlúkonum í Suður-Afríku, sem var mikil búbót fyrir þorp sem samanstanda af „ömmum“ sem sjá fyrir fjölda barna.** - sv

Meirihlutinn í Vogum springur:

## Höfnuðu lagningu loftlínu

**VOGAR** Meirihluti bæjarstjórnar Voga á Vatnsleysuströnd féll í gær, eftir að tillaga um að hafna loftlínu í gegnum land sveitarfélagsins var samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar á miðvikudagskvöld.

Viðbótarkostnaður vegna þessarar ákvörðunar getur orðið allt að tólf milljarðar verði kröfum mætt, segir forstjóri Landsnets.

Fulltrúar E-listans greiddu atkvæði gegn tillögunni á fundinum. Þeir tilkynntu síðan samstarfsflokknum, H-listanum, í fyrrakvöld að ekki væri áhugi fyrir frekara samstarfi í bæjarstjórn. - hv




Bandaríska fiskvinnslufyrirtækið Trident sektað um milljónir fyrir umhverfisspjöll:

# Umhverfissóðar vilja Icelandic

**BANDARÍKIN** Bandaríska fiskvinnslufyrirtækið Trident Seafoods hefur samþykkt upphæð sem jafngildir um 300 milljónum íslenskra króna í sekt vegna umhverfisspjalla við fjórtán fiskvinnslustöðvar fyrirtækisins í Alaska.

Trident er eitt nokkurra fyrirtækja sem boðið hafa í Icelandic Group, sem er í söluferli hjá Framtakssjóði Íslands, eiganda fyrirtækisins.

Auk þess að greiða sekt í ríkissjóð hefur Trident lofað að eyða sem jafngildir um 3,6 milljörðum í að hreinsa upp mengun frá fiskvinnslustöðvunum, að því er fram kemur í bandaríska dagblaðinu Seattle Times í gær.

Fyrirtækið varð uppvíst að því að sturta tugum milljóna kílóa af fiskúrgangi í sjóinn við vinnslustöðvar sínar.

Mengunin eyddi lífríki á stórum hafsvæðum. Á köflum er úrgangurinn eins og „þykkt slímugt teppi af slori sem kæfir lífríkið í sjónum og truflar alla fæðukeðjuna í sjónum“, sagði Tara Martich hjá bandarísku umhverfisverndarstofnuninni (EPA).

Trident er eitt af stærstu fiskvinnslufyrirtækjum heims. Það gerir út fjölda skipa, rekur sautján verksmiðjur í Bandaríkjunum og hefur um 8.000 starfsmenn í vinnu samkvæmt upplýsingum á vefsíðu fyrirtækisins. - bj



**SJÁVARÞORP Í ALASKA** Mengun frá fiskvinnslustöðvum Trident í Alaska hefur lengi verið vandamál sem nú á að taka á, segir talsmaður bandarísku umhverfisverndarstofnunarinnar (EPA).

NORDICPHOTOS/AFP



Við erum 20 ára!
Allar vörur
í versluninni með
20% til 70%
afmælisafslætti
emmessís
Við gefum ís
í brauðformi
alla helgina
Blöðrur
fyrir börnin
Fagnið með okkur
Við bjóðum súkkulaðiköku,
ískalda mjólk og kaffi
laugardag kl. 14:00 -16:00
Sjáið haustkransana
verða til
sýnikennsla frá
14:00 til 16:00
á laugardag
GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 20 ÁR
spíran
Afslátturinn gildir líka á
Spírunni bistro

## GENGIÐ 30.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,83 | 118,39 |
| Sterlingspund | 183,70 | 184,60 |
| Evra | 159,01 | 159,89 |
| Dönsk króna | 21,365 | 21,491 |
| Norsk króna | 20,139 | 20,257 |
| Sænsk króna | 17,163 | 17,263 |
| Japanskt jen | 1,5327 | 1,5417 |
| SDR | 183,89 | 184,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,5985

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekki gert ráð fyrir skattahækkunum á almenning í fjárlagafrumvarpinu:

# Auka á tekjur um 18 milljarða króna

**EFNAHAGSMÁL** Gert er ráð fyrir því að tekjur ríkisins á árinu 2012 aukist um 18 milljarða króna. Þetta kemur fram í frumvarpi fjármálaráðherra sem kynnt verður í dag. Frumvarpið verður fyrsta mál á nýju Alþingi sem sett verður í dag. Ekki er gert ráð fyrir hækkun skatta á almenning í frumvarpinu.

Ekki verður farið eftir tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD um að afnema lægsta þrep virðisaukaskatts, 7 prósent, og færa vöruflokka í því þrepi í 14 prósent þrep. Þess í stað verður settur virðisaukaskattur á banka- og fjármálastarfsemi, sem hingað til hefur verið undanþegin slíkum skatti. Reiknað er með að það skili 4 til 6 milljörðum króna í tekjur.

Gert er ráð fyrir að hækkun á veiðigjaldi skili um 1,5 milljörðum króna í auknar tekjur. Á fiskveiðiárinu 2009 til 2010 greiddi útgerðin 1,4 milljarða í veiðigjald og 2,8 milljarða króna á nýliðnu fiskveiðiári. Eftir hækkun nemur veiðigjaldið 4,3 milljörðum króna.

Þá mun arður og sala eigna skila 10 milljarða króna tekjuaukningu.

Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa sagt að fjárlög ársins 2012 muni einkennast af ströngu aðhaldi frekar en miklum niðurskurði. **- kóp**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Fjárlögin 2012 verða kynnt á blaðamanni fundi fyrir hádegi í dag. Þau verða lögð fyrir Alþingi verður sett klukkan 10.30 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sumarveður í Skaftafelli:

# Tuttugu stig í hnjúkaþey

**VEÐUR** Hiti fór í 19,6 stig við Skaftafell undir Öræfajökli um hádegisbil í gær. Þó lækkaði hitastigið fljótlega aftur og var komið niður í 11 gráður um tveimur klukkustundum síðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er ástæðan hnjúkaþeyr af jöklinum um morguninn. Hann er algengt fyrirbæri víða um heim. Þá þrýstist rakt loft upp fjallshlíðar og minnkar rakamagn loftsins, sem gerir að verkum að það á auðveldara með að hitna. **- sv**

Frestur til skila runninn út:

# Tólf tilboð í Húsasmiðjuna

**VIÐSKIPTI Tólf tilboð hafa borist í Húsasmiðjuna og einstakar rekstrareiningar til Framtakssjóðs Íslands. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rann út gær. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Framtakssjóði.**

**Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, sem annast söluferlið í umboði Framtakssjóðs Íslands, mun nú taka tvær vikur til að yfirfara tilboðin. Auglýst var eftir óskuldbindandi tilboðum í Húsasmiðjuna hinn 22. ágúst síðastliðinn frá fjárfestum og opið öllum sem stóðust hæfismat.** **- sv**



**LANDSBANKINN** Fimm lífeyrissjóðir undir stjórn gamla Landsbankans hafa verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Stjórnendur lágu undir grun:

# Rannsókn á sjóðum hætt

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari hefur hætt rannsókn sinni á fimm lífeyrissjóðum í umsjón gamla Landsbankans. Sjóðirnir eru Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, Kjalar lífeyrissjóður og Eftirlaunasjóður FÍA.

Í rannsókninni var kannað hvort stjórnendur og starfsmenn sjóðanna hefðu á fyrri hluta árs 2008 farið út fyrir lagaramma um fjárfestingar og hvort upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins hefði verið ábótavant. **- jab**

# Akranesbær bíður svars frá ráðuneyti í máli skólabarna

**Menntamálaráðuneytið mun eftir helgi senda Akranesbæ og foreldrum tveggja barna í bænum niðurstöðu sína um hvernig bregðast eigi við máli telpu sem fer ekki í skóla eftir kynferðislega hegðun samnemanda.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Mennta- og menningarmálaráðherra mun eftir helgi kveða upp úr með það hvort bæjaryfirvöldum á Akranesi sé heimilt að flytja börn milli skóla gegn neitun foreldra þeirra.

Þetta segir bæjarstjórinn Árni Múli Jónasson, spurður um mál ungrar telpu og unglingspilts sem ganga í sama grunnskóla þrátt fyrir að pilturinn hafi fyrir nokkru orðið uppvís að óeðlilegri kynferðislegri hegðun í garð telpunnar.

Ráðuneytið staðfestir að það hafi málið til umfjöllunar að beiðni foreldra annars barnsins. Það hafi átt í samskiptum við forráðamenn barnanna og Akraneskaupstað og muni svara þeim eftir helgi.

> „Málið er því þannig vaxið að sálfræðileg úrræði sýnast líklegust til að geta orðið að gagni.



**ÁRNI MÚLI JÓNASSON**
BÆJARSTJÓRI AKRANESS

Foreldrar telpunnar hafa farið fram á að pilturinn verði færður í annan skóla, þar sem hún kvíði því mjög að þurfa hugsanlega að hitta hann. Sálfræðingur Barnahúss hefur metið það sem svo að réttast væri að aðskilja börnin.

Sálfræðingur drengsins er hins vegar þeirrar skoðunar að það væri honum ekki fyrir bestu að skipta um skóla – hann hafi staðið sig vel í meðferð vegna málsins og litlar líkur séu á að hann brjóti af sér aftur.

Foreldrar telpunnar telja réttinn sín megin og vilja ekki færa hana í annan skóla. Málið er því siglt í strand og foreldrar telpunnar hafa tekið dóttur sína úr skóla þar til lausn finnst á málinu.

Árni Múli segir málið vægast sagt viðkvæmt. „Sálfræðingar og sérfræðingar í málefnum barna hafa verið að fjalla um það, meðal annars með viðtölum við hlutaðeigandi börn og forráðamenn þeirra og leita þannig leiða til að takmarka þann skaða sem háttsemin hefur valdið og getur valdið, sérstaklega og augljóslega á sálarlíf barnanna sem í hlut eiga,“ segir Árni.

Í því sambandi hafi þurft að líta til þess að gerandinn sé barn í skilningi laga, sem hafi áhrif á réttarstöðuna og meðferð málsins.

„Málið er því þannig vaxið að sálfræðileg úrræði sýnast líklegust til að geta orðið að gagni,“ segir Árni. Fræðsluyfirvöld á Akranesi hafi talið mjög óljóst hvort þeim væri lagalega heimilt að ákveða að flytja nemanda milli skóla vegna háttsemi utan skólatíma og umráðasvæðis skólans, án samþykkis foreldra.

„Því álitaefni var skotið til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem hefur haft þá til skoðunar, og mér skilst að niðurstaða ráðuneytisins sé væntanleg innan skamms,“ segir Árni Múli.

**stigur@frettabladid.is**
**thorunn@frettabladid.is**



**AKRANES** Málið hefur verið báðum börnum mjög erfitt og hafa þau verið í sálfræðimeðferð vegna þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Meginreglan að breyta sem minnstu

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segist ekkert þekkja til málsins sem um ræðir. Almennt séð sé það regla í svona málum að öll íhlutun af hálfu fagaðila eigi að styðja bæði börnin. „Það gildir um bæði börn sem eru gerendur og þolendur í svona málum að þau þurfa mjög örugga og faglega hjálp. Og meginreglan í slíkum tilvikum er sú að gera sem minnstar breytingar á umhverfi barnsins, þeirri félagslegu umgjörð sem barnið býr við.“ Það sé því talið andstætt hagsmunum barna að gera stórar breytingar, heldur sé unnið með börn í því félagslega samhengi sem þau lifi og hrærist í.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segist ekki geta tjáð sig um mál sem henni hafi borist. Almennt gildi hins vegar í málum þar sem hagsmunir tveggja barna virðist rekast á að yfirvöld þurfi að vega og meta hvaða hagsmunir vega þyngra og finna lausn með það í huga.



**BRAGI GUÐBRANDSSON**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**DREGUR ÚR VINDI** er líður á daginn og á morgun verður yfirleitt fremur hæg suðaustanátt en strekkingur við austurströndina. Rigning með köflum vestan til í dag en búast má við rigningu eða skúrum víða um land á morgun og einkum suðaustanlands.



**Á MORGUN**
5-10 m/s en 8-13 eystra.

**MÁNUDAGUR**
Hvöss NA-átt NV-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 25° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 17° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 19° |
| París | 26° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is**
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

VOX
RESTAURANT/BISTRO

Hilton
Reykjavik Nordica

## KJÖRKASSINN



*Ert þú ánægð(ur) með lestrarkennslu grunnskólabarna?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,6% |
| Nei | 67,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga lögreglumenn að fá verkfallsrétt til að fylgja eftir kröfum í kjarasamningum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Nýráðinn forstjóri Iceland Express hættir vegna ágreinings við eiganda félagsins eftir tíu daga á forstjórastóli:

# Deila um ráðningu sambýliskonu Birgis

**SAMGÖNGUR** Birgir Jónsson, nýhættur forstjóri Iceland Express, birti í gær hluta tölvupóstsamskipta sinna við eiganda félagins, Pálma Haraldsson. Af þessum töluskeytum má ráða að Pálmi var ekki andvígur því að ráða konu Birgis í starf yfirmanns hjá Iceland Express.

Birgir segist í yfirlýsingu í gær hafa verið knúinn til að birta innihald samskipta sinna við Pálma eftir að stjórn félagsins hafi „lekið upplýsingum í fréttastofu Ríkisútvarpsins“ um að Birgir hafi viljað ráða sambýliskonu sína og aðra ættingja til starfa.

Í tilkynningu sem stjórn félagsins sendi frá sér seint á fimmtudagskvöld segir að Birgir hafi komið fram með hugmyndir sem falið hafi í sér að „hreinsa út hluta af yfirstjórn félagsins, og ráða í hans stað fólk sér nákomið“, en á það hafi stjórn félagsins ekki fallist. Þar segir enn fremur að samið hafi verið um að Birgir sinnti rekstri félagsins eins og almennt gildi um forstjóra. „Í samkomulagi við Birgi fólst ekki að honum yrði afhent eigendavald yfir félaginu.“



BIRGIR JÓNSSON

Að sögn Birgis er með þessu ráðist á hann með „ómaklegum, ódýrum og ósönnum hætti“. Hann þurfi því að „verja heiður sinn og sinna“.

Í tövupósti sem Birgir segir vera frá Pálma lýsir eigandi Iceland Express sig samþykkan ráðningu sambýliskonu Birgis. Forstjórinn fyrrverandi bætir svo við að Pálmi hafi þess utan sagt á stjórnarfundi félagsins að það fyndist „ekki frambærilegri kona á landinu til að gegna þessar stöðu“.

Birgir kveðst ekki vera hræddur við Pálma og hans fólk og hafa langa reynslu af því að starfa með þeim. „Því eru öll atriðin sem við deilum um til með skriflegu samþykki hans og ég mun ekki hika við að verja hendur mínar og birta þau ef það reynist nauðsynlegt,“ segir í yfirlýsingu hans.

Skarphéðinn Berg Steinarsson hefur verið ráðinn forstjóri Iceland Express tímabundið. Hann á sæti í stjórn félagsins ásamt Pálma Haraldssyni og Sigurði G. Guðjónssyni. - gar, bj







# Vilja fjölga aukakrónum fjölskyldna

**Formaður Samtaka verslunar og þjónustu segir mikilvægt að standa vörð um hefðbundinn landbúnað. Það sé hins vegar óeðlilegt að ríkisvaldið standi í vegi fyrir innflutningi á svína- og kjúklingakjöti sem sé of dýrt í verslunum.**

**NEYTENDUR** Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu, harmar að bændum finnist samtökin ráðast að sér þegar þau hvetji til þess að innflutningur verði leyfður á svína- og kjúklingakjöti.

Samtök verslunar og þjónustu hafa síðustu vikur og mánuði gagnrýnt þær miklu hömlur sem eru á innflutningi á landbúnaðarvörum. Þá hafa samtökin gagnrýnt verðhækkanir sem orðið hafa á svína- og kjúklingakjöti síðustu mánuði.

„Verslunin í þessu landi stendur mjög illa og það sem okkur gengur til er að fjölga þeim krónum sem fjölskyldur eiga eftir í hverjum mánuði þegar reikningar hafa verið greiddir. Þess vegna höfum við talað gegn skattahækkunum og fyrir lægra matvælaverði. Og þegar búvörur eru 45 prósent af matarkörfu heimilanna er ekki nema eðlilegt að við beinum sjónum okkar í þessa átt,“ segir Margrét og bætir við að verslanir gætu flutt svína- og kjúklingakjöt inn til landsins og selt á talsvert lægra verði en nú er gert ef aðeins þeim yrði leyft það.

Bændasamtökin hafa sagt verðhækkanirnar undanfarið skýrast af auknum launakostnaði vegna nýgerðra kjarasamninga og hækkunum á verði aðfanga. Þá hafa þau bent á að sé horft lengra aftur í tímann en síðustu 12 mánuði komi í ljós að búvörur hafi hækkað talsvert minna í verði en aðrar neysluvörur.

Margrét segir það sennilega rétt að kjarasamningarnir skýri hluta af verðhækkunum en bendir á að gengi krónunnar hafi heldur styrkst á tímabilinu. Því geti þessi tvö atriði ekki skýrt eins miklar verðhækkanir og hafi orðið.

Margrét segir að lokum málflutning samtakanna alls ekki vera beint gegn bændum og bætir við að standa eigi vörð um hefðbundinn landbúnað í sveitum landsins. Það sé hins vegar merkilegt að ekki megi gagnrýna landbúnaðarkerfið í ljósi þess hve matvælaverð sé hátt á Íslandi og þess hve lítið bændur bera úr býtum. Auk þess bendir hún á að svína- og kjúklingakjöt sé að mestu framleitt í útjaðri höfuðborgarsvæðinu í eins konar verksmiðjum sem eigi fátt skylt með hefðbundnum landbúnaði. magnusl@frettabladid.is

## Vísitala hefur hækkað meira en kjötið

**Verð á svína- og fuglakjöti hefur hækkað töluvert síðustu mánuði. Frá 2008 hefur almennt verðlag hins vegar hækkað meira.**




## Saka ráðherra um að brjóta samninga

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) saka Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um að koma í veg fyrir svo gott sem alla erlenda samkeppni við íslenskar landbúnaðarvörur og þar með þverbrjóta gildandi alþjóðasamninga.

„Sjálf teljum við sjálfsagt að flytja út landbúnaðarvörur, en lokum á sama tíma öllum dyrum fyrir innflutningi sem gæti lækkað verð til neytenda. Þetta er eitthvað sem verslun á Íslandi á ekki að sætta sig við,“ segir í frétt á vef samtakanna.

Þar segir að sjálfsagt sé að gagnrýna kerfi sem hafi valdið því að íslenskir neytendur búi við eitt hæsta landbúnaðarverð í heimi á sama tíma og bændur séu láglaunastétt í samanburði við flestar aðrar atvinnugreinar.

> Þegar búvörur eru 45 prósent af matarkörfu heimilanna er ekki nema eðlilegt að við beinum sjónum okkar í þessa átt.
>
> **MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU



OR hagræðir með starfslokasamningum við eldri starfsmenn og uppsögnum:

# Eldri en 62 ára hætta og fá árslaun

**ATVINNUMÁL** Yfir þrjátíu starfsmenn hafa hætt hjá Orkuveitu Reykjavíkur frá því í júní. Fimm var sagt upp á fimmtudag. Starfslokasamningar hafa verið gerðir við 25 eldri starfsmenn.

Að því er segir í tilkynningu frá OR er verið að fækka starfsfólki í hagræðingarskyni. „Skipulagið er einfaldað og stjórnendum fækkað. Þá er lögð af starfsemi sem ekki er þörf fyrir með minnkandi umsvifum. Átta störf eru lögð niður í breytingunum, á skrifstofu og verkstæðum,“ segir OR.

Þá þiggja 25 starfsmenn tilboð um flýtt starfslok. Tilboðið er gert 67 starfsmönnum sem verða 63 ára eða eldri á árinu 2011. Það gildir fyrir þennan hóp út árið 2014 en ekki þá sem verða 63 ára eftir næstu áramót.

Eigendur OR veita fyrirtækinu víkjandi lán á árunum 2011 og 2013. Það er hluti aðgerðaáætlunar sem í heild er upp á liðlega 50 milljarða króna á fram til 2016. Um 30 milljarðar af því eiga að koma úr rekstri OR með hagræðingu og eignasölu.

Breytingarnar á skipulagi OR beinast að veitustarfsemi fyrirtækisins. Um áramótin verður OR síðan skipt í tvö félög um næstu áramót í samræmi við lög sem þá taka gildi. Rekstur virkjana og sala á rafmagni verður þá í sjálfstæðu félagi. - gar



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Vinna á bug á fjárhagsvanda Orkuveitunnar með aðgerðaáætlun út árið 2016.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 7. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Fyrirtæki

## með erlendan hugbúnað til sölu

Fyrirtækið er umboðsaðili með þekktan alþjóðlegan hugbúnað, er með stöðugar tekjur og yfir 100 stór og öflug fyrirtæki og stofnanir í föstum viðskiptum.

Hentar mjög vel sem viðbót við annað fyrirtæki.

Augljósir möguleikar á meiri viðskiptum með aukinni sölumennsku.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

www.kontakt.is

globalM&A Iceland

Haukur 10.11


Nýjar reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum taka gildi um áramót:

# Telja að merkingar hækki ekki verð

**NEYTENDUR** Nýjar reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum hér á landi eiga að taka gildi um næstu áramót.

Neytendasamtökin hafa kallað lengi eftir þessum breytingum. Þau telja ósennilegt að merkingarnar leiði til hærra vöruverðs.

„Við sjáum ekki að það séu rök fyrir því að matarverð hækki. Það þarf að merkja margar af þessum vörum hvort eð er og ég geri ráð fyrir því að framleiðendurnir viti að það séu erfðabreytt hráefni í vörunum," segir Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins. Brynhildur bendir einnig á að sú umræða sem hefur átt sér stað um erfðabreytt matvæli eigi fullkomlega rétt á sér í víðu samhengi, þó að matvælin séu ekki beinlínis hættuleg.

„Ef þau væru skaðleg væru þau ekki á markaðnum. Það er tæknin sem er umdeilanleg og hagsmunir þeirra fyrirtækja sem hafa einkaleyfi á framleiðslunni," segir hún. „Ef neytendur vilja ekki svona vörur þá eiga þeir að hafa val. Það hafa allir neytendur í Evrópu nema við."



**REPJA** Fjöldi matvælaframleiðenda um heim allan notar erfðabreytt hráefni í framleiðslu sína. NORCIDPHOTOS/AFP

Fram að því hefur Ísland verið eina landið í Evrópu sem skyldar ekki framleiðendur eða seljendur til að gefa upp innihald erfðabreytts hráefnis. Frá þessu er greint í Neytendablaðinu, þar sem einnig kemur fram að margir seljendur hafa þó lýst yfir óánægju með þessar nýju reglur og segja að það gæti orðið vandamál að flytja inn erfðabreyttan mat frá Bandaríkjunum sem ekki er rétt merktur.

Samkvæmt könnun Gallup frá árinu 2005 kom í ljós að 91 prósent aðspurðra vill merkingar á erfðabreyttar vörur. Þannig liggur ljóst fyrir hver vilji íslenskra neytenda er, segir í grein Neytendablaðsins. - sv




# FYRIR ELDRI BORGARA

## Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Í Boðaþingi 24 Kópavogi eru enn til leigu nokkrar glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fimm hæða húsi með lyftu. Um er að ræða fyrri áfanga af tveimur, en alls verða íbúðirnar í húsinu 95. Úr íbúðunum er meðal annars stórkostlegt útsýni til Elliðavatns, Esjunnar og Hengilsins. Handan götunnar er hjúkrunarheimilið Hrafnista og þjónustumiðstöðin Boðinn, þar sem boðið er uppá fjölbreytta og vandaða þjónustu. Þangað er innangengt um upphitaðann tengigang.

### Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar og yfirbyggðar svalir
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Púttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði



*Reynir Björnsson og Dóra Magnúsdóttir eru ánægð í Boðaþinginu.*

# OPIÐ HÚS
## LAUGARDAG OG SUNNUDAG

**Verið velkomin í opið hús í Boðaþingi 24 Kópavogi laugardag 1. og sunnudag 2. október, milli kl. 14:00 og 17:00**

### Íbúðir með sjávarútsýni

Eigum einnig glæsilegar þriggja herbergja íbúðir með miklu sjávarútsýni og yfirbyggðum svölum að Hraunvangi við Hrafnistu Hafnarfirði.

### Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafið samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

www.hrafnista.is

Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur




**VIÐ VEIÐAR** Búast má við nokkrum samdrætti í veiðum á norsk-íslenskri síld en stórauknum veiðum á kolmunna árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ástand nytjastofna:

# Kolmunnastofn stækkað mikið

**SJÁVARÚTVEGUR** Alþjóðahafrannsóknaráðið, ICES, leggur til að veiði á kolmunna verði stóraukin á árinu 2012. Ráðið leggur hins vegar til 15 prósenta minni veiði úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þá leggur ráðið til nær óbreyttar veiðar á makríl. Þetta kemur fram í skýrslu ráðsins um ástand nytjastofna í Norðaustur-Atlantshafi sem birt var í gær.

Verði sömu nýtingaráætlunum fylgt á árinu 2012 og á þessu ári verður heimilt að veiða 833 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld og 391 þúsund tonn af kolmunna. Í ár hljóðaði ráðgjöf ICES upp á rúm 40 þúsund tonn af kolmunna. - mþl

Dæmdur á skilorð:

# Stal snyrtidóti og sló vörðinn

**DÓMSMÁL Nær þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, þjófnað og líkamsárás.**

**Maðurinn stal snyrtivörum fyrir 23 þúsund krónur í Hagkaupum í Garðabæ í apríl á síðasta ári. Hann var stöðvaður af öryggisverði þegar hann var kominn framhjá afgreiðslukassanum. Hann veittist að verðinum og kýldi hann í andlitið og líkama. Öryggisvörðurinn hlaut mar og bólgur, einkum í andliti. Maðurinn játaði brot sín.** - jss

DÓMSMÁL

### Með fölsuð vegabréf

Tveir georgískir karlmenn hafa verið dæmdir í þrjátíu daga fangelsi fyrir að framvísa fölsuðum vegabréfum á Keflavíkurflugvelli. Þeir voru stöðvaðir í brottfararsal flugstöðvarinnar en þeir voru á leið til Toronto í Kanada. Þeir framvísuðu lettneskum vegabréfum.




Krónan Árbæ · Krónan Mosó · Krónan Höfða · Krónan Granda · Krónan Akranesi · Krónan Breiðholti · Krónan Lindum · Krónan Vestmannaeyjum · Krónan Reyðarfirði · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Selfossi

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

## Challenges to Community in the Contemporary World:

### Social Capital, Diversity, and Inequality



Dr. Robert David Putnam

**Dr. Robert David Putnam** er stjórnmálafræðingur og prófessor við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Hann er öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og flytur erindi í röð öndvegisfyrirlestra á aldarafmæli skólans.

**Fyrirlesturinn fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, mánudaginn 3. október kl. 12.00 til 13.30**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Bandaríkur ríkisborgari og leiðtogi al-Kaída veginn:

# Hvatti múslima til árása

BANDARÍKIN, AP Tveir bandarískir ríkisborgarar og meðlimir í al-Kaída hryðjuverkasamtökunum voru í gær vegnir í Jemen. Bandarískar orrustuþotur gerðu árásir á bílalest mannanna.

Annar mannanna var Anwar al-Awlaki, íslamskur klerkur sem hvatt hefur til árása á Bandaríkin. Hinn hét Samir Khan. Hann hélt úti herskárri síðu á netinu þar sem hvatt var til árása.

Barack Obama Bandaríkjaforseti fagnaði í gær drápi mannanna tveggja og sagði það þungt högg fyrir al-Kaída samtökin. - bj



**VEGINN** Anwar al-Awlaki er sagður hafa skipulagt fjölmörg sprengjutilræði á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Umhverfisþing 2011

### 14. október á Hótel Selfossi

Á þinginu verður fjallað um náttúruverndarmál, þar á meðal nýútkomna hvítbók um endurskoðun náttúruverndarlaga, friðlýsingar, ferðaþjónustu, útivist, náttúruvísindi og viðmið fyrir náttúruvernd.

Heiðursgestur er Ella Maria Bisschop-Larsen, formaður Dönsku náttúruverndarsamtakanna sem fagna 100 ára afmæli í ár.

Dagskrá þingsins og nánari upplýsingar er að finna á vef umhverfisráðuneytisins.

**Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í þinginu. Skráning fer fram á www.umhverfisraduneyti.is eða í síma 545 8600.**

**Skráningu lýkur 5. október.**

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



**VERÐMÆTI UNDIR SJÁVARBOTNI** Olíufélög hafa fundið ríkar olíulindir í Norðursjó. Heildarverðmæti undir nýju svæði nemur samsvarandi upphæð og hálfur olíusjóður Norðmanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Nýtt norskt olíuævintýri

**Rannsóknir leiða í ljós að margfalt meira er af olíu á norsku svæði í Norðursjó en talið var. Heildarverðmæti jafngildir helmingi norska olíusjóðsins.**

NOREGUR „Nú erum við komnir með lykilinn að svæðinu og þurfum bara að halda áfram."

Þetta sagði Ashley Heppenstall, forstjóri olíufyrirtækisins Lundin í samtali við fjölmiðla í gær, eftir að rannsóknir fyrirtækisins leiddu í ljós að margfalt meiri olíu má vinna úr svæðinu en talið hafði verið. Fyrra mat gaf til kynna að þar mætti vinna 100 til 400 milljónir tunna af olíu, en nýjar rannsóknir gefa til kynna að þar gætu legið á milli 800 og 1800 milljónir tunna.

Í frétt Dagens Næringsliv segir að ríkisolíufélagið Statoil hafi einnig fundið gnægð af olíu á sama svæði og má samtals gera ráð fyrir allt að 2.600 milljónum tunna á svæðinu sem væri þá þriðja stærsta olíulind á norska landgrunninu.

Miðað við gengi gjaldmiðla og heimsmarkaðsverð á olíu væri heildarverðmæti olíunnar allt að 1.580 milljarðar norskra króna sem jafngildir helmingi af núverandi stöðu norska olíusjóðsins.

Það sem gerir fréttirnar enn betri fyrir Norðmenn er að lindin er á afar heppilegu svæði þar sem uppbygging ætti að taka skjótan tíma.

Miðað við áætlanir Lundin má gera ráð fyrir að vinnslukostnaður á svæðinu verði töluvert minni en á öðrum svæðum á norska landgrunninu þar sem uppbygging á sér stað. Líklega mun kostnaðurinn við hvern olíulítra verða um 10 Bandaríkjadalir á hverja tunnu, en á öðrum rannsóknarsvæðum gæti samsvarandi kostnaður numið 40 til 60 dölum.

Þrátt fyrir þessa miklu bjartsýni trúa Lundin-menn að enn muni rætast úr. Heppenstall sagðist þess fullviss að leitarteymi fyrirtækisins hitti aftur í mark og Hans Christen Rönnevik, leitarstjóri tekur í sama streng.

„Við munum bora þrjár holur á sama svæði næsta ár, og það mun koma mér verulega óvart ef við smellhittum ekki í að minnsta kosti tveimur þeirra."

thorgils@frettabladid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.

vísir


Egils
Vatn sem
bragð er af
Nýtt
Engifer
6 vítamín
Kristall
Plus
Kristall
Plus

**FRÉTTAVIÐTAL:** Jonas Gahr Störe utanríkisráðherra Noregs

# Norðmenn verða lengi að ná sér

**Utanríkisráðherra Noregs segir að umræða um viðkvæm málefni tengd hryðjuverkunum í sumar sé varla byrjuð enn í Noregi. Áleitnar spurningar, eins og til dæmis um muninn á orðum og athöfnum, verði þó að draga fram í dagsljósið og ræða í anda lýðræðisins.**

Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, segir að Norðmenn verði lengi að ná sér eftir harmleikinn í sumar þegar hryðjuverk einstaklings kostuðu nærri 70 manns lífið, flest ungmenni úr ungliðahreyfingu Verkamannaflokksins.

„Margt af þessu unga fólki þarf stuðning áfram, sumir eru enn á sjúkrahúsi og þurfa endurhæfingu. Það sem við þurfum að gera er að fylgja þessu eftir sem ein fjölskylda og veita bæði þeim sem særðust og fjölskyldum þeirra allan þann stuðning sem við getum.“

Fyrir utan þann mannlega harmleik, sem árásirnar í Ósló og á Úteyju ollu, þá er fjárhagstjónið nú metið á ríflega milljarð norskra króna, en sú fjárhæð samsvarar 20 milljörðum íslenskra króna.

Hryðjuverkamaðurinn beindi árásum sínum sérstaklega að Verkamannaflokknum, bæði ráðuneytisbyggingu í Ósló og útilegu ungliðahreyfingar flokksins í Úteyju.

„Við í Verkamannaflokknum gerum okkur alveg grein fyrir því að þetta var árás á okkur, enda fór árásarmaðurinn ekkert leynt með það. Þetta eru því auðvitað skelfileg skilaboð, en um leið gerði þetta okkur mjög ákveðin í því að gefa ekkert eftir með þau gildi, sem við höfum í hávegum, og það hvernig við nálgumst lýðræðið,“ sagði Störe.

Störe segir að umræðan í Noregi hafi farið hægt af stað eftir að þessi voðaverk voru framin fyrir rúmum tveimur mánuðum.

„Fólk hefur farið varlega og gætt sín á að snerta ekki á mjög viðkvæmum málefnum. En þetta held ég að muni breytast. Við munum fá umræður um það hvernig þessi maður gat þróað áform af þessu tagi og hvar mörkin liggja milli orða og athafna, því margir hafa sömu skoðanir og þessi maður án þess þó að fremja hryðjuverk. Ég held að við eigum að fá þessi mál fram í dagsljósið í anda lýðræðis og ræða þau.“

Störe hefur undanfarna daga verið í opinberri heimsókn hér á landi. Hann segir heimsóknina hafa nýst vel, hann hafi komið bæði til Akureyrar og Siglufjarðar, hrifist af náttúrufegurðinni og áttað sig betur á sameiginlegri sögu landanna tveggja.

„Það er alltaf eitthvað sem kemur manni á óvart á Íslandi. En það er gott,“ segir Störe.

Eitt af meginmarkmiðum heimsóknarinnar hingað var að styrkja samstarf Íslands og Noregs um málefni norðurslóða. Meðal annars var samþykkt að stofna prófessorsstöðu um málefni norðurslóða við Háskólann á Akureyri.

„Ég tel að þekkingin sé það sem við þurfum að leggja mesta áherslu á í þessum málum,“ segir Störe. Við hlökkum mikið til samstarfs við Ísland á þessu sviði og það hefur orðið að veruleika núna.“

Eins og Ísland er Noregur aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og hefur engin áform um að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Störe segist samt ekki sjá fyrir sér að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið verði endurskoðaður á næstunni, en þó hefur norsk nefnd í nærri tvö ár unnið að viðamikilli úttekt á áhrifum EES-samningsins á Noreg.

„Ég mun fyrir árslok fá í hendurnar yfirgripsmikla skýrslu frá nefndinni. Það verður yfirgripsmikil skýrsla sem ég held að gefi okkur mikilvægar upplýsingar um það hvaða þýðingu EES hefur í dag fyrir Noreg. Við fáum miklu betri mynd að því hvernig Noregur er samtengdur Evrópu í gegnum EES, og svo getum við fengið einhverjar hugmyndir um það hvernig við getum bætt samstarfið á einhverjum sviðum.

Hann segir enga knýjandi þörf til þess að gera breytingar á samstarfi Noregs við ESB eins og það gengur fyrir sig í gegnum EES-samninginn.

„En ein ástæðan fyrir því að við fengum þessa nefnd til að fara út í þessa vinnu er að hún komi með tillögur.“



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**STÖRE OG ÖSSUR** Utanríkisráðherrar Noregs og Íslands á Akureyri í vikunni.
MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Norðurslóðir verða í kastljósi heimsins

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir það táknrænt að prófessorsstaðan, sem helguð verður norðurslóðarannsóknum, verði í Háskólanum á Akureyri, því þar er helsta miðstöð norðurslóðarannsókna hér á landi.

„Við undirstrikuðum sérstaklega mikilvægi Akureyrar með því að þar hófst hin opinbera heimsókn hans. Þar tók ég á móti honum og þar verður prófessorsstaðan, kennd við norska landkönnuðinn Friðþjóf Nansen.“

Þessi staða verður einnig tengd Háskóla norðurslóða, University of the Arctic, sem starfar í öllum Norðurlandaríkjunum auk Rússlands, Kanada og Bandaríkjanna.

Ráðherrarnir samþykktu einnig að styrkja Íslendinga til vísindasamstarfs á Svalbarða, auk þess sem settur verður upp sjóður til að styrkja undirbúning í þátttöku Íslendinga í ýmsum rannsóknum á norðurslóðum.

„Það er alveg ljóst að kastljós heimsins er að beinast að norðurslóðum. Þær verða gríðarlega mikilvægar á næstu áratugum bæði vegna þess að nýjar siglingaleiðir munu opnast en líka vegna þess að bráðnun íssins mun opna svæði þar sem vitað er að miklar auðlindir er að finna, bæði olíu og gas. Við vorum hins vegar algerlega sammála um að ekki verði hægt að ráðast í vinnslu þeirra nema hafa ströngustu varúðarreglur og móðir náttúra verði á öllum stigum látin njóta vafans.“



Missti stjórn á fjórhjóli:

# Fótbraut mann á bílastæði

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært mann fyrir að fótbrjóta annan mann með fjórhjóli.

Manninum, sem er á fertugsaldri, er gefið að sök að hafa á síðasta ári ekið fjórhjóli á bílastæði í Grindavík án nægilegrar varúðar. Maðurinn missti stjórn á hjólinu með þeim afleiðingum að það prjónaði með hann. Við þetta skall annað framhjól fjórhjólsins á hægra fæti manns sem var staddur á bílastæðinu og fótbrotnaði sá við höggið. **- jss**

Medvedev útskýrir hvers vegna hann vill að Pútín verði aftur forseti:

# Segir Pútín mesta stjórnmálaskörung landsins

**RÚSSLAND, AP** „Pútín er tvímælalaust mesti stjórnmálaskörungur landsins og vinsældir hans mælast meiri,“ sagði Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti í sjónvarpsviðtali, þar sem hann útskýrði þá ákvörðun sína að bjóða sig ekki fram til forseta næsta kjörtímabil.

Þeir Vladimír Pútín forsætisráðherra komu sér saman um að Pútín byði sig fram næst, en Medvedev yrði forsætisráðherra hans.

Í viðtalinu sagði Medvedev að skoðanir þeirra og markmið færu að mestu saman, en sagði ekkert hæft í því að Pútín hefði bara notað Medvedev til að „passa fyrir sig“ forsetaembættið í eitt kjörtímabil. Á endanum væru það kjósendur sem réðu.

„Úr því að afstaða okkar er svona svipuð, ættum við þá að vera að keppa hvor við annan?“ spurði Medvedev og sagðist engan veginn hafa verið að blekkja kjósendur í fyrri yfirlýsingum, þegar hann vildi ekki útiloka það að bjóða sig fram aftur.

Pútín var forseti Rússlands í tvö kjörtímabil áður en Medvedev tók við embættinu, en samkvæmt stjórnarskrá má enginn sitja lengur en tvö kjörtímabil samfleytt í embætti forseta. Ekkert bannar Pútín hins vegar að sækjast eftir embættinu á ný eftir að hafa setið hjá í eitt kjörtímabil. **- gb**



**DMITRÍ MEDVEDEV** Segir ástæðulaust að keppa við Pútín, þar sem skoðanir þeirra eru svo líkar. NORDICPHOTOS/AFP



**TÖFLUR Á FÆRIBANDI** Markaðssetning Actavis á nýju samheitalyfi þykir nokkuð flóknari en önnur.

Risamarkaðssetning Actavis:

# Þrjátíu milljón töflur á markað

**VIÐSKIPTI** Verksmiðja Actavis á Möltu hefur sett rúmlega þrjátíu milljón töflur af samheitalyfinu Olanzapine á markað í Evrópu. Einkaleyfi lyfsins Zyprexa frá Eli Lylly við geðklofa og geðhvarfasýki féllu úr gildi í vikunni.

Þetta er stærsta markaðssetning Actavis. Lyfið er þróað af Actavis í Hafnarfirði en framleitt á Möltu.

Samkvæmt upplýsingum frá Actavis er markaðssetning lyfsins Olanzapine frábrugðin sölu annarra lyfja og nokkuð flóknari að því leyti að lyfið getur farið til nokkurra landa í mismunandi styrkleika og nokkrum pakkastærðum. **- jab**

Nýr forstjóri Bankasýslunnar:

# Páll Magnússon ráðinn forstjóri

**ATVINNA** Páll Magnússon, bæjarritari Kópavogsbæjar, hefur verið ráðinn forstjóri Bankasýslu ríkisins. Hann tekur við starfinu af Elínu Jónsdóttur, sem gegnt hefur starfi forstjóra frá því að stofnunin hóf störf í ársbyrjun 2010. Páll hefur meðal annars gegnt stöðu bæjarritara hjá Kópavogsbæ og hefur jafnframt verið staðgengill bæjarstjóra.



**PÁLL MAGNÚSSON**

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálastofnunum. **- sv**

## DÓMSMÁL

### Stúlka stal úr Lyfju

Stúlka um tvítugt hefur verið dæmd fyrir þjófnaði í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi. Hún stal snyrtivörum í Lyfju í Kópavogi fyrir tæplega 23 þúsund krónur. Þá braust hún inn í íbúð í Reykjavík og stal þaðan ýmsum tækjum.

### Átti 168 kannabisplöntur

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt mann á fimmtugsaldri í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir að hafa í vörslu sinni 168 kannabisplöntur, sem hann ræktaði og tæplega 286 grömm af kannabislaufum.


www.pwc.com/is

Vinnum saman gegn launamun kynjanna

Samkvæmt *jafnréttislögum* ber að greiða körlum og konum jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. *Jafnlaunaúttekt PwC* gefur upplýsingar um *raunverulegan launamun* kynjanna hjá þínu fyrirtæki.

Jafnlaunaúttekt PwC

*Eftirtalin fyrirtæki hafa fengið jafnlaunamerki PwC*

Landsvirkjun

VÍS

Ölgerðin Egill Skallagrímsson



pwc

Hafðu samband við Fyrirtækjaráðgjöf PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S. 550 5300

PwC á Íslandi er framsækið og taust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.


öll verkfæri
rafmagns og handverkfæri
20-50%
afsláttur*
aðeins um helgina
HITACHI
WORX
ÚTSÖLU
LÝKUR UM HELGINA
Öll smáraftæki
20%
afsláttur*
13.520
16.900
Electrolux ryksuga
1800W.
1805285
öll ljós
20-40%
afsláttur*
3.992
4.990
Loftljós Athena
Gler.
6000696
Flísamarkaður Skútuvogi
20-70%
afsláttur
verð frá
499kr/m²
Útivistar fatnaður
20-60%
afsláttur
8.990
12.900
Vermireitur
604205
Matastell
2009089
Búsáhöld
50-70%
afsláttur
3.196
7.990
203 ltr.
ORKUNÝTING A+
5 ára ábyrgð
Frystikistur frystiskápar
20%
afsláttur
59.120
73.900
Frystikista
C215. H-84.5cm.B-94cm.D-55cm.
1805482
Hreinlætistæki
15-70%
afsláttur
Skjólveggir
20-30%
afsláttur
Pylsa eða pizza
og kók 199kr
Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.
Ís
aðeins
99kr
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
ÚTSALA gildir ekki af vörum merktum
" Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum
á hverjum tíma.


ALLAR VÖRUR
Í BLÓMAVALI
20-70%
afsláttur
aðeins um helgina
Gildir ekki af matvöru og tilboðum.
ÁRSINS!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
TULIPA
NARCISSUS
CROCUS
Loforð um litríkt vor...
Allir haustlaukar
20%
afsláttur
3 stk.
ERIKA og caluna
veljið sjálf
1.299kr.
Tilboð!
10 stk
Rósir
ferskar og fallegar!
1.490kr.
Silkiblóm
30-70%
Garðstyttur
30-50%
Skreytingaefni
50-70%
Blómapottar
30-50%
...og margt fleira
Útipottar
30-50% afsl.
Bastkörfur
30-70%
blómaval
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sláandi tölur um lestrarfærni reykvískra unglinga:

## Gagn og gaman

Það er vissulega sláandi mynd af lestrarkunnáttu unglinga sem birtist í skýrslu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar um úrræði sem stuðla að auknum námsárangri drengja í grunnskólum.

Nærri fjórðungur fimmtán ára pilta í grunnskólum borgarinnar les sér ekki til gagns og það sama á við um tæplega 10 prósent jafnaldra stúlkna. Þessi ungmenni hafa flest hver tök á þeirri tækni sem er undirstaða lestrar, þ.e. geta raðað bókstöfum saman í orð, en tekst ekki að sækja sér þann fróðleik eða skemmtun sem textinn býður upp á.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Það er freistandi og auðvitað alls ekki út í hött að velta því fyrir sér hvað megi betur fara í skólunum. Hvers vegna tekst ekki að kenna börnunum að lesa þannig að þau hafi af því gagn, og einnig gleði sem kannski er ekki minna um vert.

Fram hefur komið að lestrarkennsla hefur þróast talsvert undanfarinn tæpan áratug. Ungmennin sem þessar tölur eiga við um nutu ekki þeirrar þróunar, þannig að ætla má að árangur þeirra barna sem á eftir koma verði betri.

Hitt er svo annað að þegar fjallað er um lestrarkunnáttu barna og ungmenna og getu þeirra til að hafa gagn og gaman af því sem þau lesa á ekki og má ekki líta framhjá því sem gerist á heimilum barnanna.

Allir vita hversu miklu skiptir að lesa upphátt fyrir börn. Það eflir ekki bara málþroska þeirra heldur býr þau undir lestrarnám. Sömuleiðis skiptir máli að tala saman um það sem lesið er; gefa barninu kost á að deila reynslu sinni af lestrinum með öðrum. En það er kannski ekki alveg nóg.

Foreldrar eru framan af ævi aðalfyrirmyndir barna sinna og það skiptir miklu máli að þeir hafi lestur fyrir börnum sínum.

Börn sem búa við að fullorðið fólk í kringum þau lesi og tali saman um það sem það les eða upplifir í lestri hljóta að öllum jafnaði að vera líklegri til að hafa áhuga á að kynnast þeim heimi sem býr bak við stafina en þau börn sem hafa ekkert slíkt fyrir sér í sínu daglega lífi.

Áreiti á börn er vissulega meira nú, þegar möguleikarnir á dægradvöl eru mun fleiri en þeir voru bara fyrir fáeinum áratugum þegar lestur bóka og blaða var dægradvöl sem lá mun betur við en nú. Barnaefni má finna í sjónvarpi daginn langan og flest börn hafa aðgang að margs konar tölvuspilum sem vissulega krefjast mörg talsverðrar einbeitingar en yfirleitt engrar lestrarkunnáttu.

Lestur og lesskilningur er sem fyrr lykillinn að allri þekkingu og þannig grundvallarþáttur í því að vera upplýstur. Nú þegar afþreyingin sem hafa má af lestri vegur ekki eins þungt og áður hlýtur að reyna meira bæði á heimili og skóla að kynna börnum þann heim sem opnast með lestrarkunnáttu og gera lesturinn eftirsóknarverðan, og þá ekki síst piltum, sem standa jú mun verr en stúlkurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Námskeið fyrir fólk í makaleit**

Á námskeiðinu er farið í hvar og hvernig megi kynnast öðrum, samræðulist, líkamstjáningu, mörk, kynlíf, samskipti kynjanna og fleira. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstyrkingu og að uppræta mögulegar hindranir á sviði náinna tengsla.



Námskeiðið hefst 18. október nk. og stendur yfir í átta vikur, alls 18 klst. Stjórnendur
námskeiðs eru dr. Gyða Eyjólfsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á www.salarafl.is og www.kms.is en skráning og fyrirspurnir fara fram á salarafl@salarafl.is og kms@kms.is.

Sálarafl KMS




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Beint eða óbeint

Síðustu ár hafa einkennst af þrá eftir lausnarorðum. Eitt af andsvörunum við þessari þrá er hugtakið beint lýðræði. Kjósendur gera þá sjálfir út um einstök mál í stað þjóðkjörinna fulltrúa. Almennt er gengið út frá því sem vísu að slík breyting sé stjórnarbót. Fátítt er að sjá samanburð á þessum tveimur formum lýðræðis og mat á því hvernig hagsmunum almennings er best skipað í raun og veru.

Efasemdum um þjóðaratkvæðagreiðslur sem lausn á stjórnskipunarvanda landsins er yfirleitt svarað með spurningu: Treysta menn ekki fólkinu? Svarið er afdráttarlaust: Jú. Rökræðum er lokið. Þessi einfalda afgreiðsla breytir samt ekki þeim veruleika að málið er flóknara þegar það er brotið til mergjar. Álitaefnin snúast ekki um traust stjórnmálamanna á kjósendum. Almennir borgarar geta einfaldlega séð hag sínum betur borgið með því að velja fulltrúa til að taka einstakar ákvarðanir.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þjóðaratkvæðagreiðslur geta haft margvíslegan tilgang. Einn er sá að færa kjósendum löggjafarvaldið í ríkum mæli eins og nú er rætt mest um. Annar er sá að takmarka vald Alþingis í nánar skilgreindum málum. Samþykktir þess þurfa í þeim tilvikum staðfestingar þjóðarinnar. Þriðji er sá að vernda minnihlutann fyrir ofríki meirihlutans. Minnihluti þingmanna getur þá, ef hann telur gjá hafa myndast milli þings og þjóðar, skotið máli til endanlegs úrskurðar hennar.

Gildandi stjórnskipunarreglur eru ófullkomnar að því er varðar alla þessa þrjá þætti.

### Áhöld

Margt mælir með því að hafa ákvæði um þjóðaratkvæði til að takmarka vald Alþingis þegar tiltekin mál eru til meðferðar og styrkja minnihlutann. Um hitt eru meiri áhöld hvort færa á löggjafarvaldið í ríkum mæli frá Alþingi. Þar þarf að huga að ýmsum viðmiðum og gildum sem ekki verða slitin frá lýðræðishugtakinu sjálfu og verða óhjákvæmilega víkjandi í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Þekking og yfirsýn eru grundvallaratriði varðandi allar lýðræðislegar ákvarðanir. Á fulltrúaþingum ná aldrei allir að kynna sér einstök mál til hlítar. Þetta er því erfiðara þegar öll þjóðin tekur ákvörðun. Miðlun upplýsinga er að sönnu meiri en áður en að sama skapi er hún yfirborðskenndari.

Skilvirkni er eitt þessara viðmiða. Það skiptir almenning miklu máli að stjórnskipunarkerfið sé skilvirkt. Ákvörðunartaka þarf að ganga greiðlega fyrir sig. Eftir því sem þjóðfélagsaðstæður kalla á fleiri lagaákvarðanir hefur þetta meiri þýðingu. Segja má að þessi krafa sé einmitt sterkari í ljósi aukins hraða og meira upplýsingaflæðis.

Málamiðlun er hluti af lýðræðinu og þar af leiðandi viðmið sem þarf að hafa í huga. Möguleikinn á að taka tillit til álita minnihlutahópa og tengja saman ólík viðhorf er ekki fyrir hendi í þjóðaratkvæði með sama hætti og málsmeðferðarreglur þjóðþinga tryggja. Ofríki meirihlutans hefur verið viðfangsefni allar götur frá tímum grísku stjórnspekinganna. Fulltrúalýðræðið mildar það en beina lýðræðið skerpir það.

Ábyrgð er mikilvægt viðmið sem ekki má verða viðskila við lýðræðið. Þegar þjóðin tekur ákvarðanir í öllum mikilvægustu málum getur hún ekki kallað neinn til ábyrgðar. Það er aðeins unnt gagnvart kjörnum fulltrúum. Ábyrgðin er öryggisnet í lýðræðisskipulaginu. Þegar ekki er unnt að gera þá ábyrga sem ákvarðanir taka hverfur þetta öryggisnet.

### Á beinið

Bein ákvarðanataka kjósenda er meira lýðræði í þeim skilningi að þeir sem valdið er sótt til taka sjálfir fleiri ákvarðanir. En hvort það er betra lýðræði er annað mál sem ekki verður mælt með tölfræði einni saman. Þau viðmið og gildi sem víkja við þjóðaratkvæðagreiðslur lúta að almannahagsmunum. Mestu máli skiptir að kjósendur viti vel hvað þeir fá og sé ljóst hvað þeir missa. Hér verður ekki bæði sleppt og haldið.

Með beinu lýðræði eru meiri möguleikar fyrir stjórnmálamenn að sitja á hefðartindi stjórnmálanna án þess að axla þá ábyrgð sem því fylgir að taka ákvörðun í stærstu málum. Það er þægilegra fyrir stjórnmálamennina. Áhugi þeirra er því skiljanlegur. En er víst að kjósendur telji það til bóta?

Samhliða tillögum um að auka beint lýðræði hefur þegar verið heimilað að fjölga ráðherrum um helming og tvöfalda tölu borgarfulltrúa. Þá eru tillögur frá stjórnlagaráði um að fjölga þeim sem sitja á Alþingi úr 63 í allt að 79. Rökrétt hefði verið að fækka ráðherrum og þingmönnum að óbreyttu en verulega eftir því sem beint lýðræði verður virkara.

Í þessu ráðlagi eru svo mögnuð öfugmæli að ekki er einu sinni unnt að hafa getsakir um hvað býr að baki, hvað þá heldur að finna þeim skynsamlegar skýringar. Þingmenn hafa farið á beinið fyrir minni rökvillur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PETER VAN HOLLAND
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru!
nýjar sendingar af yfirhöfnum, jakkafötum og peysum
30-70%
afsláttur af öllum herravörum
60%
afsláttur af öllum barnavörum frá
nýtt
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
70%
afsláttur af öllum kvenvörum
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
ath. opið sunnu-dag
SAND HUGO BOSS RALPH LAUREN
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
THE HALLGRÍMSKIRKJA MOTET CHOIR

LJÓSIÐ ÞITT LÝSI MÉR

TÓNLEIKAFERÐ OKTÓBER 2011 / CONCERT TOUR OCTOBER 2011

02.10.2011 REYKJAVÍK, IS
17:00 PM HALLGRÍMSKIRKJA, SKÓLAVÖRÐUHOLTI, 101 REYKJAVÍK
TEL. [+354] 510 1000. ADMISSION: 2500 ISK / 2000 ISK

09.10.2011 PASSAU, DE
17:00 PM KIRCHE ST NIKOLA

11.10.2011 SALZBURG, AT
19:00 PM EVANGELISCHE CHRISTUSKIRCHE IN SALZBURG

13.10.2011 FRANKFURT, DE
20:00 PM KAISERDOM FRANKFURT, DOMPLATZ

SACRED MUSIC BY ACCLAIMED ICELANDIC COMPOSERS
AND WORKS BY J.S. BACH AND ERIC WHITACRE

STJÓRNANDI / CONDUCTOR: HÖRÐUR ÁSKELSSON

THE FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY HALLGRÍMSKIRKJA · GESELLSCHAFT DER MUSIKFREUNDE PASSAU · DIE EVANGELISCHE PFARRGEMEINDE A.U.H.B. SALZBURG · FRANKFURTER DOMKONZERTE · FABULOUS ICELAND, GUEST OF HONOR AT THE 2011 FRANKFURT BOOK FAIR
listvinafelag.is - motettukor.is - facebook.com/motettukor



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir


# „Volaða land“

Stjórnmál




**Sverrir Hermannsson**
fyrrverandi alþingismaður


Einhverju sinni er illa lá á séra Matthíasi orti hann ljóð, þar sem hann bar fósturjörð sinni ófagra söguna. Kvæðið hófst á fyrirsögn þessa greinarstúfs.

Það hefir að vísu hent fleiri að hreyta illyrðum þegar á móti blæs. Ritstjóri Morgunblaðsins, sem um áratuga skeið hafði lagt þjóðinni lífsreglurnar, lýsti þjóðfélagið ógeðslegt í yfirheyrslum Rannsóknarnefndar Alþingis. Sem vonlegt var þótti honum of margt hafa úrskeiðis gengið við hið mikla hrun síðla árs 2008, og má ýmislegt nefna, sem til þess dró.

Við brotthvarf Halldórs Ásgrímssonar frá formennsku í Framsóknarflokknum uppgötvaði ritstjórinn og blað hans hver væri grænstur fyrir þann flokk. Það væri Finnur Ingólfsson, sem hefði sýnt og sannað ágæti sitt í stjórnmálum og öðrum umsvifum í þjóðfélaginu. Dró Morgunblaðið ekkert af sér; birti hálfsíðu mynd af kappanum; langt viðtal og jós hann maklegu lofi fyrir vasklega framgöngu í skrautlegu lífshlaupi. Voru þó fæst frægðarverkin til tínd í blaðinu. Af nógu var þó að taka.

Finnur hafði reynzt fylginn sér við einkavæðingu bankanna og kom sér og sínum þar vel fyrir. Sýndi sig þar fórnarlund hans í þágu þverandi stjórnarflokka. Myndi sú skipan mála fleyta þeim gegnum brim og boða fjármála um ófyrirsjáanlega framtíð. Sjálfur tók Finnur að sér, ásamt nánum sálufélögum, að losa Landsbankann við hálfan hlut í Vátryggingarfélaginu, til „rimelige priser“, með aðstoð að vísu bankaráðs bankans undir forystu Helga horska og varaformannsins Kjartans Gunnarssonar, og ávaxtaði þann greiða svo rösklega að hann gaf af sér 25 milljarða króna innan þriggja ára.

Þá hafði Finnur forgöngu um að bjarga 30 milljarða króna óreiðufé hinna framliðnu Samvinnutrygginga frá því að verða veðri og vindum að bráð.

Auðvitað hafði Finnur margt lært af Halldóri Ásgrímssyni. Um Halldór sagði Illugi Gunnarsson, núverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í Fréttablaðinu sunnudaginn 18. júní 2006: „Halldór er búinn þeim eiginleikum að þeir sem kynnast honum skynja að þar fer óvenju vandaður og heill maður.“

Til dæmis lærði Finnur af Halldóri aðferð í fjármálum sem 111 útrásarvíkingar eru taldir hafa haft að fyrirmynd, að stofna félag án allrar ábyrgðar, nota síðan aðstöðu sína til að afla því félagi ómældra fjárfúlga og vísa síðan skuldheimtumönnum, í flestum tilfellum bönkum, á eigna- og ábyrgðarlaust félagið. Þannig stofnaði fyrirtæki Halldórs á Höfn í Hornafirði félagið „Mónu“ sem eignuð voru tvö ónýt skipsræksni. Síðan slógu áhrifamenn Landsbankann um milljarða króna, keyptu svo fiskveiðiheimildir fyrir féð á því verði sem upp var sett. Mátti svo Landsbankinn afskrifa milljarða króna þegar þar að kom að lán féllu í gjalddaga.

Þessa snilld notfærði Finnur sér, stofnaði félag án ábyrgðar eða eigna, sló bankann um fé og lét félagið að því búnu greiða sér arð kr. 388 milljónir. Svo hirti bankinn félagið.

Um þessi heilindi og framsækni í fjármálum var Morgunblaðinu og ritstjóra þess fullkunnugt, enda brauzt það um á hæl og hnakka að Finnur yrði kosinn formaður hins skilningsríka samstarfsflokks Sjálfstæðisflokksins. En menn skildu ekki sinn vitjunartíma. Því fór sem fór að allt fór yfirum.

> Um þessi heilindi og framsækni í fjármálum var Morgunblaðinu og ritstjóra þess fullkunnugt, enda brauzt það um á hæl og hnakka að Finnur yrði kosinn formaður hins skilningsríka samstarfsflokks Sjálfstæðisflokksins. En menn skildu ekki sinn vitjunartíma. Því fór sem fór að allt fót yfirum.

Er furða að áhrifamönnum verði bumbult og kalli slíka skynvillinga ógeðslega.

Og volaða landið hans séra Matthíasar gekk aftur:

*Volaða land,*
*horsælu hérvistar slóðir,*
*húsgangsins trúfasta móðir,*
*volaða land!*




## Með Herjólfi í vetur milli lands og Eyja – fjórar ferðir alla daga

Alla daga vikunnar:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Frá Vestmannaeyjum | 08:00 | 11:30 | 15:30 | 20:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 10:00 | 13:00 | 19:00 | 21:30 |

Ef ekki er hægt að sigla um Landeyjahöfn verður fyrsta ferð þann dag ávallt um Þorlákshöfn og síðan tvær ferðir seinnipartinn um Landeyjahöfn ellegar ein ferð til Þorlákshafnar ef ófært er um Landeyjahöfn.

Ákvörðun um hvort ferðir nr. 3 og 4 verði farnar í Landeyjahöfn eða ferð nr. 2 í Þorlákshöfn verða teknar fyrir kl. 11 á hverjum morgni. Farþegar sem eiga bókað verða látnir vita af öllum breytingum með SMS og tölvupósti.

Upplýsingar um bókanir í ferðir Herjólfs fram í tímann og ferðir hans á stórhátíðum er að finna á heimasíðu skipsins: herjolfur.is

Eftir 1. október verður eingöngu hægt að bóka í 2 ferðir milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar fram í tímann á meðan vetraráætlun gildir. Um er að ræða fyrstu og þriðju ferð. Þær bókanir gilda síðan í Þorlákshöfn ef ekki er siglt í Landeyjahöfn. Í lok hverrar viku á föstudögum kl. 15:00 er opnað fyrir bókanir í aðrar ferðir vikunnar á eftir ef Landeyjahöfn er áfram opin. Hægt verður að bóka ferðir fram til 20. desember. Áætlun yfir jól og áramót verður kynnt fljótlega.

HERJÓLFUR
MILLI LANDS OG EYJA

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.herjolfur.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Alicante
## um jólin með VITA
## Ekki fara í jólaköttinn!

### Beint flug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

*Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.*

**Beint flug með Icelandair**

Flugsæti, verð frá

**74.900 kr.**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Eingöngu er hægt að bóka útflug 22. des. og heimflug 2. jan.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51384 09/10






# Dóttir og systir lögreglumanna

Kjaramál

Sandra Jónasdóttir

íþrótta- og heilsufræðingur



Hugurinn reikar mörg ár aftur í tímann þegar ég var lítil stelpa og pabbi starfaði sem lögreglumaður. Minningarnar streyma fram. Ég man eins og það hafi gerst í gær þegar hann var keyrður heim af vinnufélögum sínum, hann skalf svo mikið að mamma þurfti að klæða hann úr fötunum með hjálp þeirra. Þau hjálpuðust svo að við að koma honum ofan í heitt baðið því hendur hans létu ekki að stjórn sökum kulda. Ég varð hrædd en á sama tíma stolt af pabba mínum því hann hafði bjargað manni frá drukknun. Maðurinn hafði ætlað að svipta sig lífi og pabbi minn lagði sig í hættu með því að stinga sér á eftir honum út í sjó. Ég man daginn sem pabbi kom heim eftir nokkurra daga vinnu við að bjarga fólki í Vestmannaeyjagosinu. Ég man þegar við fjölskyldan þurftum að yfirgefa heimili okkar vegna þess að okkur var hótað lífláti, þá vann pabbi í fíkniefnadeildinni.

Ég var nýkomin með bílpróf þegar ég sótti litla bróður minn í bíó. Þegar við komum að heimili okkar hafði bíl verið ekið í gegnum garðinn og á húsið okkar. Þarna var veikur einstaklingur að verki, hann var vopnaður hnífi og reyndi að drepa pabba minn. Til allrar hamingju var pabbi stór og sterkur, náði að yfirbuga manneskjuna og slapp með smá skurði. Ég var í heimavistarskóla á þessum tíma og dreymdi lengi á eftir að þessi manneskja myndi elta mig uppi. Á svipuðum tíma fengu foreldrar mínir hótun um að yngri bróður minn yrði drepinn, hann var þá sjö ára. Ég man að mamma þurfti að hætta að vinna því það mátti ekki líta af honum.

Ég gekk með mitt fyrsta barn þegar annar veikur einstaklingur bankaði upp á á heimili okkar. Þegar ég kom til dyra var hurðinni þrykkt upp og mátti minnstu muna að ég fengi hurðina í magann en þá var ég gengin með barnið á níunda mánuð. Pabbi hafði reynt að hjálpa þessum einstaklingi og þetta voru fylgikvillarnir.

Pabbi hætti að starfa sem lögreglumaður þegar hann varð sextugur (kannski sem betur fer því mér er annt um heilsu hans) og var þá kominn í yfirmannsstöðu. Mánaðarlaun hans verða ekki gefin upp hér en það var bæði hægt að hlæja og gráta yfir þeim.

Systir mín útskrifaðist seinna sem lögreglumaður. Ég man þegar við ætluðum að kíkja út á lífið saman fyrst eftir að hún útskrifaðist. Við vorum ekki komnar á dansgólfið þegar dauðadrukkinn einstaklingur vatt sér að henni og hellti yfir hana blótsyrðunum því að hún hafði stöðvað hann fyrir of hraðan akstur. Ég man líka þegar hún þurfti að bíða lengi eftir niðurstöðum úr blóðmælingu því að hún hafði verið bitin af einstaklingi sem var með lifrarbólgu.

Það er vafalaust mjög margt gefandi við það að starfa sem lögreglumaður en ég held að við þurfum ekki að efast um það að álagið er mikið hjá þessari stétt og ekki aðeins á lögreglumönnum sjálfum heldur fjölskyldum þeirra líka. Ég lít upp til lögreglumanna og styð þá af fullum hug í baráttu sinni fyrir betri launakjörum.

HEILL heimur

VERTU SÓLARMEGIN Í LÍFINU

RÁÐSTEFNA UM D-VÍTAMÍN

Föstudaginn 21. október, kl. 08.30-13.00, á Reykjavík Natura



Dr. Holick er margverðlaunaður fyrir rannsóknir sínar á D-vítamíni og þykir einkar líflegur fyrirlesari.

*„Ef þú vilt öðlast nýja sýn á sól og D-vítamín þá getur það breytt heilsu þinni og lífi á áhrifaríkan hátt“ .*
The Vitamin D Solution - Dr. Holick

| | |
|---|---|
| 8.30 | **Setning** |
| | Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Landlæknisembættinu |
| 8.40 | **Stutt og laggott í D dúr** |
| 8.45 | **D-vítamínbúskapur fullorðinna Íslendinga** |
| | Prófessor Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir innkirtlasjúkdómad. LSH |
| 9.15 | **ABC en ekkert D!** |
| | Kolbeinn Guðmundsson, sérfr. í efnaskipta- og innkirtlasjúkd. barna |
| 9.45 | **Vitundarvakning á norðurslóðum** |
| | Anna Þóra Ísfold, meistaranemi í Lýðheilsuvísindum við HÍ |
| 10.05 | **Morgunverður** |
| 10.30 | **Þarf að D-vítamínbæta íslensk matvæli?** |
| | Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við matvæla- og næringarfr.deild HÍ |
| 11.00 | **Er ég D í fortíð sé** |
| | Haraldur Magnússon, osteópati, B.Sc. (hons) |
| 11.30 | **The D-lightful Vitamin D For Your Health** |
| | Dr. Michael F. Holick, Ph.D., M.D., Professor of Medicine, Physiology and Biophysics at Boston University |
| 12.30 | **Pallborðsumræður** |
| 13.00 | **Ráðstefnuslit** |

Fundarstjóri: Friðfinnur Hermannsson, EMPH og ráðgjafi hjá Capacent

Nánari upplýsingar á www.heillheimur.is
Skráning á heillheimur@heillheimur.is eða í síma 864-0981

LÝSI · heilsa -hafðu það gott · FLÚÐA SVEPPIR · Brúnegg · ora · matís · Bio-Bú · FYLGIFISKAR Svarið við spurningu dagsins

# Þýskaland – blómstrandi landslag

Þýskaland

Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Á tímum þegar fjölmiðlar hræða okkur upp úr skónum með vondum fréttum af fjármálamörkuðum og yfirvofandi heimsendi er upplífgandi að fá góðar fréttir öðru hvoru. Góðu fréttirnar berast akkúrat núna frá Þýskalandi þar sem haldið er upp á dag þýskrar einingar, þriðja október. Þar ríkir, þrátt fyrir allt, bjartsýni. Samkvæmt skoðanakönnun, sem Allensbach-stofnunin gerði fyrir tveimur vikum, hafa Þjóðverjar ekki verið jafn áægðir með lífið í langan tíma.

Ánægjan er ekki úr lausu lofti gripin, frekar en annað í sameinuðu Þýskalandi. Árið 2002 kallaði tímaritið Economist Þýskaland „hinn veika mann Evrópu“ því þar einkenndist allt af hiki og ráðaleysi. Þjóðverjar væru að missa af efnahagslestinni. Átta árum síðar telst Þýskaland, samkvæmt lista World Economic Forum, vera eitt af samkeppnishæfustu ríkjum heims. Þess má raunar geta að svo skemmtilega vill til að af tíu efstu ríkjum á þessu lista eru sex Evrópusambandsþjóðir: Svíþjóð, Danmörk, Þýskaland, Finnland, Holland, Bretland. Þegar samkeppnishæfni er mæld er einkum miðað við nýsköpun í atvinnulífinu, innviði samfélagsins, menntakerfi, atvinnu- og fjármálamarkað.

Þýskaland státar nú af einum mesta hagvexti í Evrópu og atvinnuleysi í september mældist 6,6%. Það hefur ekki verið lægra í 20 ár. Til samanburðar má geta þess að í Bandaríkjunum er atvinnuleysi yfir 9%. Árangur Þjóðverja hefur vakið mikla athygli og eins og von er. Talað er um nýtt Wirtschaftswunder, nýtt efnahagsundur. Hið sameiginlega Þýskaland er orðið að fyrirmyndarlandi. Í erlendum fjölmiðlum er ekki bara skrifað, af mikilli aðdáun, um þýsku efnahagsvélina, sem er drifin áfram af litlum og meðalstórum fjölskyldufyrirtækjum, heldur líka um hið félagslega jafnvægi í Þýskalandi, lífsgæði og farsæla pólitík sem snýst sífellt um það að miðla málum.

Þar að auki er Þýskaland rómað fyrir sitt öfluga menningarlíf. Höfuðborgin Berlín er ein helsta menningar og menntaborg álfunnar. Jafnvel þótt víðar væri leitað. Margt bendir til að Berlín sé að taka við New York sem höfuðstaður skapandi lista í heiminum. Og Þýskaland er orðið eitt stærsta ferðamannaland í heimi. Á síðasta ári komu þangað 60 milljónir ferðamenn.

Allt þetta hefur orðið til þess að til Þýskalands liggur nú stríður straumur fólks alls staðar úr heiminum, en einkum frá Spáni og Ítalíu, sem vill læra þýsku og reyna svo fyrir sér. Meirihlutinn er stúdentar eða menntafólk sem hefur annað hvort misst vinnuna eða óttast að það gerist: verkfræðingar, arkitektar, efnafræðingar, lögfræðingar, tölvunarfræðingar.

Í nýjasta tölublaði af Die Zeit er ítarleg umfjöllun um Þýskaland sem fyrirheitna landið. Þar er meðal annars rætt við Lauru Lucchini sem er 33 ára og flutti frá Tórínó til Berlín fyrir þremur árum. Hún segist ekki hafa séð neina framtíð á Ítalíu því landinu sé stjórnað af körlum á sjötugsaldri. Ungar konur hafi þar ekkert opinbert hlutverk nema sem „Berlusconi-dúkkur“. Í Þýskalandi segist hún njóta frelsis og öryggis. Hún talar um félagslegt jafnvægi og þá tilfinningu að í Berlín snúist ekki allt um atvinnu og það að lifa af, heldur um gott líf. Þýskir Zeitlesendur hljóta að hafa glaðst yfir því að Ítali flytji til Þýskalands í leit að góðu lífi til að njóta.

Að sjálfsögðu hefur hinn ótrúlegi árangur Þjóðverja, á þeim tuttugu árum sem sameinað Þýskaland hefu verið til, ekki orðið til af sjálfum sér. Í frægri sjónvarpsræðu sem Helmuth Kohl hélt 1990, þar sem hann kynnti meðal annars sameiginlegan gjaldmiðil í aðdraganda sameiningar þýsku ríkjanna, sagðist hann sjá fyrir sér „blómstrandi landslag“ (blühende Landschaften) í Austur-Þýskalandi og Þýskalandi öllu. Óhætt er að segja að það hafi gengið eftir, þótt leiðin hafi verið þyrnum stráð á köflum og seinfarin.

Margir rekja efnahagsundrið þýska meðal annars til rótækra umbóta, Agenda 2010, á atvinnumarkaði og í hinu félagslega kerfi. Stjórn Schröders og Fischers kom þeim á árin 2004 og 2005. Þær miðuðu að því að gera þýskt atvinnulíf sveigjanlegra og samkeppnishæfara. Þaðan var meðal annars tekin upp sú stefna, ættuð frá New Deal-kenningu Roosevelts, að farsælla sé að hafa fólk í ríkisstyrktum hlutastörfum en alfarið atvinnulaust á bótum.

Annar lykill að efnahagsundrinu er sú mikla rækt sem Þjóðverjar hafa lagt við iðnfyrirtæki og háþróaða fagmenntun. Það hefur skapað ótal þýskum fyrirtækjum mikið forskot á heimsmarkaðnum. Þjóðverjar létu aldrei ginnast af þeirri hugmynd að hægt væri að halda uppi heilu þjóðfélögunum með fjármálaviðskiptum.

Í þriðja lagi hafa Þjóðverjar verið tilbúnir að leggja á sig sameiginlegar byrðar þegar á þurfti að halda: skattahækkanir, bremsur á launahækkanir, hlutstörf í stað 100% starfa.

Vandi þýskra stjórnvalda snýst ekki lengur um sameiningu þýsku ríkjanna og afleiðingar hennar, heldur um hlutverk Þjóðverja í heiminum. Þeim er ætlað að bjarga skuldsettum ríkjum og evrunni en eru í leiðinni þeir sífellt minntir á að þeir eigi að halda sig sem mest til baka og að þeir megi ekki ráða neinu. Umræðan er á köflum mótsagnakennd og fjandsamleg. Það er erfið staða að vera í. Um leið og Þjóðverjum er óskað til hamingju með einingardaginn, skal á það minnt að Þjóðverjar eru ein raunbesta vinaþjóð Íslendinga ásamt Norðurlandaþjóðunum. Íslendingar ættu að rækta þann vinskap.



# Afmælistilboð Dorma




Sængurverasett
kr. 4.390,-
2 fyrir 1
KOMDU NÚNA



Fyrstir koma,
fyrstir fá!
400 sett.

Ilmur mánaðarins
-25% afsl.
EKTA
HAUSTILMUR




YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Góðar kantstyrkingar
- 100% bómullaráklæði
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir

AFMÆLISTILBOÐ!
N.Rest 160x200
kr. 99.900,-
Hlífðardýna og lak
FYLGIR FRÍTT
KOMDU NÚNA



## Afmælistilboð

### Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 59.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 75.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 79.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

# Opið alla helgina

## Ribbed handklæði

Riffluð handklæði, til í þremur litum.

**2 fyrir 1**

- Baðhandklæði kr. 1.790,- (70 x 140 cm)
- Handklæði kr. 270,- (30 x 50 cm)
- Þvottapoki kr. 129,- (15 x 21 cm)





## Dorma handklæði

Mjúk og góð handklæði, til í átta litum.

**Afmælistilboð**

- Baðhandklæði kr. 999,- (70 x 140 cm)
- Handklæði kr. 499,- (50 x 100 cm)
- Þvottastykki kr. 99,- (30 x 30 cm)
- Baðmotta kr. 999,- (85 x 50 cm)

Dúnæng & koddi
kr. 18.800,-

**Tvennutilboð**

FULLT AF DÚN



\+



Molly svefnsófi
kr. 49.900,-
TVEIR LITIR



Serta

WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™



**Ótrúlegt verð**

**Serta Daysleeper heilsurúm**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 120x200 | 96.000,- | 124.000,- |
| 140x200 | 110.000,- | 139.000,- |
| 160x200 | 123.000,- | 155.000,- |
| 180x200 | 136.000,- | 172.000,- |

Hægindastóll
kr. 39.900,-
FJÓRIR LITIR






**OPIÐ**

Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

**DORMA**

– býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

# Átakahefð þjónar ekki þjóðinni

**Jóhanna Sigurðardóttir** trúir því ekki að þingmenn meini þjóðinni að greiða atkvæði um aðild að Evrópusambandinu. Hún hefur velt því fyrir sér hvort hægt sé að styrkja ríkisstjórnina og telur að Jón Bjarnason hafi ekki alltaf fylgt samþykkt Alþingis um umsóknarferlið. Jóhanna sagði *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá því að hún teldi að hverfa yrði frá átakahefðinni á þingi.



**FORSÆTISRÁÐHERRANN** Jóhanna Sigurðardóttir vill að frumvarp um nýja stjórnarskrá verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða næstu forsetakosningum. Hún kallar eftir samstöðu á meðal þjóðarinnar til að koma samfélaginu betur upp úr efnahagslegum erfiðleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alþingi verður sett klukkan 10.30. Nokkuð hefur verið rætt um starfshætti Alþingis og tilhneigingu þingmanna til að beita málþófi. Jóhanna vonast til nýrra vinnubragða á Alþingi; ekki veiti af þar sem aðeins 11 prósent aðspurðra beri virðingu fyrir þinginu.

„Þarna ríkir mikil átakahefð sem sumir rekja til Davíðs Oddssonar, en hann sagði að það ættu að vera átök um öll mál, hvort sem menn væru sammála þeim eða ekki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn fari upp úr þeim skotgröfum sem þeir hafa verið í og fari að vinna eins og önnur þjóðþing. Menn verða að hætta að taka mál í gíslingu eins og gert hefur verið, ég held að þjóðin kalli eftir því.“

Jóhanna segir of marga þingmenn fasta í skotgröfum og það sé sama hvort menn séu í raun sammála málum eða ekki, ef menn séu þannig stemmdir séu öll mál tekin í gíslingu. Nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi þó sýnt af sér gott fordæmi.

„Við sáum á septemberþinginu dæmi um að það er hægt. Ég nefni til sögunnar þingmenn Hreyfingarinnar, Eygló Harðardóttur og Siv Friðleifsdóttur úr Framsóknarflokki og Guðmund Steingrímsson. Þau lyftu sér upp úr þessari átakahefð og sýndu gott fordæmi. Mér finnst að breyta verði um kúrs á þinginu.“

Jóhanna segir mikla endurnýjun sem varð á Alþingi 2009 ekki hafa skilað sér í breyttum vinnubrögðum. „Það er ekki hægt að bera þetta saman við siðmenntuð þing hjá öðrum þjóðum. Þar er lýðræðislegur réttur meirihlutans til að koma sínum málum á framfæri virtur. Það sem tókast núna á Alþingi og septemberþingið sýndi vel, á ekkert skylt við það lýðræðislega aðhald sem er hlutverk stjórnarandstöðunnar.“

*Einhverjir myndu segja að þú og Steingrímur J. Sigfússon hefðuð ekki verið barnanna best í þessu.*

„Jú, jú, ég á alveg mína sögu í þessu og talaði einhvern tíma í tíu tíma og það er ekki til fyrirmyndar. En þessi átakahefð er eitt af því sem menn vonuðu að breyttist eftir hrunið, en því hefur því miður ekki séð stað þessi tvö og hálft ár sem liðin eru og það keyrði um þverbak á septemberþinginu.“

### Kvótafrumvarpið ekki mistök

*Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, lagði fram frumvarp um breytt fiskveiðistjórnunarkerfi í vor. Það var sett í nefnd og boðaðar hafa verið á því miklar breytingar. Voru mistök að leggja það fram í vor?*

„Nei, alls ekki. Það hefur virkilega skapað umræðu um þetta umdeildasta mál síðari tíma. Athugasemdir komu fram við frumvarpið og þær voru fyrst og fremst neikvæðar frá hagsmunaaðilum, til dæmis bankakerfinu sem hefur veðsett kvóta. Menn hafa viðurkennt að stór hluti af kvótanum sé veðsettur, á því byggja þeir veðsetninguna. Við vitum að það er ólöglegt að veðsetja kvóta.“

Jóhanna bendir á að verulegur hluti af skuldsetningu í sjávarútvegi sé í óskyldum greinum, það sýni hve kerfið sé óréttlátt.

„Margir umsagnaraðilar eru hins vegar jákvæðir gagnvart markmiðum frumvarpsins. Við þurfum að tryggja að arðurinn renni meira til þjóðarinnar. Þá þarf að opna fyrir nýliðun í kerfinu, að þetta sé ekki samþjappað kerfi fárra kvótahafa sem síðan fénýta kvótakerfið og blóðmjólka leiguliða. Þessu verðum við að breyta.“

*Jóhanna segir margar af hugmyndum formanns og varaformanns sjávarútvegsnefndar Alþingis allrar athygli verðar og frumvarpið þurfi að vinna áfram á þeim grunni. En hvernig mun atvinnugreinin taka nýju frumvarpi?*

„Nú hafa Samtök atvinnulífsins sagt að þar á bæ vilji menn ekki tala við ríkisstjórnina, þeir hafi ekkert við hana að ræða og ætli ekki að hafa frumkvæði að því. Ég á því ekki sérstaklega von á að þeir banki hérna upp á og vilji eiga við okkur samskipti um kvótakerfið. Það verður auðvitað bara að koma í ljós.“

### Þjóðin á rétt til atkvæða

Jóhanna segir að Evrópumálin verði einnig fyrirferðarmikil í vetur. Hún segir gríðarlega mikilvægt að ljúka samningsferlinu. Nýleg skoðanakönnun Fréttablaðsins, þar sem tveir þriðju hlutar aðspurðra sögðust vilja ljúka samningum og setja í þjóðaratkvæði, sýni að það sé vilji þjóðarinnar.

„Yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar vill ekki það sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa talað fyrir; að hætta við þetta ferli. Hringlandahátturinn í Sjálfstæðisflokknum í þessu máli er með ólíkindum. Þeir virðast ekki treysta þjóðinni til að greiða atkvæði um niðurstöðuna.

Hverjum einasta manni, bæði innan þings og í ríkisstjórn, ber skylda til þess að leggja sitt af mörkum til þess að við fáum sem hagstæðastan samning, annars er verið að bregðast þjóðinni og ganga gegn samþykktum Alþingis.“

*En hefur stjórnin styrk til að standa gegn tillögu um að hætta viðræðum?*

„Það held ég, annað væri fráleitt. Um þetta er samið í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna og formaður samstarfsflokksins, Steingrímur J. Sigfússon, vill klára málið og ég tel að hann hafi styrk í eigin röðum til þess. Ég trúi því ekki fyrr en til kastanna kemur að þingmenn leyfi þjóðinni ekki að greiða atkvæði um málið.“

### Styrkari meirihluti æskilegur

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur eins manns meirihluta á Alþingi og því má ekkert út af bregða ætli hún sér að koma málum sínum í gegn. Jóhanna minnir á Viðreisnarstjórnin hafi setið í 8 ár með sama knappa meirihlutann. Breytingar á ríkisstjórn séu þó alltaf mögulegar.

„Það verða allir í stjórnarflokkunum alltaf að vera viðbúnir við því að ef talin er ástæða til breytinga í ríkisstjórn, eða til þess að styrkja hana með einhverjum hætti, þá geti til þess komið. Ég útiloka ekki að það geti gerst á einhverjum tímapunkti.“

*En telur þú ástæðu til þess nú?*

„Ég teldi auðvitað æskilegra að við hefðum styrkari meirihluta og auðvitað hefur maður verið að leiða hugann að því; er það hægt? Það er engin niðurstaða komin í það ennþá, en það verða allir að vera reiðubúnir undir það að einhverjar breytingar geti orðið á ríkisstjórn eða hún styrkt með einhverjum hætti.

*Hafa verið þreifingar um það?*

„Nei, ég get ekki sagt það, það er ekkert sem ég vil ræða hér.“

### Samþykkt Alþingis ekki fylgt

Eins manns meirihluti getur samt varla verið þægileg staða, sérstaklega þegar ráðherrar tala ekki alltaf á sömu línu. Það er til dæmis ekki alltaf samhljómur með málflutningi Jóns Bjarnasonar um Evrópumál og annarra ráðherra. Er það óþægileg staða?

„Það var vitað frá upphafi að Jón Bjarnason var andsnúinn aðild að ESB. Honum ber engu að síður skylda til þess, eins og öllum ráðherrum í ríkisstjórn, að fara eftir stjórnarsáttmálanum og því sem Alþingi hefur samþykkt um málið. Í þessu tilfelli er það m.a. þingsályktunartillaga um ferilinn í aðildarviðræðum. Jóni Bjarnasyni ber skylda til að fara eftir henni.“

*Hefur hann gert það?*

„Ekki eins og best verður á kosið. Það hefur valdið okkur nokkrum erfiðleikum, en hann gerir sér grein fyrir því að sem stuðningsmaður og ráðherra þessarar ríkisstjórnar, jafnvel þó að hann sé á móti ESB, þá verður hann að fylgja því ferli sem Alþingi hefur samþykkt. Hann verður að fylgja því samkomulagi sem stjórnarflokkarnir komust að í upphafi; að sækja um aðild og bera samning undir þjóðina.“

### Vil ljúka góðum málum

*Þú nefnir Viðreisnarstjórnina sem sat í tólf ár. Hyggst þú verða forsætisráðherra í þrjú kjörtímabil?*

„Ég sagði þegar ég var kjörin formaður Samfylkingarinnar að amma mín hefði verið í pólitík á meðan hún dró andann og hún varð 100 ára gömul. Ég reikna nú ekki með að verða svo lengi að. En mitt keppikefli er að klára það verkefni að ná okkur upp úr efnahagshruninu, koma á stöðugleika í efnahagslífinu og efla hér hagvöxt og sköpun nýrra starfa. Það er forgangsverkefni og við erum á góðri leið með það. Þá vil ég sjá þessi umbótamál sem við höfum unnið að á mörgum sviðum verða að veruleika; svo sem varðandi stjórnsýslu, mannréttindi og á félagslega sviðinu.

Fyrir utan Evrópumálin og breytingar á kvótakerfinu vil ég nefna stjórnkerfisbreytingar og nýja stjórnarskrá. Þá vil ég sjá gjörbreytingu á almannatryggingarkerfinu, en það hefur ekki verið endurskoðað frá því á fjórða áratugnum heldur bara ítrekað stagbætt. Það er verið að vinna að heildarendurskoðun og ég vil sjá það mál í höfn.

Þá vil ég sjá breytingum á húsnæðiskerfinu og þeirri löggjöf sem við búum við í þeim efnum. Það verður að koma á fót valkostum fyrir fólk, lágtekjufólk sem aðra, þannig að það þurfi ekki að reisa sér slíkan hurðarás um öxl að það geti ekki staðið undir greiðslubyrði af lánum eða leigu. Þetta vil ég sjá verða að veruleika í tíð þessarar ríkisstjórnar.“

### SKILUR MÓTMÆLENDUR EN KALLAR EFTIR SAMSTÖÐU

Jóhanna segist vel skilja það fólk sem hyggur á mótmæli við þingsetninguna í dag. Hún segir fólk vera ósátt við ýmislegt og til að mynda telji sumir meira svigrúm til afskrifta í bankakerfinu. Hún segir það ófært að misvísandi tölur séu í umræðunni um svo mikilvægar grunnforsendur og því hefur hún ákveðið að kalla saman sérfræðingahóp, m.a. með fulltrúa Hagsmunasamtaka heimilana, til að hægt sé að ræða málin á sameiginlegum grunni. Jóhanna segir að þó margt hafi verið gert í málum, eins og varðandi skuldastöðu heimilanna, glími enn margir við mikla erfiðleika.

„Um leið vil ég hvetja fólk til að að reyna horfa með jákvæðu hugarfari til framtíðarinnar. Það neikvæða umhverfi og þær neikvæðu bylgjur sem maður finnur í samfélaginu eru engum til góðs. Ég hvet fólk til að hugsa meira á jákvæðum nótum, reyna að horfa bjartari augum til framtíðarinnar.“

Jóhanna segist hafa fullan skilning á erfiðleikum fólks, en affarasælla sé að vinna saman til að komast upp úr því efnahagslega umhverfi sem glímt er við.

„Þegar þjóðin lendir í erfiðleikum, til dæmis þegar það verða eldgos eða aðrar náttúruhamfarir, þá sjáum við svo kraftmikinn samtakamátt hjá fólki. Allir vilja gera allt til að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Fólk leggur nótt við dag til endurreisnar þegar máttur eldfjallsins lætur á sér kræla. Allir eru reiðubúnir til samstarfs. Við eigum að reyna að finna svona samstöðu og ná betur saman. Þá mun þjóðinni farnast best.“

# BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR FAGNAR FIMMTÍU ÁRUM VIÐ LAUGAVEG 18




## Við bjóðum þjóðinni í kaffi og kleinur í dag

Bókabúð Máls og menningar fagnar fimmtíu ára afmæli í október og býður þjóðinni allri í nýlagað kaffi og ilmandi kleinur í dag. Afmælishátíðin heldur áfram í október og stendur til áramóta með viðburðum og ýmsum tilboðum sem tengjast sögu bókabúðarinnar.

Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 hefur verið einn af hornsteinum íslenskra bókmennta og menningar í hálfa öld. Búðin hefur verið órjúfanlegur hluti af götumynd Laugavegarins og ómissandi í miðborg Reykjavíkur.

LAUGARDAGINN 1. OKT. – KL. 14:00

### FLUGAN SEM STÖÐVAÐI STRÍÐIÐ

Bryndís Björgvinsdóttir fagnar útgáfu bókarinnar Flugan sem stöðvaði stríðið en fyrir þá bók hlaut Bryndís Íslensku barnabókaverðlaunin 2011 í vikunni. Flugan sem stöðvaði stríðið er óvenjuleg saga, bráðfyndin og alvarleg í senn, um flugur, fólk og stríð. Sigríður Thorlacius syngur nokkur lög.






25%

**2.990 kr.**
Í STAÐ 3.990 kr.

LAUGARDAGINN 1. OKT. – KL. 16:00

### MUGISON SPILAR OG ÁRITAR

Mugison kynnir plötu sína Haglél sem kemur út í dag. Haglél er fjórða breiðskífa Mugison og sú fyrsta síðan Mugiboogie kom út 2007, ef frá er talin tónleikaplatan Ítrekun frá 2009. Haglél inniheldur 11 íslensk lög, þar á meðal slagarana Haglél og Stingum af sem hafa notið mikilla vinsælda á öldum ljósvakans.





30%

**1.999 kr.**
Í STAÐ 2.799 kr.

### AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af afmæli bókabúðarinnar verður tilboð á öndvegisritum sem út hafa komið á íslensku á síðustu 50 árum.

Meðal titla má nefna Ástarsögu úr fjöllunum, Fátækt fólk, Mávahlátur, Mýrina, Sölku Völku, Haustskip, Hús andanna, Miðnæturbörn, Ljóðasafn Ingibjargar Haraldsdóttur, Svanurinn, Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar og marga fleiri.

50%

Tilboðið gildir út októbermánuð.

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18





**Hjalti Árnason**

Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki, bar sigur úr býtum í samkeppninni. Myndin er tekin á söguslóðum Örlygsstaðabardaga í Skagafirði. „Þetta er fé Agnars Gunnarssonar, oddvita Akrahrepps, sem sést sjálfur á ljósum hesti hægra megin á myndinni. Ég kom mér fyrir uppi á litlum hól og náði þessu eðal-augnabliki á mynd," segir Hjalti, sem hefur haft ljósmyndun að áhugamáli síðan 2007 og hélt sína fyrstu sýningu í Sæluviku á Sauðarkróki í vor.

Í verðlaun hlýtur Hjalti sex leikhúsmiða í Borgarleikhúsið, en höfundar myndanna í öðru og þriðja sæti fá tvo leikhúsmiða hvor. Í dómnefnd sátu Pjetur Sigurðsson, yfirmaður ljósmyndadeildar Fréttablaðsins, Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri og Einar Skúlason markaðsstjóri.

**ÞÓRSMÖRK** Sigurbjörn Hjaltason hreppti annað sætið í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Sigurbjörn er mikill útivistarmaður og tók þessa mynd í Þórsmörk, á leiðinni upp á Valahnúk. „Ég sá skýrasta regnboga sem ég hef séð og ákvað að smella mynd af honum, enda er ég nánast alltaf með vélina á mér," segir hann. MYND/SIGURBJÖRN HJALTASON

# *200 sendu inn myndir*

Um 200 lesendur sendu inn myndir í **ljósmyndasamkeppni** sem Fréttablaðið stóð fyrir í vikunni, þar sem fólk var hvatt til að senda inn myndir af fólki um haust. Sigurmyndin er á forsíðu blaðsins en hér má sjá myndirnar í öðru og þriðja sæti auk tveggja sem dómnefnd þótti sérlega áhugaverðar.



**HAUST Í VESTURBÆNUM** Þessi mynd Eddu Fransisku Kjarval varð í þriðja sæti í keppninni. „Ég var að labba heim úr Háskólanum, þar sem ég stunda meistaranám í þýðingafræði, í rigningunni og sá þetta flotta mótíf. Regnhlífin endurspeglast og laufin voru svo falleg á litinn þennan dag," segir Edda. MYND/EDDA FRANSISKA KJARVAL



**HAUSTIÐ UMVAFIÐ** Sigrún Gunnarsdóttir tók þessa mynd af Þulu Gló, sex ára dóttur sinni, í garði í Kópavogi. „Við vorum að raka saman laufblöð og Þula bjó til munstur og fagnaði náttúrunni. Þetta var raunverulegt augnablik og ég er ánægð með myndina," segir Sigrún. MYND/SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR



**BRÚÐHJÓN** Bjarni Ó. Halldórsson var í göngutúr um Þingvelli þegar hann sá þessi brúðhjón, sem voru nýkomin úr myndatöku, skoða afraksturinn. „Umhverfið er fallegt og lýsingin var skemmtileg. Skömmu síðar var brúðurin komin á flatbotna skó og búin að ýfa upp kjólinn að aftan en ég kunni ekki við að smella af þá," segir Bjarni. MYND/BJARNI Ó. HALLDÓRSSON




www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

LIFANDI
MARKAÐUR

# RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA 01.10-02.10

VERÐ ÁÐUR FRÁ PR. MTR. 1.295

995

**MON viscosefni**
Breidd: 155 sm. Efni: 96% viscos og 4% spandex. Litir: Svart, rautt, blátt, brúnt, fjólublátt og grátt.

23% AFSLÁTTUR





JAKKI FULLT VERÐ: 1.995

1.495

SPARIÐ 500

NÝTT

**Barnaregnjakki og buxur**
Flottir barnaregngallar á stráka og stelpur. Buxur fást í bláu og gulu.
Regnjakki fullt verð: **1.995** nú: **1.495**
Regnbuxur fullt verð: **2.995** nú: **2.495**

BARNA-STÆRÐIR

2.995



**Barna- og fullorðinsstígvél**
Nýkomin sending af flottum stígvélum. Barnastærðir fást í svörtu, rauðu og röndóttu.
Stærðir: 22-35. **2.995**
Fullorðinsstærðir fást í svörtu, rauðu og fjólubláu.
Stærðir: 37-41. **3.995**

SPARIÐ 700





NÝTT

BARNASTÆRÐ FULLT VERÐ: 2.695

1.995

**Náttbuxur**
Ný sending af náttbuxum! Margar gerðir á alla fjölskylduna.
Barnastærðir: 4-14 ára
Fullt verð **2.695** nú: **1.995**
Fullorðinsstærðir: M-XXL.
Fullt verð **3.695** nú: **2.995**




10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í NÝJA HÚSGAGNABÆKLINGNUM OKKAR FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

# GÓÐ

**PURE DEAD SEA vörur**
Frábærar DEAD SEA vörur í miklu úrvali. Taktu 3 vörur en borgaðu fyrir 2! Þú færð ódýrustu vöruna frítt!
Handáburður **459**
Body Lotion **759**
Baðsalt **859**
Sjampó **859**
Hárnæring **859**
Body Butter **959**

PURE DEAD SEA 3/2 3 FYRIR 2



10% AFSLÁTTUR



FULLT VERÐ: 14.950

13.455

**FIRENZE fataskápur**
Fáanlegur í hvítum og beykilit.
Stærð B96 x H175 x D50 sm.

10% AFSLÁTTUR



FULLT VERÐ: 34.950

31.455

**COLORADO hægindastóll**
Með PU áklæði og innbyggðum fótskemli.
Litur: Svartur. Stærð: B74 x H100 x D93 sm.

LION



FULLT VERÐ: 34.950

16.950

SPARIÐ 18.000

**LION 4 borðtennisborð**
Glæsilegt borðtennisborð á frábæru verði!
Borð, fætur og net saman í pakka. Auðvelt er að leggja saman borðið svo lítið fari fyrir því.
Stærð: B152 x L274 x H76 sm.



VERÐ ÁÐUR: 2.495

1.995

20% AFSLÁTTUR

**Æfingabolti**
Góður stór æfingabolti á frábæru verði!
Stærð Ø 65 sm.

25% AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR: 1.995

1.495

**Æfingadýna**
Góð æfingadýna á frábæru verði!
Stærð 173 x 61 x 0,4 sm.

# KAUP!



10% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 99.950

89.955

**OHIO tungusófi**
Frábært verð á góðum sófa!



20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ FRÁ: 4.995

3.995

NÝTT

**VENICE ferðatöskur**
Flottar ferðatöskur á frábæru verði!
Fáanlegar í 3 stærðum. SMALL fullt verð: **4.995** nú: **3.995** • MEDIUM fullt verð: **6.995** nú: **5.995** • LARGE fullt verð: **8.995** nú: **6.995**



VERÐ ÁÐUR FRÁ: 3.995

2.995

SPARIÐ 1.000

**Ferðabúr fyrir gæludýr**
Handhægt ferðabúr fyrir gæludýr sem hægt er að leggja alveg saman.
Fást í bláu og rauðu. Fáanlegar í 3 stærðum. X-SMALL fullt verð: **3.995** nú: **2.995** • SMALL fullt verð: **5.495** nú: **4.995**
MEDIUM fullt verð: **6.995** nú: **5.995** • LARGE fullt verð: **7.995** nú: **6.995**



VERÐ ÁÐUR: 1.995

1.495

25% AFSLÁTTUR

**Bílsessa**
Góð bílsessa fáanleg í nokkrum litum.
Fyrir 15-36 kg.



20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995

1.595

**QUADRO og VULCANO borðlampar**
Mjög fallegir lampar með hvítum, plíseruðum skermi.



VERÐ FRÁ: 499

**Fjöltengi**
Fjöltengi á frábæru verði!
Nokkrar mismunandi stærðir fáanlegar.



FULLT VERÐ: 4.995

3.995

SPARIÐ 1.000

NÝTT

**Veggklukkur**
Flottar veggklukkur á frábæru verði!
Stærð: Ø50 sm.



LESGLERAUGU Í HULSTRI

399

**Lesgleraugu**
Lesgleraugu í hulstri **399**



HUNDAPOKAR 3/2 3 FYRIR 2

3 STK. POKARÚLLUR

299,-

**Hundapokar**
3 svartar pokarúllur saman í pakka á **299**

# Ef þau væru á lífi í dag

Heimurinn hefur stökkbreyst á þeim árum sem liðin eru frá dauða stjarna á borð við Kurt Cobain, Marilyn Monroe, John Lennon og Janis Joplin. Þau fengu ekki tækifæri til að skrifa inn á Twitter-síðu, berjast gegn ólöglegu niðurhali á tónlist sinni eða fljúga um loftin blá í sérstökum flugbílum. Þetta síðasta hefur reyndar ekki enn orðið að veruleika, en blaðamaðurinn *Atli Fannar Bjarkason* og teiknarinn *Halldór Baldursson* gerðu heiðarlega tilraun til að rýna í líf stjarnanna, væru þær á lífi í dag.



## Kurt Cobain
44 ára

**Umhverfisaðgerðasinni og misheppnaður leikari. Kurt Cobain endurvekur Nirvana.**

Eftir áralanga bið hefur hljómsveitin Nirvana ákveðið að koma saman á ný, en hún hætti um miðjan tíunda áratuginn. Kurt Cobain hefur verið einfari síðustu ár, grænmetisæta, umhverfisaðgerðasinni og hálfgerður trúbador. Hann hefur sent frá sér misgóðar kassagítarplötur en virðist vera kominn á hausinn þar sem Nirvana er á leiðinni í tónleikaferðalag um heiminn. Cobain er mjög virkur á Twitter og nýtir miðilinn til að berjast fyrir réttindum dýra og plantna. Cobain hefur einnig reynt að koma sér framfæri í Hollywood en án árangurs enda vonlaus leikari.



## Marilyn Monroe
85 ára

**Marilyn Monroe hefur oft verið hressari, en óheilbrigt líferni hefur tekið sinn toll.**

Eftir að blómlegum kvikmyndaferli Marilyn Monroe lauk tók við erfið barátta við elli kerlingu. Monroe er bundin við hjólastól, ekki endilega vegna aldurs heldur hefur óheilbrigt líferni tekið sinn toll. Þrátt fyrir það lætur hún óhóflegar útlitskröfur stjörnuborgarinnar hafa mikil áhrif á sig og hefur farið í ótal lýtaaðgerðir og skartar enn ljósu lokkunum sem hún er svo fræg fyrir. Hún hefur aldrei tileinkað sér tækninýjungar á borð við Twitter og Facebook og heldur sig til hlés ásamt tvítugum elskhuga sem fólk telur að sé á eftir auðæfum hennar.



## John Lennon
71 árs

**John Lennon er kominn út úr skápnum en vill ekki endurvekja Bítlana.**

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir útgáfufyrirtækja og Pauls McCartney fæst John Lennon ekki til að endurvekja Bítlana. Ekki einu sinni til að koma fram á minningartónleikum um George Harrison. Lennon er löngu búinn að losa sig við Yoko, kominn út úr skápnum og lifir fábrotnu lífi í ótilgreindu hitabelti ásamt helmingi yngri elskhuga þar sem hann kemst í snertingu við náttúruna á hverjum degi. Hann heldur áfram að senda frá sér tónlist en aðeins allra hörðustu aðdáendurnir eru enn á hans bandi og þykjast skilja tónlistina. Lennon er með Twitter-síðu sem hann uppfærir sjaldan með boðskap sem er eins og tónlist hans, óskiljanlegur í augum fjöldans.



## Janis Joplin
68 ára

**Janis Joplin er virkur tónlistarmaður og enn virkari alkóhólisti.**

Stjarna Janis Joplin hefur ekki skinið skært undanfarin ár en hún hættir þó aldrei að syngja og gefa út plötur með ýmsum hljómsveitum. Hún hefur átt í harðri baráttu við Bakkus og farið í ótal meðferðir, án árangurs. Hvort sem áfengið hjálpar til eða ekki þá er hún alltaf hress, heimsækir John Lennon vin sinn oft og reglulega berast fréttir af því að „Pearl“ hafi splæst drykkjum á almúgann á ölknæpum víða um heim. Stöðugar vangaveltur um kynhneigð Joplin valda henni litlu hugarangri og hún kýs að tjá sig lítið um einkalífið í fjölmiðlum og því síður á Twitter.


ÚTILJÓS
ÍSLENSK HÖNNUN
REYKJAVÍK
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið:
10.00 - 18.00 virka daga
11.00 - 16.00 Laugardaga
AKUREYRI
RAFLAMPAR
Óseyri 4 • S: 462 1867
Opið:
10.00 - 18.00 virka daga
10.00 - 12.00 Laugardaga

# Mjúki maðurinn er ekki til

Bíómyndinni Eldfjalli hefur verið hampað í útlöndum. Þrátt fyrir það var leikstjórinn **Rúnar Rúnarsson** svo fullur frumsýningarskjálfta fyrir forsýninguna hér að hann mátti varla við tvöföldum espressó á Hressó með ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur.*** Hann lét sig samt hafa það, vafði sér sígarettu, kveikti í og gerði það sem honum finnst óþægilegast í heimi – að tala um sjálfan sig.

Einu sinni las ég viðtal við Mads Mikkelsen, þú veist, danska leikarann. Þegar blaðamaðurinn ætlaði að fara að spyrja hann einhverra persónulegra spurninga svaraði hann: Ég held alltaf fjölskyldunni utan við vinnuna. Ég er ekki Mads Mikkelsen en er samt að spá í að taka hann mér til fyrirmyndar. Mér finnst mjög óþægilegt að tala um sjálfan mig og mér finnst mitt persónulega líf ekki koma neinum við. Aumingja konan mín er gift mér og greyið dóttir mín á mig fyrir pabba. Það er ekki þeim að kenna að ég er í þessari vinnu.“

Þetta verður að virða. Í þessu viðtali fáum við þess vegna ekkert að heyra um hvað Rúnar Rúnarsson kvikmyndaleikstjóri elskar konuna sína mikið og hvað hann langar til að eignast mörg börn í viðbót. Höldum okkur við bíósögur, svona að mestu leyti.




**VILL VERA Á ÍSLANDI** Rúnar og fjölskylda hans vilja helst vera áfram á Íslandi. Hann segist þó ætla að láta það ráðast af því hversu lengi kreppan ætlar að vara hjá kvikmyndagerðarmönnum. Ef það taki hann fimm ár að fjármagna eina mynd hér en hálft ár í Danmörku, eigi hann engra kosta völ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fullur frumsýningarskjálfta

Ef eitthvað er að marka viðtökurnar sem Eldfjall fékk á forsýningunni þurfa Rúnar og aðrir aðstandendur myndarinnar ekki að örvænta um framhaldið. Fagnaðarlætin komu engum á óvart. Reyndar eru bíógestir á forsýningum íslenskra bíómynda alla jafna svo kurteisir og meðvirkir að þeir brosa, klappa og blístra, óháð gæðum myndarinnar. Líkast til var það þó ekki ástæðan fyrir öllu klappinu núna. Eldfjall hefur fengið feiknagóðar viðtökur í útlöndum. Hún hefur fengið lof í helstu bíóbransablöðunum, henni var vel tekið í Cannes, hún verður framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna og svo mætti lengi telja.

Þrátt fyrir meðbyrinn var Rúnar fullur kvíða daginn fyrir forsýninguna, þar sem hann sat úti fyrir á Hressó, þar sem reykingamenn geta enn sest niður og fengið sér sígarettu í skjóli frá haustrigningunni. „Maður hefði haldið að maður væri búinn að fá frumsýningarskjálftann úr kerfinu. En þetta er íslensk mynd um Íslendinga og íslenskan samtíma. Síðasta vika hefur verið mikil uppskeruhátíð fyrir allt það fólk sem stendur að myndinni. Við erum öll mjög spennt.“

### Vill helst búa á Íslandi

Rúnar og fjölskylda hans fluttu til Íslands fyrir um ári, eftir nokkurra ára dvöl í Danmörku. Hér vilja þau allra helst búa, svona ef kreppunni fer eitthvað að létta hjá kvikmyndagerðarmönnum. „Mig langar til að halda áfram að gera myndir á Íslandi, með mínu samstarfsfólki hér, sem er svo gott að vinna með. En fyrst verð ég að átta mig á því hvar mínir möguleikar liggja. Hvort það eigi eftir að taka mig fimm ár að fjármagna næstu íslensku mynd, eða hálft ár í Danmörku. Þótt ég líti á mig sem ungan mann, 34 ára gamlan, eru takmarkað margar myndir sem ég get gert um ævina. Ég er ekki tilbúinn að bíða í fimm ár eftir næstu mynd, þó að ég elski land mitt og þjóð og vilji allra helst vera hér.“

### Theodór mesti töffarinn

Síminn hringir, einmitt þegar Rúnar ætlar að fara að brjótast út í mikilli ræðu um hvað ein mynd eins og Eldfjall skilar miklu fé í þjóðarbúið. Enda ekki vitlaust að halda því til haga. Eldfjall hefur þegar skilað nokkur hundruð milljónum til Íslands í formi styrkja frá erlendum sjóðum. Og svo eru það allir útlendingarnir sem sjá myndina, heillast af Íslandi og koma hingað í förmun á næstu árum. En nóg um það, og aftur að því að hlera símtalið: „Sæll Teddi minn! Ég er í miðju viðtali og var einmitt að fara að tala vel um þig. Má ég ekki hringja í þig eftir smá stund þegar ég er búinn?“

Rúnari þykir greinilega vænt um manninn á hinni línunni. „Ég var rosalega ánægður með leikarana í myndinni. Theodór Júlíusson er einn besti leikari sem við eigum. Hann er einn harðasti nagli sem ég þekki, en á sama tíma eitt viðkvæmasta blómið. Hans mannlegu eiginleikar og í ofanálag hans leikhæfileikar gera það að verkum að hann er mjög sérstök týpa.“

### Heilsteyptasta verkið hingað til

Fólk á tímamótum í lífinu er oftar en ekki umfjöllunarefni Rúnars. Þetta á vissulega við um Eldfjall, sem Rúnari sjálfum þykir sitt heilsteyptasta verk hingað til. Myndin fjallar um Hannes, 67 ára gamlan húsvörð sem er að stíga yfir á síðasta skeið lífs síns. Hannes hefur lifað undir því oki að það sé veikleikamerki að sýna tilfinningar. Það hljóta margir að geta speglað sig í þeim manni. „Það gefur tímamótum Hannesar aukaþyngd að hann hefur lítinn tíma til stefnu til að breyta lífi sínu. Þar af leiðandi er ástandið grafalvarlegt. Kannski sýnir þessi mynd að það er aldrei of seint að líta til baka og reyna að átta þig á því hvort þú hefðir viljað hafa líf þitt öðruvísi á einhvern hátt.“

Sjálfur finnur Rúnar samhljóm með Hannesi. „Ég man eftir því að hafa verið að díla við þessar spurningar um karlmennsku þegar ég var unglingur. Það er gamli skólinn og svo er það nútímamaðurinn. Ég er af þeirri kynslóð sem er föst þarna á milli. Nútímamaðurinn er eiginlega ekki enn þá orðinn til. Mjúki maðurinn er ekki til.“

### Frá hjara veraldar til allra átta

Stuttmyndirnar hans Rúnars, og nú Eldfjall, hafa leitt hann á ótrúlegustu staði jarðarkringlunnar. Hann hefur sótt kvikmyndahátíðir allt frá Abu Dhabi og Tókýó til smábæjar á Suður-Ítalíu, þar sem bæjarbúar snæddu saman kvöldverð á torginu og horfðu á myndina hans á stórum skjávarpa. Nú síðast var það Kasakstan. „Þetta er auðvitað mikið ævintýri fyrir mig, sem er héðan af hjara veraldar. Ég hefði til dæmis ábyggilega aldrei farið til Kasakstan af sjálfsdáðum. Ég mun aldrei gleyma því.“

Fram undan er meira af því sama, ferðalög á framandi kvikmyndahátíðir með Eldfjall í farteskinu. Hún er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna og það eitt og sér gæti opnað Rúnari nýjar og ókunnar gáttir. „Ef við komumst í gegnum næsta sigti að Óskarsverðlaununum erum við komin í einhvern samkvæmisleik sem ég er allt of lítill strákur til að átta mig á. Þá þarf ég að fara að lesa bækur og tala við fróða menn!“




## FREKAR Í HOLLYWOOD-ÁTTINA EN ÞÁ LISTRÆNU

Í bíósalnum á frumsýningunni mátti heyra áhorfendur hér og þar um salinn snökta yfir tilfinningaþrungnustu atriðunum. Rúnar myndi seint teljast til gamanmyndaleikstjóra, þó að honum finnist sjálfum myndirnar sínar oft frekar fyndnar. „Ég er stundum að pissa í mig af hlátri yfir einhverju sem aðrir brosa kannski út í annað yfir. Ég reyni að ná inn í myndirnar mínar þessum litlu augnablikum, þessum litlu skondnu hlutum sem eru allt í kringum okkur dagsdaglega. En nei, nei, ég bý ekki til gamanmyndir.“

Hann vill samt ekkert frekar láta flokka sig sem listrænan leikstjóra. „Ég er ekki að gera myndirnar mínar fyrir menningarskríbenta. Ég hef gaman af fallegum hlutum og ég reyni að leysa myndirnar mínar á fagurkeralegan hátt. Fyrir vikið fellur maður í listrænan flokk. En sjálfur myndi ég frekar halda að ég væri í Hollywood-áttina en í þá listrænu. Hingað til hefur ekkert sem ég hef gert endað í mesta svartnætti, þótt það sé kannski ekki í einhverju kandífloss-ljósi. Þetta er allt einhvers staðar á gráskalanum.“

Flokkun yfirleitt fer í taugarnar á Rúnari. „Ég er stundum spurður: „Hver er markhópurinn fyrir þessa mynd. Er þetta eitthvað sem ungt fólk getur séð?“ Mér finnst erfitt að svara því. Ég reyni að gera myndir um venjulegt fólk. Það er alveg sama hvort aðalsöguhetjan er stelpa úr einhverju fiskiþorpi í Danmörku eða gamall maður frá Vestmannaeyjunum. Ef maður fjallar af virðingu um venjulegt fólk er ákveðinn samhljómur í okkur öllum. Það skiptir engu máli hvort þú ert 18 ára eða 67 ára. Um leið og við byrjum að gera hluti fyrir markhópa erum við að tala niður til fólks.“

# MAX ÚTSALA

## ALLT Á LÁGMAX VERÐI

Takmarkað magn

**ÚTSÖLULOK! ÚTSÖLULOK!**
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

Brauðristar
Frá 1.989

Brauðvélar
Frá 12.989

1400sn þvottavélar
Frá 69.989

Heimabíó
Frá 24.989

Vöfflujárn
25% afsl.

Ryksugur
20% afsl.

Sléttu- og krullujárn
30% afsl.

Rakvélar
20%

**ÚTSÖLULOK! ÚTSÖLULOK!**
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

Saumavélar
25% afsl.

Heyrnartól
30% afsl.

Fartölvutöskur
35% afsl.

Tökuvélar
20% afsl.

Fartölvur
15% afsl.

Hljómborð
20% afsl.

Sjónaukar
25% afsl.

Sjónvörp
Frá 34.989

**Mikið af SÍÐUSTU EINTÖKUM af sjónvörpum, kæliskápum ofn u**

**ÚTSÖLULOK! ÚTSÖLULOK!**
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

# Frambjóðendur á Guðs vegum

Keppnin um útnefningu Repúblikanaflokksins fyrir **forsetakosningarnar í Bandaríkjunum** á næsta ári er þegar orðin gríðarhörð. Þrátt fyrir að miklir efnahagslegir erfiðleikar steðji að landinu hafa sumir frambjóðendur lagt ofuráherslu á samfélagsmál sem tengjast trúarbrögðum. *Þorgils Jónsson* kynnti sér vægi þessa umdeilda málaflokks í forsetaslag repúblikana.

Þrátt fyrir að kannanir meðal almennings í Bandaríkjunum sýni að flestir séu þeirrar skoðunar að brýnustu verkefni í bandarískum stjórnmálum lúti að efnahagsmálum og atvinnulífi hefur engu að síður lengi verið sterk skírskotun til trúarmála í málflutningi þarlendra stjórnmálamanna.

Óvíða kemur þessi tilhneiging skýrar fram en í forvali Repúblikanaflokksins sem fer fram um þessar mundir. Þó að fyrstu prófkjörin fari ekki fram fyrr en eftir fjóra mánuði og forsetaframbjóðandi verði ekki útnefndur fyrr en eftir um það bil ár er slagurinn hafinn fyrir margt löngu og línur teknar að skýrast um hver það verður sem mun leggja í Barack Obama forseta í forsetakosningunum í nóvember á næsta ári.

Helstu nöfnin í baráttunni að þessu sinni eru Mitt Romney, Rick Perry og Michelle Bachmann, sem hefur að vísu dalað í fylgi síðustu vikur, eftir að Perry fór að blanda sér í slaginn. Þar fyrir utan eru menn eins og frjálshyggjumaðurinn staðfasti Ron Paul, Herman Cain, Newt Gingrich, John Huntsman og Rick Santorum. Tim Pawlenty hefur þegar dregið sig úr keppni og enn er óvíst hvort Sarah Palin lætur af því verða að bjóða sig fram.

### Margvísleg málefni tengjast trú

Málefni tengd trú eru fjölmörg á pólitíska sviðinu vestan hafs. Þó að þau snúist ekki beint um texta Biblíunnar er um ýmis umdeild samfélagsleg mál að ræða sem hafa orðið að bitbeini milli íhaldssamra kristinna og frjálslyndara fólks. Þar má nefna hjónabönd samkynhneigðra, sem eru eitur í beinum heittrúarmanna, en líka rétt samkynhneigðra hermanna til að tjá sig opinskátt um líf sitt. Þá er deilt harkalega um rétt kvenna til fóstureyðinga og nýjasta dæmið er kenningar um sköpun heimsins og mannskepnunnar, það er hvor sé réttari, þróunarkenningin eða sköpunarsaga Biblíunnar.

### Slokknaði á eldhuganum

Bachmann hefur vakið hvað mesta athygli fyrir orð sín og gjörðir það sem af er. Hún hefur alla tíð verið mjög opinská um trú sína og segir framboð sitt vera vegna köllunar að ofan. Sá sem þar situr vill greinilega hafa vaðið fyrir neðan sig því að Perry segist líka bjóða sig fram að frumkvæði Drottins. Bachmann var um tíma talin líkleg til að veita Romney harða samkeppni um útnefninguna, eftir að hafa komið vel út úr könnun í Iowa-ríki, en fylgið hefur hrunið af henni eftir að Perry steig fram. Hún hefur nú endurskipulagt baráttu sína og hefur sett trúmál enn frekar á oddinn. Hún er einlæg baráttukona gegn hjónaböndum samkynhneigðra og fóstureyðingum og segir að þróunarkenning Darwins eigi að vera kennd jafnhliða sköpunarsögu Biblíunnar og nemendur eigi að taka sína eigin upplýstu ákvörðun í framhaldinu. Þá hefur eiginmaður hennar starfrækt eins konar meðferðarstöð þar sem meðal annars virðist vera boðið upp á meðferð gegn samkynhneigð.



**Í BLJÚGRI BÆN** Rick Perry segir sjálfan Guð hafa hvatt sig til að sækjast eftir útnefningu repúblikana til forsetakosninganna á næsta ári. Skömmu áður en hann kunngerði framboð sitt fór hann fyrir 30.000 manns á bænasamkomu í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Gloppótt þróunarkenning

Perry er ekki síður á þessari línu en það má nefna að skömmu áður en hann tilkynnti um framboð sitt stýrði hann heljarinnar bænasamkomu í heimaríki sínu Texas þar sem hann leiddi 30.000 manns í bæn. Hann er einnig efins um þróunarkenninguna Darwins, sem hann segir vera „gloppótta“, og þó að hann segist ekkert vera á móti samkynhneigðum er hann samt persónulega andsnúinn því að þeir fái að ganga í hjónaband.

Santorum er enn einn sanntrúarmaðurinn, en á ferli sínum, meðal annars sem öldungadeildarþingmaður, hefur hann meðal annars líkt kynlífi samkynhneigðra við dýraníð. Sú afstaða hefur þó ekki haft jákvæð áhrif á fylgi hans og er afar ólíklegt að hann muni blanda sér í toppbaráttuna.

### Tvístígandi hófsemdarmenn

Hinir frambjóðendurnir taka ef til vill síður afgerandi afstöðu en hafa engu að síður allir lýst því yfir að þeir séu trúaðir og Guð hafi haft áhrif á líf þeirra. Það sem allir frambjóðendur eiga sameiginlegt er að þeir vilja tryggja sér fylgi íhaldssamra grasrótarsamtaka. Teboðshreyfingin er þar langsterkust, en samkvæmt nýlegri könnun kemur í ljós að fylgjendur hennar leggja áherslu á að kjörnir fulltrúar séu afar trúaðir og að mál tengd trú séu framarlega í pólitískri umræðu.

Vafasamt er þó að einblína á Teboðshreyfinguna, því að þó að hún sé afar sterk innan Repúblikanaflokksins gæti of hörð staða í ofangreindum málum kostað mikið fylgi hjá hófsömu miðjufólki þegar prófkjörin eru að baki og slagurinn við Obama um óháðu kjósendurna hefst. Í sömu könnun og vísað var til hér að ofan kemur nefnilega líka í ljós að vaxandi meirihluti almennings vill alls ekki blanda trúmálum og stjórnmálum saman.

Því verður fróðlegt að fylgjast með línudansinum sem fram undan er næsta árið, þar sem frambjóðendur munu kappkosta við að afla sér fylgis á sem breiðustum grundvelli án þess þó að styggja kristna íhaldið.

## EFTIRMINNILEG UMMÆLI FRAMBJÓÐENDA



„Þetta er kenning sem er í gangi en það eru gloppur í henni. Við í Texas kennum bæði hana og sköpunarkenninguna og klárir strákar eins og þú hljóta að geta séð hvor er rétt.“

*Rick Perry við ungan dreng um þróunarkenninguna*



„Ef þú tekur þátt í lífsstíl homma og lesbía ertu að binda þig niður. Þú er að binda þig niður í persónulega vanlíðan og ánauð.“

*Michelle Bachmann í útvarpsviðtali, ræðir um samkynhneigð*



„Svo það sé á hreinu, þá trúi ég á þróunarkenninguna og treysti vísindamönnum varðandi hlýnun jarðar. Kallið mig klikkaðan.“

*John Huntsman á Twitter*

## HVENÆR FÓRU TRÚMÁL AÐ SKIPTA SKÖPUM Í KOSNINGUM?

### Jimmy Carter reið á vaðið í forsetakosningunum árið 1976

**Magnús Sveinn Helgason, sagnfræðingur og sérfræðingur í bandarískum stjórnmálum**



Sagnfræðingurinn Magnús Sveinn Helgason, sem kennir bandarísk stjórnmál við Háskólann á Bifröst, segir ljóst að mál tengd kristinni trú og gildum séu mikilvæg í stjórnmálabaráttunni þar í landi.

„Það hefur sýnt sig undanfarið að repúblikanar sem eru líklegir til að kjósa í prófkjörum hafa verið að færast til hægri og hófsömum hefur fækkað. Þessi grasrót er íhaldssöm í siðferðismálum og metur frambjóðendur út frá sinni eigin veraldarsýn. Vilji frambjóðendur komast í gegnum prófkjör þurfa þeir sem sagt að höfða afdráttarlaust til grasrótarinnar. Þarna er um nokkur lykilmál að ræða. Á tíunda áratugnum var það afstaða til fóstureyðinga en nú virðist sem nýjasta prófmálið sé þróunarkenningin gegn sköpunarkenningu Biblíunnar.“

Magnús segir að þessi trúarlegu siðferðismál hafi hafið innreið sína í stjórnmál vestanhafs fyrir alvöru með forsetaframboði demókratans Jimmys Carter árið 1976. Árin þar á undan hafi frjálslyndi aukist í samfélaginu með auknum réttindum kvenna, blökkumanna og annarra hópa sem höfðu áður verið undirokaðir, og kristna íhaldshreyfingin hafi orðið til sem viðbrögð við þeirri þróun.

„Þar komu kristnir inn sem ákveðinn öflugur kjósendahópur í fyrsta sinn. Svo náði Ronald Reagan þessum hópi frá demókrötum og síðan þá hafa repúblikanar nokkurn veginn haldið þeim.“

Magnús segir áhrif strangtrúaðra hafa dvínað á níunda áratugnum og í upphafi þess tíunda en þá hafi þeir stimplað sig inn á ný. „Eftir það hafa þeir haft mjög sterka stöðu og mikið vægi í bandarískum stjórnmálum.“




### Perry og Romney leiða hópinn

Eftir að hafa komið inn með miklum látum og tekið forystuna í skoðanakönnunum umsvifalaust hefur Rick Perry tapað fylgi eftir slælega frammistöðu í kappræðum undanfarið. Hann og Mitt Romney skiptast nú á að leiða milli kannana en allt púður virðist úr Michelle Bachmann í bili og fylgið hrynur af henni.

Kannanir sem bera saman fylgi repúblikana við Barack Obama forseta leiða í ljós að Romney kemur best út en á þó enn nokkuð í land. Mat fjölmargra stjórnmálagreinenda er að svo virðist sem enginn núverandi frambjóðenda eigi raunhæfa möguleika á að leggja Obama að velli.


markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
GOURMET LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
1.395kr/kg
áður 1.698 kr/kg
GÓÐA HELGI!
NAUTAHAKK
FERSKT 12%
34% afsláttur
989kr/kg
áður 1.498 kr/kg
GOURMET LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
1.699kr/kg
áður 1.985 kr/kg
ROAST BEEF
KRYDD INNRALÆRI
25% afsláttur
2.249kr/kg
áður 2.998 kr/kg
GOÐI
ÞORSKFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
45% afsláttur
998kr/kg
áður 1.798 kr/kg
GRÍSASKANKAR
FERSKIR
40% afsláttur
299kr/kg
áður 498 kr/kg
EPLI
JONAGOLD
50% afsláttur
99kr/kg
áður 198 kr/kg
TÓMATSAFI
THE CO-OPERATIVE
28% afsláttur
129kr/kg
áður 179 kr/kg
HRÍSKÖKUR
LJÓSAR ERÐA DÖKKAR
LJÓSAR HRÍSKÖKUR
DÖKKAR HRÍSKÖKUR
198kr/pk.
áður 239 kr/pk.
NETTÓ KAFFI
400 G
nettó Kaffi
Malað kaffi
399kr/pk.
áður 459 kr/pk.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes
Tilboðin gilda 29.sept - 2. okt.
eða meðan birgðir endast



**ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN** Rétt eins og með alla aðra iðju þarf að æfa sig að reykja áður en það kemst upp í vana. Þessar stúlkur æfðu sig fyrir framan spegil með bros á vör. Myndin var tekin í kringum 1955. MYND/GESTUR EINARSSON



**GAMALL MAÐUR SNÚSSAR SIG** Sumir fengu sér tóbak með því að hella einfaldlega úr pontunni upp í nefið á sér. MYND/ÓLAFUR MAGNÚSSON

# Tóbak tár af augum flæmir

Í Horni Þjóðminjasafnsins stendur nú yfir sýning þar sem skoða má úrval gripa sem tengjast tóbaksnotkun. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** hafði sýningarstjórann, **Ágústu Kristófersdóttur,** sér til halds og trausts á röltinu um safnið. Gripirnir, sem margir hverjir voru til á hverju heimili á síðustu öld, eru svo framandi í dag að full þörf var á leiðsögn.

## Tóbaksdósir



Tóbaksdósirnar voru, rétt eins og ponturnar, notaðar til að geyma tóbakið í þegar það var tilbúið til neyslu. Á Þjóðminjasafninu eru til ógrynni af þeim, frá einföldustu dósum til gulli sleginna dósa með eðalsteinum. Þessi fína tóbaksdós úr gulli, sem mynd fylgir af hér, var í eigu Tryggva Guðmundssonar alþingismanns. Hann fékk dósina að gjöf árið 1878, en tóbaksdósir þóttu tilvaldar tækifærisgjafir fyrir fína menn. Dósin ber það með sér að hafa lítið sem ekkert verið notuð og má því leiða að því líkur að annað hvort hafi Tryggvi ekki verið mikill tóbaksmaður eða átt aðra ófínni pontu sem hann notaði hversdags.

## Öskubakkar



Eftir að sígarettur náðu yfirhöndinni á tóbaksmarkaðnum um miðbik 20. aldarinnar urðu öskubakkar að vinsælum tækifærisgjöfum. Allir áttu öskubakka í stofunni hjá sér, hvort sem þeir reyktu eða ekki, enda þóttu þeir bæði stofustáss og oftast sjálfsagt mál að gestir reyktu inni fyrir ef þeim sýndist svo. Glit-öskubakkarnir íslensku voru fögur hönnun sem var til á öllum betri heimilum. Þá var það klassískt að fyrirtæki létu gera fyrir sig sérmerkta öskubakka úr harðplasti. Þeir þóttu viðeigandi gjöf til starfsmanna og annarra velunnara fyrirtækjanna.

## Spýtubakki



Munntóbaksmenn notuðu spýtubakka til að hrækja út úr sér tóbakinu þegar þeir voru búnir að ná úr því nikótíninu. Vinnukonur höfðu víst margar hverjar óbeit á bökkunum, þeir þóttu óþrifalegir og þá þurfti að þrífa daglega. Í einni munnmælasögunni sem sjá má á sýningu Þjóðminjasafnsins segir af karli sem þurfti nýtni sinnar vegna ekki að nota spýtubakka: „Karl einn átti að hafa verið sérlega nýtinn á tóbakið sitt, af fátækt, nísku eða bara forsjálni. Hann tuggði skroið en hélt tuggunum til haga þegar þær fóru að dofna, þurrkaði þær og notaði síðan í pípuna. Öskunni hélt hann líka til haga, spýtti í hana tóbaksleginum þegar hann tuggði skroið og notaði hana síðan sem neftóbak.“

## Reykjarpípa



Pípureykingar hafa verið stundaðar á Íslandi svo lengi sem tóbak hefur verið flutt hér inn. Þær hafa hins vegar aldrei verið í fararbroddi yfir þær leiðir sem mögulegar eru til að næla sér í nikótín. Krítarpípur eru þó með algengustu fornleifafundum frá 17. öld.

## Tóbakspungur



Tóbakspungurinn var einfaldlega gerður úr eltum hrútspungi. Í hann fór tóbakið þegar búið var að skera það á tóbaksfjöl. Krakkarnir voru oft fengnir í það verk að skera tóbakið, enda þótti það heldur leiðinleg iðja. Þegar tóbakið hafði verið skorið var það elt í pungnum, það er að segja pungurinn nuddaður og tóbakið þannig gert smærra. Þá var tóbakið tilbúið til neyslu og tekið úr tóbakspungnum og sett í dós eða pontu.

## Tóbakshorn



Tóbaksponturnar voru afar misjafnar í útliti og margar hverjar fegurstu smíðisgripir. Algengt var að þær væru úr kindahornum eða beinum og fagurlega útskornar eða skreyttar. Konur gengu ekki með eins stórar pontur og karlarnir, enda þótti það ekki sérlega fínt að konur tækju í nefið. Þeirra pontur voru töluvert minni, fóru vel í vasa eða undir svuntuna, og voru kallaðar kerlingarpontur.


SVIGSKÍÐAFERÐ



Gerlos í Austurríki
4. - 11. febrúar 2012

Gerlos er aðlaðandi skíðabær í austurrísku Ölpunum og vel þekktur á meðal skíðafólks. Hann býður upp á frábærar aðstæður fyrir skíðafólki á öllum aldri og líflega fjallastemningu. Gerlos liggur í 1.300 m hæð og er eitt af fjórum skíðasvæðum í Zillertal Arena, liggur í allt að 2.500 m hæð yfir sjávarmáli og því talið einstaklega snjóöruggt svæði. Tæplega 50 skíðalyftur eru á svæðinu og skíðabrekkurnar sem eru um 166 km á öllum erfiðleikastigum eiga eflaust eftir að koma vönu skíðafólki skemmtilega á óvart. Flogið er með Icelandair til München og haldið sem leið liggur til Gerlos. Gist er á 3* fjölskyldureknu hóteli í austurrískum stíl þar sem morgunverðarhlaðborð og fjögurra rétta kvöldverður með salathlaðborði er innifalið. Hótelið býður einnig upp á nýlega heilsulind. Fararstjórar eru með hópnum alla ferðina, gista á sama hóteli og sjá um að skipuleggja skíðaferðir fyrir þá sem það vilja.

**Fararstjórar: Guðmundur K. Einarsson & Steingrímur Birgisson**

**Verð:** 184.400 kr. á mann í tvíbýli.

**Rútuferðir til / frá hóteli í Gerlos innifaldar!**

**Innifalið:** Flug með Icelandair til München, flugskattar, rútuferðir til og frá flugvelli, gisting í 7 nætur á 3* hóteli í Gerlos, morgun- og kvöldverður, aðgangur að heilsulindinni og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR


## BARÁTTAN GEGN BÖLINU

*Tóbak róm ræmir,*
*remmu framkvæmir,*
*tungu vel tæmir,*
*tár af augum flæmir,*
*háls með hósta væmir,*
*heilann fordæmir,*
*og andlit afskræmir.*

Tóbaksneysla hefur alla tíð verið álitin leiður ávani, eins og þessi vísa eftir Hallgrím Pétursson sýnir. Skáldið var uppi á sautjándu öld, á sama tíma og tóbakið var að ryðja sér til rúms á Íslandi. Tóbak var sagt hafa sljóvgandi áhrif á fólk, auk þess sem það þótti ósómi að eyða peningum í tilgangslaust nautnalyf. Þá þótti það einfaldlega argasti sóðaskapur að neyta þess.

Stór hluti af stúkumenningunni í upphafi 20. aldar var að tala fyrir hvers kyns bindindi og var tóbakið þar ekki undanskilið. Sígarettur urðu ekki vinsælar á Íslandi fyrr en á stríðsárunum, en þá var það helst ungt fólk sem reykti þær amerísku. Á sjötta áratug síðustu aldar komu fram rannsóknir sem sýndu mjög ákveðin tengsl lungnakrabbameins og sígarettureykinga. Þá var farið að berjast af alvöru gegn sígarettureykingum og árið 1969 voru fyrstu tóbaksvarnarlögin sett. Í þeim fólst bann við auglýsingum á sígarettum. Reyndar voru þá einnig gerðar tilraunir með að merkja sígarettupakka með viðvörunum, en því var fljótlega hætt vegna deilna við framleiðendur.

Árið 1974 gerði borgarlæknir könnun á reykingavenjum grunnskólabarna. Niðurstöðurnar voru sláandi, en þær sýndu að 12 prósent tólf ára barna reyktu á þeim tíma. Eftir þessa rannsókn var farið í mikið átak, sem skilaði hröðum árangri meðal yngstu notendanna.

Þótt verulega hafi dregið úr sígarettureykingum virðist tóbakið alltaf hafa eitthvert aðdráttarafl. Á undanförnum árum hefur neysla munntóbaks til dæmis aukist. Því fer því fjarri að þeir sem berjast gegn tóbaksneyslu geti lagt árar í bát og snúið sér að öðrum málum.

## ENGIR STÚKUDRENGIR

Sígarettur komust fyrir alvöru í tísku á Íslandi á stríðsárunum. Þeim hefur þó alltaf fylgt talsverð andstaða og börðust ungmennasamtök oft gegn þeim. Drengir gengu sumir í samtök á borð við „Samtök pilta gegn sígarettureykingum“, þar sem þeir hétu því að reykja aldrei og reyna eftir fremsta megni að halda öðrum piltum frá reykingum líka. Ungu mennirnir á þessari ljósmynd hafa líkast til ekki gengið í samtökin á sínum yngri árum, svo sáttir virðast þeir vera við sígaretturnar sínar þar sem þeir bregða á leik í grasinu.





MYND/ÓLAFUR JÓHANNESSON

# heimili & hönnun

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]

október 2011

## Óregluleg perla

Glerlistamaðurinn Oiva Toikka er frægur fyrir fallega fugla úr munnblásnu gleri. Finninn er áttræður í ár en hvergi nærri hættur störfum.

SÍÐA 2





## Íslensk hönnun um allan heim

Fimm sýningar á íslenskri hönnun fara fram um allan heim þessa dagana. Í Peking í Kína, Seattle í Bandaríkjunum, Búdapest í Ungverjalandi og tvær í Frankfurt í Þýskalandi.

SÍÐA 6



CANDY AFSLÁTTARDAGAR

15% afsláttur

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppþvottavélar og fleira ...

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



CANDY

## UNDIR SÓLINNI...



**● NÝTT HLUTVERK FLÖSKUNNAR** Íslenska hönnunarfyrirtækið Bility hefur vakið mikla athygli fyrir frumlegar og öðruvísi vörur en einn hönnuða fyrirtækisins, Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, á heiðurinn af þessum skemmtilegu vösum úr pappa. Hugmyndin byggir á því að gefa gömlu drykkjarflöskunni nýtt hlutverk en pappaumgjörðin, sem myndar vasa, getur nýst utan um alls kyns gosdrykkja- og safaflöskur.



**● ÚR SJÓNUM** Óvenjuleg dönsk netverslun, bagus.dk, hefur vakið athygli fyrir muni sem seldir eru á vefnum og allir unnir úr við úr skipum. Skipin eiga það sameiginlegt að hafa siglt í kringum eyjarnar Jövu, Balí og Lombok. Framleiðslan er styrkt af Danida-verkefninu, sem skal gæta þess að framleiðslan fari fram samkvæmt öllum reglugerðum.

**● HREKKJAVAKA** Þótt enn sé mánuður í hrekkjavökuhátíðina má fara að huga að undirbúningnum. Hátíðin nýtur sívaxandi vinsælda hérlendis þar sem ungir sem aldnir útbúa veitingar og skreytingar fyrir kvöldið. Benda má áhugasömum á óvenjulegan myndaþátt í nýjasta hefti danska blaðsins Bolig Liv en þar eru tillögur að „fullorðins“ hrekkjavökuskreytingum úr appelsínugulum haustlaufum til að mynda.






● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók myndina á heimili Hildar Sesselju Aðalsteinsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjóri:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.






**Oiva Toikka við glerlistaverk sitt í sendiráði Finnlands í Washington fyrir nokkrum árum. Verk hans eru þekkt um víða veröld og Toikka hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna.**

# Barokk lýsir mér best

● Glerlistamaðurinn Oiva Toikka er fyrir löngu orðinn frægur fyrir yndislega fugla úr munnblásnu gleri. Finninn er áttræður í ár og er hvergi nærri hættur störfum.

Á sviði hönnunar, og þá einkum glerlistar, þykir Finninn Oiva Toikka einstakur. Áttræður nú í ár er hann enn að og má nefna sem dæmi að Magis hefur á þessu ári sett í framleiðslu hillur í barnaherbergi, í líki háhýsis.

Toikka nam leirlist en helgaði sig síðar alfarið glerlistinni. Hann er rómaður fyrir glerfugla sína sem hann hefur hannað fyrir glerframleiðandann Iittala í gegnum tíðina, alls kyns litríka fugla sem eru þekktir á heimsvísu en hver fugl er úr munnblásnu gleri. Verk Toikka eru jafnan á glerlistasýningum um víða veröld og munir eftir hann eru á söfnum um allan heim.

Toikka er óvenjulegur að því leyti hve víða hann hefur haslað sér völl. Hann hefur unnið sem sviðsog búningahönnuður, oftast með einum þekktasta leikstjóra Finna, Lisbeth Landefort, en auk þess hefur hann unnið verkefni fyrir Finnsku óperuna. Öðru hverju hefur hann svo tekið að sér textílhönnun fyrir Marimekko.

Þegar Toikka hefur verið beðinn að útskýra verk sín hefur hann sagt: „Barokk er rétta orðið til að lýsa þeim. Enda er upprunaleg merking þess „óregluleg perla“.

*juliam@frettabladid.is*



**Magis hóf framleiðslu á þessum einstöku barnaherbergishillum nú í ár.**



**Toikka hefur hannað nokkrar vörur ætlaðar börnum fyrir Magis, til dæmis þetta skemmtilega tré.**



**Glerfyrirtækið Nuutajarvi hefur framleitt kertastjaka eftir Toikka.**



**Fuglarnir hans Toikka eru af öllum stærðum og gerðum, uglur, mörgæsir, endur og fleira til og eru allir úr munnblásnu gleri.**

**Fugl handa börnum úr plasti sem má sitja á. Hannað fyrir Magis.**

# ego dekor



HETTHI
Stækkanleg eikarborð

Stærð: 160 (248)X100cm
Verð: 169.900,-

Stærð: 200(288)X110cm
Verð: 189.900,-



PINK DREAM Tungusófi
Stærð: 292X160
Tilboðsverð: 206.100,-



HETTHI Eikarskenkur
Stærð: 180X45XH:125cm
Verð: 195.000,-



AMBER Tungusófi
Stærð: 290X165
Tilboðsverð: 205.700,-

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



FATCAT tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 320X165
Tilboðsverð: 219.600,-



CHANARAL armstóll
Verð: 39.900,-

BAR Lady Rock
Verð: 105.000,-

RONNE stóll
Verð: 29.900,-



KUND tungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar
Stærð: 303X168
Tilboðsverð: 238.500,-

HETTHI
Hvítt Háglans

Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-



Stækkanlegt borð
Stærð:180(268)X100
Verð: 159.900,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 10.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



Montana-hillurnar halda utan um smáhlutina í stofunni.



Hildur hefur safnað strumpum frá barnæsku og á yfir 400 strumpa.



Hugað að hverju smáatriði. Falleg blóm í vasa og skálar og kertastjakar frá ittala skreyta hvítan skenk en húsráðendur eru hrifnir af skandinavískri hönnun.



Uppáhaldshlutur Hildar á heimilinu er píanóið, en það var í eigu ömmu hennar og afa sem spilaði jólalögin á píanóið fyrir fjölskylduna. Gæsalampinn er úr Kisunni en Hildur heillaðist að mjúkri birtunni.



Málverkið í borðstofunni er eftir nýútskrifaðan myndlistarmann frá LHÍ, Þorvald Jónsson, sem er í uppáhaldi hjá Hildi.



Eldhúsið er vinsælasti staður fjölskyldunnar á heimilinu. Hildur segist lítið í framandi réttum en elda frekar lambakjöt og gúllassúpur.

# Líður vel heima

● Fjögurra manna fjölskylda lætur fara vel um sig á Seltjarnarnesinu innan um skandinavíska hönnun. Húsfreyjan segir stílinn á heimilinu verða hlýlegri með árunum.

Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir er heimakær. Enda ekki skrítið, heimili hennar er bæði hlýlegt og fallegt og valinn hlutur á hverjum stað. „Við erum öll heimakær, bæði krakkarnir og við foreldrarnir,“ segir hún en bætir við að fjölskyldan bregði sér stundum af bæ. Hjarta heimilisins er í eldhúsinu þar sem þau horfa á Esjuna yfir morgunmatnum en þaðan er opið yfir í stofuna. „Úr eldhúsinu sést vel yfir íbúðina og þar heyrir maður í öllum. Við erum hrifin af skandinavískri hönnun,“ segir Hildur, sem reglulega á erindi til Danmerkur og Svíþjóðar að kaupa inn vörur fyrir Bella Bútík sem hún rekur á skólavörðustíg. „Við höfum stundum keypt okkur húsgögn á ferðum okkar þangað. Ég á mér engan uppáhaldshönnuð en er hrifin af húsgögnum með karakter og blanda gjarnan saman gömlu og nýju. Persneskar mottur finnst mér líka gera heimilið mjög hlýlegt. Ætli stíllinn hafi ekki smám saman orðið heimilislegri og hlýlegri með aldrinum,“ segir Hildur sposk. *- rat*



Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir, eigandi Bella bútík á Skólavörðustíg, er heimakær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON








**Þetta er allt sama tóbakið** heitir sýning sem var opnuð í Þjóðminjasafni Íslands í gær. Henni er ætlað að varpa ljósi á sögu tóbaksnotkunar og baráttuna gegn henni allt frá upphafi 17. aldar og fram til 1990. Til þess eru notaðir gripir og ljósmyndir frá Þjóðminjasafni, gripir og gögn frá Krabbameinsfélaginu og tónlist sem hefur verið notuð í baráttunni gegn reykingum.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Prinsessan Leoncie fer til vatnaveiða um helgar á milli þess sem hún semur indverska kvikmyndatónlist.**

# Vil ekki mála mig hvíta

Ég er fiskur sem veiðir fiska. Fékk veiðidellu fyrir tveimur árum og fer flestar helgar með Viktori og vinum til veiða við eitthvert vatnanna í nágrenni Essex. Ég er nokkuð fiskin og hef fengið sjö fiska þegar best lét,“ segir Leoncie, sem undanfarin sex ár hefur búið á Englandi en hyggst nú flytja með íslenskum eiginmanni sínum til Íslands á ný.

„Viktor þjáist af heimþrá og það geri ég líka. Ísland er svo frábrugðið öðrum löndum og ég sakna vatnsins, hreina loftsins, fjallanna og harðfisksins.“

Heimferð þeirra hjóna hefur seinkað vegna veikinda Viktors, sem þurfti í stóran uppskurð, en batinn kemur hægt og hljótt þótt Leoncie geti ekki strax boðið honum á dansgólfið.

„Við Viktor kynntumst þegar ég kom í fyrsta sinn til Íslands að skemmta í Glæsibæ. Þá bauð hann mér drykk, sem ég afþakkaði því ég taldi hann á höttunum eftir einhverju meira. Viktor reyndist hins vegar yndislegur íslenskur maður, sterkur og góður, og ég varð fljótt ástfangin,“ segir Leoncie, sem gafst sínum heittelskaða fyrir 29 árum. Saman bjuggu þau lengst af í Kópavogi og þar hefur Leoncie augastað á húsi.

„Það er skrýtið að horfa til Íslands eftir bankahrunið og húsnæðisverð er nánast óviðráðanlegt. En ég er raunsæismanneskja í ákvörðunum og geri ekkert nema að vel athuguðu máli, enda gefur mér enginn neitt,“ segir Leoncie, sem er tvístígandi yfir að flytja aftur til Íslands.

„Í gegnum tíðina hef ég haft það mjög skítt á Íslandi. Íslendingar þjást margir af djúpstæðum kynþáttafordómum og þótt íslensk hegningarlög, grein 233A, kveði á um ströng viðurlög við kynþáttahatri eru lögin bara til skrauts. Fólk hefur komist upp með að kalla mig ýmsum ónöfnum en aldrei hefur verið gert neitt í málunum. Á Englandi færi sá hinn sami í fangelsi, því þar virkar dómskerfið,“ segir Leoncie sár og efast um að ástandið hafi batnað þótt alltaf fjölgi innflytjendum á Íslandi.



„Viktor þráir að flytja aftur til Íslands en ég velti sífellt fyrir mér hvort það sé rétt ákvörðun. Ég er orðin hundleið á að tilheyra minnihlutahópi og vil ekki lifa lengur í þjóðfélagi þar sem meirihlutinn valtar yfir allt og alla. Ég fæ ekki skilið hvers vegna íslenskt þjóðfélag breytist ekki í samræmi við aukna fjölmenningu og verður vinveittara útlendingum,“ segir Leoncie.

Á Englandi starfar Leoncie mestmegnis við tónsmíðar fyrir indverskar kvikmyndir. Vegna vinnunnar fer hún mikið til síns gamla heimalands og segist helst vilja flytja þangað.

„Það eru góðir hlutir að gerast hjá mér og ég gleðst yfir að allt sé á uppleið. Nýja platan, Dansaðu við Leoncie, hefur vakið óvænta athygli í Bandaríkjunum, en á henni eru þau tólf ný og gömul lög sem ég hef samið á íslensku í gegnum árin. Mig langar að kynna heiminum íslenska tungu því hún er falleg og fólk heillast af málinu,“ segir Leoncie, sem einnig vonast til að halda útgáfutónleika á Íslandi og leitar samstarfs við tónleikahaldara.

„Ég kem langoftast að tómum kofanum þegar ég leita liðsinnis íslenska tónlistarbransans og hef ávallt verið útilokuð frá tónlistarverðlaunum, þrátt fyrir áratuga tónlistarstarf. Í dag er mér orðið sama. Ég kæri mig ekki um að mála mig hvíta til þess eins að vera gjaldgeng; ég vil bara vera


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233














**Lummur með sírópi** heyra til á laugardags- og sunnudagsmorgnum. Þær eru fljótlegar, einfaldar og ómótstæðilegar. Blandið 2 dl af hveiti, 1 msk. sykri, 1 tsk. lyftidufti, 1/3 tsk. salti, 1 dl haframjöli, 2½ dl mjólk, 2 msk. olíu og 1 eggi í skál, steikið í litlum skömmtum og njótið.












FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


Framhald af forsíðu



Leoncie segir margar þeirrar skoðunar að Ást á pöbbnum sé hennar besta íslenska lag, en sjálf hefur hún mest dálæti á Enginn trekantur hér og Litla sjóaranum sem hún gerir myndband við um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLASON

ég sjálf, eins og Guð skapaði mig. Hins vegar er óréttlátt að útiloka mig af þeirri einu ástæðu að ég er hæfileikaríkur útlendingur," segir Leoncie og bætir við:

„Í dag er ég sterk og gef lítið fyrir álit annarra. Fólk hefur enda aldrei náð að kynnast persónu minni. Það hefur dæmt mig án þess að gefa mér séns."

En hvern mann hefur Leoncie þá að geyma?

„Ég er gefandi, örlát og heiðarleg manneskja, og mjög góður vinur vina minna. Verði ég vör við óréttlæti breytist ég í tígrisdýr. Misskilningur um mig er allur vegna útlits míns en ég kom með glamúr og litadýrð frá öðrum menningarheimi. Af því að ég var ekki hvít, bláeygð og ljóshærð var ég strax lögð í einelti vegna öðruvísi útlits, hæfileika og bjagaðrar íslensku. Íslendingar láta útlit fólks þvælast of mikið fyrir sér og þeir sem Guð skapaði öðruvísi en Íslendinga eiga þar erfitt líf," svarar Leoncie í einlægni.

En hefur hún eignast góðar vinkonur á Íslandi í gegnum tíðina?

„Nei, ég hef aldrei eignast íslenskar vinkonur. Þær hafa alltaf verið afbrýðisamar og hræddar um mennina sína nálægt mér. Þó hef ég verið gift kona í næstum þrjá áratugi. Það er erfitt að eiga vinskap þeirra sem haldnir eru minnimáttarkennd, en hennar vegna vildu þær ekki kynnast mér í raun og eignast í mér góðan vin."

*thordis@frettabladid.is*



Sigurður Skúlason bregður sér í fjölmörg hlutverk í einleiknum Hvílíkt snilldarverk er maðurinn.

# Spanna ævina frá vöggu til grafar

**Hvílíkt snilldarverk er maðurinn nefnist nýr einleikur Sigurðar Skúlasonar og Benedikts Árnasonar, byggður á verkum Shakespeares.**

Þessi sýning er að frumkvæði leikhópsins Leikur einn, sem er nú eiginlega bara ég," segir Sigurður Skúlason leikari um eigin einleik, Hvílíkt snilldarverk er maðurinn, sem hann frumsýnir í Þjóðleikhúskjallaranum á sunnudagskvöld.

„Aðdragandinn er orðinn langur. Ég hef lengi gengið með þá hugmynd að vinna með texta Shakespeares og á síðustu mánuðum og misserum þróaði ég hugmyndina í samstarfi við leikstjórann, Benedikt Árnason. Við lögðumst yfir Shakespeare og lásum fjöldann allan af leikritum og pældum í eintölum og senum. Annars vegar út frá því að ná að spanna mannsævina frá vöggu til grafar, taka fyrir æskuna og síðan ferðina í gegnum ást, metnað, stríð og átök allt fram í elli og dauða. Það kemur þarna fyrir alls konar fólk af báðum kynjum og öllum stigum þjóðfélagsins og við skoðum hvernig þetta fólk tekst á við lífið og aðstæður sínar. Hinn útgangspunkturinn er sá að draga upp mynd af lífinu sem leikhúsi, enda var það Shakespeare hugleikið að líkja lífinu við leikhús. Þetta tvennt vefst saman í sýningunni og vinnslu handritsins."

Sigurður vefur texta úr ólíkum verkum Shakespeares saman í samhangandi frásögn. „Það eru náttúrulega fjölmörg brot, bæði eintöl, heilar senur, brot og stakar setningar sem er sett í þetta samhengi. Ég leik ýmsar og ólíkar persónur og um leið er ég sögumaður sem gefur örlitla innleiðingu í senurnar."

Sýningin er samstarfsverkefni leikhópsins Leikur einn og Þjóðleikhússins, sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum og hefst klukkan 19.30.

*fridrikab@frettabladid.is*




NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS
BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

Í BOÐI ER:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

KYNNINGARDAGUR Í RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR:
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi: 30.09-07.10.2011.
Áhugasamir geta haft samband í síma 845 8715.
Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka.

VIAUC.DK/HORSENS

VIA UNIVERSITY COLLEGE
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: tekmerk@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE



AFMÆLISHÁTÍÐ

TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN
FAGNAR 50 ÁRA AFMÆLI SÍNU

20%
afsláttur af öllum vörum vikuna 1.–8. október



Sérstakur 50% afmælisafsláttur af völdum vörum.

HAPPDRÆTTI
Heppinn viðskiptavinur vinnur glæsilega ferðatösku.

Kaffi og konfekt í tilefni dagsins.

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



**6.5 TURBO - DÍSEL**
CHEVROLET 2500 38" breyttur. Árgerð 1996, ekinn aðeins 159.þ km,er á 35 „ dekkjum, 5 gírar. Verð áður 1.290.000. Tilboð 990.000. Rnr.244624



**FLOTT EINTAK.**
HONDA HR-V. Árgerð 2002, ekinn aðeins 53.þ km , sjálfskiptur. Verð 980.000. Rnr.245058.



**GOTT EINTAK.**
JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgerð 2005, ekinn 124.þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð áður 2.490.000. Tilboð 1.990.000.Rnr.124483.



**7 MANNA.**
FORD EXPLORER 4X4. Árgerð 2006, ekinn 115.þ km,leður,topplúga, sjálfskiptur. Verð áður 3.190.000. Tilboð 2.590.000. Rnr.124517.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**




Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á netbilar@netbilar.is eða í síma 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**ÁRGERÐ 2010**
VW POLO TRENDLINE Árgerð 2010. Ekinn 58 Þ.KM Verð kr. 1.690.000. Listaverð 1.920.000.



**ÁRGERÐ 2010**
VW POLO TRENDLINE Árgerð 2010. Ekinn 49 Þ.KM Verð kr. 1.690.000. Listaverð 1.920.000.



**ÁRGERÐ 2010**
VW POLO TRENDLINE Árgerð 2010. Ekinn 50 Þ.KM Verð kr. 1.690.000. Listaverð 1.920.000.



**ÁRGERÐ 2010**
VW POLO TRENDLINE Árgerð 2010. Ekinn 46 Þ.KM Verð kr. 1.690.000. Listaverð 1.920.000.



**ÁRGERÐ 2010**
VW POLO TRENDLINE Árgerð 2010. Ekinn 54 Þ.KM Verð kr. 1.690.000. Listaverð 1.920.000.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

HEIMSBÍLAR



SUBARU Impreza STI. árg. 2006, ek. 45km, 6 gira, brembo bremsur, 18"prodrive felgur, Sti framsvunta, Blitz turbo timer, orginal bíll, ekkert tjúnaður, 100% þjónustubók, einn eigandi, HRIKALEGA FLOTTUR, ER Í SALNUM HJÁ OKKUR. STGR. 3.590.000



MMC Pajero gls. Árg. 2003, ek. 136 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður, krókur. o.fl. MJÖG GÓÐUR BÍLL, ER Á STAÐNUM. Verð 2.190.000.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**ÁRGERÐ 2011**
SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Árgerð 2011. Ekinn 17 Þ.KM Verð kr. 4.390.000. Nývirði 4.980.000.



**ÁRGERÐ 2011**
SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Árgerð 2011. Ekinn 14 Þ.KM Verð kr. 4.690.000. Nývirði 5.290.000.



**ÁRGERÐ 2011**
NISSAN QASHQAI Árgerð 2011. Ekinn 9 Þ.KM Verð kr. 4.790.000. Nývirði 5.440.000.



**ÁRGERÐ 2011**
NISSAN X-TRAIL SE DIESEL Árgerð 2011. Ekinn 13 Þ.KM Verð kr. 5.490.000. Nývirði 6.240.000.



**ÁRGERÐ 2011**
HYUNDAI IX35 GLS AWD Árgerð 2011. Ekinn 12 Þ.KM Verð kr. 4.890.000. Nývirði 5.590.000.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



VW Golf 1.9tdi disel. SPARIBAUKUR .Árg. 2006, ekinn 169 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Nýupptekin gírkassi og fleira. Verð 1.590. þús. Rnr.102754.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**http://www.bifreidar.is**






SUZUKI Grand Vitara XL-7. Árgerð 2006, ekinn 103 Þ.km, 7 manna, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.990.000. Rnr.132573. Er á staðnum

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

HEIMSBÍLAR



HYUNDAI Terracan . Árgerð 2005, ekinn 80 Þ.KM, dísel, 5 gírar. góð dekk, GÓÐ KAUP, Verð 2.250.000.



TOYOTA Land cruiser 90 gx. Árg. 2001, ek. 213 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur ný dekk, mikið endurnýjaður. Verð 1.790.000. bÍLLINN ER Á STAÐNUM



LAND ROVER Range rover sport se. Árg. 2006, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur loftpúðafjöðrun, krókur, xenon ljós,VEL BÚINN BÍLL. Verð 6.690.000. ER Á STAÐNUM.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



Audi Q7 3.0TDi S-Line Árgerð 2011, ekinn 4þ.km. Einn með ÖLLU. Er á staðnum til sýnis. Verð 11.990.000kr. Raðnúmer 131645. Sjá nánar á www.stora.is



Hyundai IX35 GLS Árgerð 6/2011, ekinn 14þ.km, ssk. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 4.890.000kr. Raðnúmer 131828. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



M.BENZ E 200 cgi avantgarde. Árgerð 2010, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Rnr.111871.



JEEP Grand cherokee srt 8 gullmoli. Árgerð 2007, ekinn 10 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.272012.



HONDA Jazz 1,4i ls. Árgerð 2007, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.111867.



HYUNDAI I20 gl. Árgerð 2010, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.111875.



VW Polo trendline. Árgerð 2010, ekinn 44 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.217321.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

TOPPBÍLAR



TOYOTA Yaris t-sport. Árgerð 2005, ekinn 86 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.333869.



CHEVROLET S10 ext cab. Árgerð 2005, ekinn 67 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 950.000. Rnr.333860.



M.BENZ 124-línan 300e. Árgerð 1991, ekinn 250 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 390.000. Rnr.333873.



TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2004, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Skoðar skipti á ódýrari Rnr.284910.



MAZDA 6 s/d t. Árgerð 2004, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.370.000. Rnr.284955.



AUDI A4 sedan 1,8t . Árgerð 2005, ekinn 110 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Er að leita af Dísel vinnubíl í skiptum Rnr.284446.



AUDI A3 sportback 1,8turbo. Árgerð 2007, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. TILBOÐ 2.650.000.- Rnr.131027.



SUBARU Impreza. Árgerð 2007, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000.- TILBOÐ 1.990.000. Rnr.131089.



JEEP Grand cherokee limited 4x4. Árgerð 2006, ekinn 71 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000.- TILBOÐ 3.390.000. Rnr.313066.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bilar.is bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur
Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,


TOYOTA Land cruiser 90 Vx. Árg 1997, ekinn 214 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, Mjög fallegur bíll í góðu standi, 8 manna og vel búinn, Ásett verð 1.550.000. Rnr.116990. Er á staðnum


TOYOTA Hiace Stuttur 2wd, Árg 7/2004, ekinn 77 Þ.KM, bensín, 5 gírar, Fínn bíll og lítið keyrður, Verð 1.190.000. Rnr.116941. Er á staðnum,


HYUNDAI Tucson 4x4 Dísel. Árg 8/2007, ekinn 156 Þ.KM, 6 gírar, Einn eigandi, smurbók, loftkæling ofl, Sprækur og sparneytinn bíll, Ásett verð 1.790.000. Rnr.116955.Er á staðnum,


„Það er óvenjulegt að svo margar sýningar séu í gangi á sama tíma,“ segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar, um þá staðreynd að fimm stórar sýningar á íslenskri hönnun fara fram um heim allan þessa dagana. Hún segir alþjóðleg verkefni á borð við þessi skila miklu. „Þær kynna íslenska hönnun og hönnuðina sjálfa. Í gegnum þau geta myndast tengsl sem leiða til nýrra verkefna og samstarfs. Sumir komast til dæmis í tæri við framleiðendur og viðskipti verða til,“ segir Halla og telur ljóst að alþjóðlegar sýningar styrki uppbyggingu íslenskrar hönnunar. Hér fyrir neðan eru taldar upp sýningarnar fimm.

**ALÞJÓÐLEGA HÖNNUNARVIKAN Í PEKING**

Þar fer fram sýning á 32 veggspjöldum eftir Guðmund Odd Magnússon, sem er betur þekktur sem Goddur. Sýning Godds er yfirlit veggspjalda sem hann hannaði á 15 ára tímabili, þar á meðal eru samstarfsverkefni hans við Bjarna H. Þórarinsson og aðra listamenn. Hönnunarvikan í Peking hófst 26. september og henni lýkur 3. október. Markmið hátíðarinnar er að skapa borginni sérstöðu í hönnunargeiranum og auka alþjóðlega samvinnu á þessu sviði.

**HÖNNUNARVIKAN Í BÚDAPEST**

Á sýningunni Couleur Locale – The Colours of Europe in Objects, eru sýnd verk frá um þrjátíu þjóðum en valin voru þrjú verk frá hverju þeirra. Frá Íslandi koma þau Vík Prjónsdóttir, Hörður Lárusson og fyrirtækið Össur. Sýningin var opnuð í gær og stendur til 30. október.

**ARCHITEKTUR & ISLAND Í FRANKFURT**

Sýningin tengist bókamessunni í borginni þar sem Ísland er í aðalhlutverki. Velt verður upp þeirri spurningu hvernig land sem ekki býr yfir náttúrulegum byggingarefnum á borð við timbur og múrstein hefur þróað byggingarstíl sinn úr moldarkofunum. Einnig hvernig Íslendingar tóku á skyndilegu ríkidæmi og sömuleiðis skyndilegu hruni. Á sýningunni verða myndir eftir ljósmyndarann Guðmund Ingólfsson.

**RANDSCHARF, ON THE CUTTING EDGE Í FRANKFURT**

Í tilefni af heiðursþátttöku Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt var efnt til sýningar helgaðri íslenskri hönnun í Hönnunarsafni Frankfurt – Museum für Angewandte Kunst. Þar eru sýndar yfir 100 vörur af margvíslegum sviðum íslenskrar hönnunar. Dregin verður upp mynd af fjölbreytileika íslenskrar hönnunar – allt frá fatahönnun til samskiptahönnunar – og varpað ljósi á þau áhrif sem litróf íslenskrar náttúru, lega landsins og frásagnarhefð þjóðarinnar hefur á hönnun Íslendinga. Fimmtíu og níu íslenskir hönnuðir taka þátt.

**NORDIC FASHION BIENNALE Í SEATTLE**

Norræni tískutvíæringurinn 2011 var opnaður 30. september í Norræna sögusafninu í Seattle. Um er að ræða sex vikna sýningu sem hyllir norræna hönnun, tísku og nýjungar. Sýningin er opin almenningi og mun standa til 13. nóvember. Með áhugaverðum innsetningum verður varpað ljósi á margt það fremsta í norrænni tískuhönnun með áherslu á Ísland, Grænland og Færeyjar.

*Frekari upplýsingar um sýningarnar og sýnendur er að finna á www.honnunarmidstod.is* - sg



Goddur verður með sýningu á 32 veggspjöldum á hönnunarviku í Peking.

# STINGUM EKKI HÖFÐINU Í SANDINN



## TAKK!

Á Stígamótum ákváðum við að blása á niðurskurð og slæmt efnahagsástand og bæta og auka þjónustu okkar. Við opnuðum nýtt athvarf, bættum þjónustu fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins og ákváðum að láta reyna á stuðning og velvilja almennings.

Götukynnar hafa undanfarnar helgar kynnt starf Stígamóta á fjölförnum stöðum og boðið fólki að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Viðtökurnar hafa verið frábærar. Götukynnar verða í Kringlunni og í Smáralind um helgina, en eftir það er hægt að gerast styrktaraðili í gegnum heimasíðuna okkar **www.stigamot.is** eða með því að hringja á Stígamót í síma 562 6868.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn,
hann mun skila sér í bættri líðan fjölda fólks.

*Stöndum saman*
*– Styrkjum Stígamót!*

Stígamót

heimili & hönnun

**HEIMA VIÐ**



**HELGA SIGURBJARNARDÓTTIR, INNANHÚSSARKITEKT**

Hún er annar innanhússhönnuðurinn að baki húsgögnum í almenningsrými tónlistarhússins Hörpu.

**Síðasti hlutur sem ég keypti mér?** Tvær japanskar KimmiDoll sem ég keypti mér í Barcelona í sumar. Ég er sérstaklega heilluð af öllu japönsku og þessar dúkkur eru ekki bara fallegar heldur tákna þær allar eitthvað sérstakt.



**Eftirlætis húsgagnið mitt er?** Túrkisblái stóllinn minn, Libel, en hann er eitt af fyrstu húsgögnunum sem við hjónin keyptum okkur eftir að ég kláraði námið og við fluttum aftur heim frá Ítalíu.

**Ómissandi í stofuna er?** Góður stóll og fallegir lampar.

**Næsta framkvæmd á heimilinu er?** Að stækka baðherbergið á neðri hæðinni. Við ætlum að fórna litlu tölvuherbergi sem er við hliðina á baðinu og fá þannig stórt baðherbergi með sturtu og baði.

**Uppi á vegg hangir?** Þetta litla þrykk úr stóru Erró verki. Þessa mynd á ég honum pabba mínum að þakka. Hann stóð heillengi í biðröð fyrir mig til að kaupa Erróbókina, sem kom út fyrir nokkrum árum. Hann var einn af fyrstu hundrað og fékk því þetta áritaða verk með.




Ottobre festa

uno cucina italiana

Tilboð

3ja rétta matseðill

3.490 kr.



## Forréttir

**Bruschetta Mozzarella**
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.

**Carpaccio classico**
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.

**Calamari**
Djúpsteiktur smokkfiskur með sólþurrkuðu tómataioli.

**Hvítlauksbakaðir humarhalar**
Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.





- Þú velur einn rétt úr hverjum flokki.
- Gildir sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út október.



Kynntu þér veisluþjónustuna á uno.is

## Eftirréttir

**Tiramisu a la Nino**
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.

**Amaretto súkkulaði Brownie**
Með vanillu gelato.

**Möndlukaka**
Með dulce de leche – frábær með kaffinu.

**Ís kokksins**

## Aðalréttir

**Humar og risarækju Linguini**
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.

**Kjúklinga Tagliolini**
Tagliolini með hægeldaðri kjúklingabringu, sveppum, spínati, rjómaosti, svörtum pipar og pancetta í rjómasósu.

**Insalata con pollo**
Romain salat með grillaðri kjúklingabringu, prosciutto mulningi, kirsuberjatómötum, gúrku, melónu, og sinnepsdressingu.

**Graskers gnocchi**
Gnocchi með valhnetum, sveppum, chili og gorgonzolasósu.

**Ítalskur lúxusborgari**
„Rustic“ ítalskur hamborgari sem búinn er til úr fyrsta flokks kjöti. Viðargrillaður 140 g hamborgari með osti, tómataioli, prosciutto, romaine salati, sveppum, rauðlauk, chili og heimalagaðri tómatsósu. Kemur með frönskum.

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is



Láttu Draumaeldhúsið þitt verða að veruleika með HTH

Veldu réttu innréttinguna fyrir heimilið þitt.
HTH er hágæða dönsk framleiðsla og þú hefur tvo valkosti!

HTH

1) SÉRPANTAÐ OG SAMSETT



INNRÉTTINGAR Í
• ELDHÚS
• BAÐHERBERGI
• ÞVOTTAHÚS
SKÁPAR Í ÖLL HERBERGI

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

2) LAGERVARA OG ÓSAMSETT

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á VÖRU OG VIRKNI

12 MÁNAÐA VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15

Persónuleg og góð þjónusta

ORMSSON

Viltu að við hönnum sérstaklega fyrir þig nýju eldhús- eða baðinnréttinguna – án greiðslu?

Viltu fá faglegar ráðleggingar við endurnýjun innréttinga og svo pottþétt verðtilboð?

*Endilega komdu þá í heimsókn!*

LÁGMÚLA 8 · 2. HÆÐ · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2819 / 530 2821 · www.hth.dk




# STÓRA BÓKIN UM *Villibráð*




- Sannkallað alfræðirit
- Ómótstæðilegar sælkerauppskriftir
- Aðgengilegar leiðbeiningar um verkun og meðferð villibráðar
- Gullfallegar ljósmyndir










*„Með þessari nýju bók Úlfars er að mínu viti komin fram ein ýtarlegasta og besta bók með leiðbeiningum og uppskriftum fyrir íslenska villibráð sem hægt er að fá.“*

Sólveig Baldursdóttir, fv. ritstjóri Gestgjafans

Villti kokkurinn, Úlfar Finnbjörnsson,
**veiðir, verkar og eldar!**

*Villt, ferskt og lífrænt*

Salka

**Skipholti 50c • 105 Reykjavík • salka.is**

**BÓKIN FÆST HJÁ**
Eymundsson



# Facebook fær nýtt hlutverk

**Vefsamfélagið Facebook hefur oft gengið í gegnum breytingar á notendaviðmóti en aldrei eins og nú. *Birgir Þór Harðarson* kynnir hér róttækustu breytingar á Facebook sem samskiptavefurinn hefur gengið í gegnum frá upphafi.**



**KYNNIR BREYTINGAR** Mark Zuckerberg kynnti nýjungar á Facebook. Meðal þeirra er tímalínan sem safnar upplýsingum um líf notenda og raðar í tímaröð, allt frá fæðingu til dagsins í dag. Markmiðið er að endurspegla líf notenda á sjónrænan hátt, með flennistórum myndum og tilkynningum um athafnir á vefnum. NORDICPHOTOS/AFP

Þær eru ekki margar vefsíðurnar sem hafa jafn traustan áskrifendahóp og Facebook. Vefurinn hefur stækkað gríðarlega síðustu ár og tekur stöðugum breytingum. Facebook gengur nú í gegnum róttækustu breytingar frá upphafi.

Mark Zuckerberg, framkvæmdastjóri Facebook, kynnti breytingar á útliti og notkunarmöguleikum vefsamfélagsins. Bráðlega munu notendur geta deilt nánast öllum atriðum úr lífi sínu með vinum sínum á einfaldari hátt. Zuckerberg kynnti líka nýjung: Tímalínu þar sem notendur geta skoðað atriði úr lífi vina sinna langt aftur í tímann, jafnvel löngu áður en Facebook kom til sögunnar.

Fyrirbærið hefur verið forritað til að taka saman helstu atriðin úr lífi notenda og raða þeim í tímaröð. Fyrsta fréttin er auðvitað hvenær notandinn er fæddur. Hann getur í framhaldi skráð helstu tímamót í lífi sínu og dagsett. Hafi notandi átt aðgang að Facebook fyrir þessar breytingar tengist allt sem hann hefur sett inn og allar myndir sem hann er merktur á við þessa tímalínu.

**Allt það helsta á einum stað**

Einnig hefur fréttaveitunni verið breytt örlítið og nýjum hlutum bætt við. Nú er auðveldara að ritstýra því sem fréttaveitan sýnir. Allar ómerkilegri tilkynningar um hvort einhver hafi gert athugasemd við færslu vinar, eða hvort einhverjum hafi líkað myndir, er ekki lengur að finna í fréttaveitunni sjálfri. Í staðinn kynnti Facebook sérstakan fréttaritil sem uppfærir sjálfkrafa allar tilkynningar.

Þá býður uppfært Facebook upp á að setja vini í sérstaka vinalista. Vinalistarnir virka ekki ósvipað þeim sem Google plús býður notendum sínum upp á. Með listunum getur notandinn valið hvort hann sjái uppfærslur frá einhverjum sérstökum hópi eða einfaldlega helstu fréttir úr sínu nánasta samfélagi.

**Saga þín frá fæðingu á tímalínunni**

Tímalínan hefur enn ekki verið opnuð formlega en netverjar gera ráð fyrir að það verði strax á fyrstu vikum októbermánaðar. Áhugasamir notendur geta nálgast þróunarútgáfu af tímalínunni með því að festa viðbót við aðganginn sinn. Þannig geta allir tekið þátt í að fullkomna tímalínuna.

Notendur hafa enn vald yfir því hverju þeir deila með öðrum og hverju ekki. Tímalínunni er hægt að ritstýra á einfaldan hátt og ákveða að sýna ekki hallærislegar myndir frá löngu liðnum árshátíðum eða tilkynningar um sambandsslit við fyrrverandi.

Þegar tímalínan verður opnuð opinberlega verður hún ekki sjáanleg vinum notenda fyrr en notandinn er búinn að taka ákvörðun um að birta hana. Hægt verður að stilla tímalínuna að vild, velja og hafna færslum til að sýna. Notandinn birtir síðan tímalínuna þegar hún er klár, brenni hann ekki inni á tíma. Tímalínan birtist nefnilega sjálfkrafa eftir ákveðið langan tíma frá virkjun hennar.

Breytingar á viðmóti Facebook hafa verið nokkuð tíðar síðan samfélagið fór af stað. Þær hafa iðulega farið í taugarnar á notendum í fyrstu og tala margir um að „Facebook hafi bara verið fín eins og hún var". Eflaust hafa því margir orðið örlítið pirraðir þegar nýju breytingarnar voru kynntar. Það er hins vegar mat greinarhöfundar að engum vandkvæðum sé bundið að venjast þessu nýja viðmóti og þess ber að geta að breytingar á Facebook hafa hingað til virst vel ígrundaðar áður en þeim hefur verið hleypt af stokkunum.

**Einfaldleiki í fyrirrúmi**

Þegar Mark Zuckerberg kynnti þessar nýju breytingar lagði hann áherslu á að það ætti að vera einfalt fyrir notendur að deila lífi sínu með vinum sínum í gegnum vefinn.

Einfaldleikinn er í fyrirrúmi hvað viðbætur við Facebook varðar. Með viðbótum er átt við leiki, tónlistarforrit, kvikmyndaforrit og nánast allt annað sem þér dettur í hug. Nú hefur viðbótunum verið breytt þannig að þær spyrja notandann aðeins einu sinni hvort hann vilji leyfa viðbótinni að deila aðgerðum innan hennar.

Annað sem á að einfalda notkunina er að nú geta notendur valið úr lista hvers konar færslu þeir vilja gera. Hafir þú til dæmis trúlofað þig er nú sérstök aðgerð til að tilkynna það. Að sama skapi ef þú fótbrýtur þig, útskrifast úr skóla eða lærir nýtt tungumál.

**Nýtt hlutverk vefsins**

Markmiðið með þessum nýjustu breytingum er að bjóða notendum að deila lífi sínu með vinum og kunningjum á skipulagðari hátt en áður. Nú er kominn hvati fyrir notendur síðunnar að gera grein fyrir lífi sínu frá því áður en vefurinn fór af stað. Facebook er að skapa sér nýtt hlutverk sem gagnasafn um fólk og fortíð þess. Facebook er ekki lengur bara samskiptavefur heldur safn upplýsinga um fólk.

Facebook gæti því búið yfir upplýsingum um æviskeið 800 milljóna manna um heim allan innan skamms tíma.

## ■ HVERNIG RITSTÝRIR MAÐUR TÍMALÍNUNNI?

Tímalínan á Facebook er nokkuð viðamikil og það gæti reynst nokkuð strembið að fara í gegnum allar færslur langt aftur í tímann og velja úr það sem vinir manns fá að sjá. Það getur samt verið skemmtilegt að fara í gegnum gamlar færslur sem kannski voru gleymdar og grafnar.

Tímalínan er forrituð þannig að hún skiptist upp í tímabil. Nýliðnum tímabilum er skipt í mánuði en eldri tímabilum í ár. Eins og gefur að skilja safnast mikið efni í hverjum mánuði hjá virkum Facebook-notanda, hvað þá á heilu ári. Facebook hjálpar því til við að velja atburði til að sýna með því að safna saman vinsælustu hlutunum í því tímabili sem unnið er með. Þannig eru afmælisdagar fólks meðal þeirra atburða sem líklegir eru í úrvalið sem Facebook tekur saman. Vinamargur notandi hefur jafnvel fengið yfir 100 krot á vegginn á afmælisdeginum.

Það er einfalt að gera færslur veigameiri á tímalínunni. Þegar færsla hefur verið fundin er einfaldlega smellt á stjörnuna sem birtist þegar músin er færð yfir. Þá stækkar glugginn yfir dálkana tvo. Einfalt er að minnka hlut færslnanna: Smellið bara aftur á stjörnuna aftur.

## NÝTT NOTENDAVIÐMÓT Á FACEBOOK

**Fréttaveita**

Hér sér notandinn allt það helsta sem vinir hans eru að hugsa. Allar vinsælustu færslurnar birtast hér svo hægt sé að taka taka þátt með í heitum umræðum. Fréttaveitan hefur verið hönnuð til að finna sjálfkrafa mynstur í áhugasviði vina og tilkynna notendum.

**Fréttaveitunni ritstýrt**

Blái flipinn sem birtist í vinstra horni hverrar færslur í fréttaveitunni gerir notendum kleift að velja og hafna því sem birtist í fréttaveitunni. Viljir þú til dæmis sjá allar myndir um leið og þeim er deilt smellir þú á flipann og Facebook sýnir þér fleiri myndir um leið og þær berast.

**Flýtileiðir og síur**

Vinstra megin við fréttaveituna er hægt að hoppa í pósthólfið, velja hvort skoðaðir eru sérhópar í fréttaveitunni eða tekið þátt í hópum með öðrum notendum.

**Tímalínan skoðuð**

Sé smellt á nafn notanda í bláa borðanum efst opnast tímalínan eins og hún birtist öðrum notendum. Hingað er farið ef ritstýra á tímalínunni.

**Fréttaritill**

Þetta er nýjung sem birtist hægra megin við fréttaveituna eða efst í spjalllistanum. Facebook uppfærir sjálfkrafa allar ómerkilegri fregnir hér, athugasemdir og „like".





TIL LEIGU SMÁRATORG 3

GLÆSILEG SKRIFSTOFUBYGGING Í MIÐJU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

**Höfum til leigu skrifstofuhúsnæði á 12. hæð, 417 m² að stærð.**

Taktu þátt í blómlegum rekstri í miðju höfuðborgarsvæðisins í glæsilegu umhverfi á einu mest vaxandi verslunar- og þjónustusvæði landsins.

**Smáratorg 3** er hæsta bygging landsins, vel staðsett í miðju höfuðborgarsvæðisins á einu sterkasta þjónustusvæði landsins, mitt á milli tveggja af sterkustu verslunarmiðstöðvum landsins Smáralindar og Smáratorgs.

**Gott aðgengi og fjöldi bílastæða**

Glæsileg móttaka er í byggingunni með símsvörun og móttöku gesta. Á lóðinni er fjöldi bílastæða með góðu aðgengi til og frá helstu stofnbrautum.

Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Freyr Albertsson í síma: 897 2822 eða netfang: david@smi.is
eða Arnar Hallsson í síma: 892 5858 eða netfang: arnar@smi.is.

smi Real Estate Group

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | www.smi.is

# SÓFA-DAGAR!

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

## ALLIR SÓFAR Á TILBOÐSVERÐI!

Framlengjum sófadagana til mánudagsins. 3. október

**GRÝPTU TÆKIFÆRIÐ OG FINNDU SÓFANN ÞINN!**



NÚNA **30%** AFSLÁTTUR

**159.990**
**FULLT VERÐ: 239.990**

**FLOW** tungusófi. Grátt áklæði. 253x215 H:83/43 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.



**SETT!** 2 + 3 SÆTA **259.980** fullt verð ~~379.980~~



**SETT!** 2 + 3 SÆTA **159.980** fullt verð ~~239.980~~

**STYLO** 3 sæta sófi. Svart leður. B:200 D:85 H:85 cm. **174.990** fullt verð ~~219.990~~.
**STYLO** 2 sæta sófi. Svart leður. B:158 D:85 H:85 cm. **124.990** fullt verð ~~159.990~~.

**STYLO** 3 sæta sófi. Grátt áklæði. B:200 D:85 H:85 cm. **99.990** fullt verð ~~139.990~~.
**STYLO** 2 sæta sófi. Grátt áklæði. B:158 D:85 H:85 cm. **74.990** fullt verð ~~99.990~~.

## 20-50% afsláttur af ALLRI smávöru!

Gildir til 3. október



**30%** AFSLÁTTUR af allri baðvöru!



**ZONE** hnífapör, 16 stk.
Kr. **8.990** fullt verð kr. ~~19.980~~.



**ARISTO** kertastjaki stjarna. 2 stk.
Kr. **990** fullt verð kr. ~~1.490~~.



**SPIZY** viskustykki. Margar gerðir.
Kr. **690** fullt verð kr. ~~990~~.



**KJ** glas. Þ:8 H:9. Kr.
**149** fullt verð kr. ~~290~~.

**ZONE DOLOMIT** sápupumpa.
Kr. **690** fullt verð kr. ~~990~~.



**SPIZY** miniature vasi.
Kr. **990** fullt verð kr. ~~3.990~~.



**SPIZY** teljós fyrir 9 ljós. Svartur eða hvítur.
Kr. **1.990** fullt verð kr. ~~4.990~~.



**SPIZY** kanna. Margar gerðir.
Kr. **290** fullt verð kr. ~~490~~.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

EXPO • www.expo.is

# Krossgáta

**Lárétt**
**2.** Para mann við górillur (8)
**5.** Hljómsveitarstúss (4)
**11.** Blaut í framan, enda sorglega vott ár
**13.** Einstaka segir Tobbu ekki eiga Karl (9)
**14.** Uppnefni Salómóns gamla sem var hress en oft á klósetti (7)
**15.** Næri bjána mér við mjúkt náttskyrtubrjóst (6)
**16.** Hlunnindi hreyfðir og nýttir
**17.** Boðlegt hey fyrir vel kynjaða (7)
**18.** Borðaðir líkt og besti vinur Mikka (8)
**19.** Nakinn harmur, hvergi skjól (8)
**21.** Raulari getur ekki hreyft sig (7)
**24.** Þögul þótt fáir hafi dáið (5)
**26.** Skrifa mín ljóð sjálf því ég vinn ekki með öðrum (7)
**28.** Axlaði hirslu fyrir flöskur og glös (7)
**29.** Kringlu kasta í kveðskap (10)
**32.** 27. ríkið eða íslenskt dellu-uppnefni á systur Emils? (7)
**34.** Teikna draug af dugnaði (10)
**35.** Leggst á árar og göslast í garmana (7)
**36.** Fyrirmyndarfljóðið í samlokugerðinni (9)
**37.** Sól rís og skín á dúk dagsins (10)
**38.** Vald spillir, leiðir til lélegrar (9)
**39.** Birgir Leifur æpir, enda misboðið (8)

**Lóðrétt**
**1.** Frjáls æska þýðir óreglu (7)
**3.** Fé rennur fyrir galdur til leðurbuxna af liðnu líki (8)
**4.** Vesalingur frá Armeníu? (7)
**6.** Úr grjótinu að framleiðslunni (9)
**7.** Stelum tölvutækum stauti (9)
**8.** Vinsælt konudót (10)
**9.** Eru stólar til helminga sætabrauð? (8)
**10.** Fullyrðir að allir geti allt (7)
**12.** Sundraði bjargi með handverkfæri (10)
**19.** Þeir sem sögðust vilja það burt stækkuðu það mest (4)
**20.** Sending sem enginn vill fá styrkir og skiptir skjá (12)
**22.** Notar strákrenglu ef rignir? (9)
**23.** Bara frændi, þótt gamalt orðið hljómi einsog hann sé lítill (11)
**24.** Leðja pendúlsins rakin til leiðtogans (11)
**25.** Stífla og snepill þekja gólfflötinn (11)
**27.** Haugasjór er haugasnjór? (9)
**30.** Skrifar um sjó og furðufyrirbæri (8)
**31.** Iðragums espa og finn fjaðrirnar (7)
**32.** Stingandi, ilmandi og alltaf græn en dugar ei til sauma (7)
**33.** Langar í teygðar (7)




## Ný krossgáta á hverjum laugardegi

Fréttablaðið býður nú lesendum upp á verðlaunakrossgátu í viku hverri. Ekki er um að ræða hefðbundna samheitakrossgátu eins og þær sem algengastar eru hér á landi heldur er hver vísbending í það minnsta tvöföld í roðinu. Til að leysa krossgátuna í heild þarf því í raun að svara fjölmörgum minni gátum sem lævís höfundurinn leggur fyrir lesendur í formi vísbendinga sem auðveldlega geta leitt fólk á villigötur ef ekki er varlega farið. Leikurinn felst þannig í því að sjá í gegnum þann blekkingarvef sem höfundur spinnur hverju sinni, snúa út úr útúrsnúningum hans og afrugla ruglið sem frá honum kemur. Góða skemmtun.



## Vinnur þú gjafakörfu?

Dregið verður úr innsendum lausnarorðum og mun vinningshafinn hljóta að launum veglega gjafakörfu frá Te og Kaffi að verðmæti 5.000 kr.

TE & KAFFI

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nafn á plöntu. Sendið lausnarorðið fyrir 5. október næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „1. október“.






FULL BÚÐ
AF NÝJUM VÖRUM!
ÓTRÚLEG
VERÐ
YFIRHAFNIR
20% afsláttur
aðeins um helgina
GALLABUXUR
mikið úrval
PEYSUR
mikið úrval
SKÓR
ný sending
11.990 kr
smárar
SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 25
SÍMI 571 1700


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU
698 KR.1/2 KG
GEVALIA KAFFIBAUNIR 500 GRÖMM
EBONY MÖRKROST & ITALIENSK ESPRESSO
579 KR.KG
498 KR.KG
SS ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRARPYLSA 579 KR.KG BLÓÐMÖR 498 KR.KG.
198 KR.10 STK
3000 PAKKAR Í BOÐI
EMMESSÍS ÁVAXTASTANGIR
10 STK. Í KASSA
GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA
379 KR. PK
PIZZA TOPPUR 400G
RIFINN OSTUR Á PIZZUNA
359 KR. 153 G
BÓNUS PEPPERONI 153 GR
100% KJÖT
898 KR. 153 G
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%
198 KR. 400 GRÖMM
259 KR. 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG 400 GRÖMM
VENJULEGT EÐA SPELTI
998 KR. 1 KG
BÓNUS SÚKKULAÐITERTA
ÞRIGGJA HÆÐA : 1 KG
129 KR. 1 LTR.
79 KR. 500ML
UMHVERFISVÆNN
MARGNOTA BURÐARPOKI
195 KR. STK
HUNDA-NAGBEIN 13 SM.
2 STK 259 KR.
20 STK.
HUNDANAG
298 KR.
HUNDA-NAGSTYKKI 24 SM.
359 KR.
HUNDA-NAGBEIN 21 SM.
259 KR.
20 STK.
HUNDANAG
198 KR.
ICEPET HUNDAFÓÐUR
HUNDAFÓÐUR 12 KG. POKI 3598 KR.
HUNDAFÓÐUR 2 KG. POKI 898 KR.
HVOLPAFÓÐUR 5 KG. POKI 1998 KR.
ICEPET KATTAFÓÐUR
KATTAFÓÐUR 7 KG.
2798 KR.
KATTAFÓÐUR 2 KG.
998 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# UGARDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU



998 KR. KG

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



998 KR. KG

FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI



598 KR. KG

FERSKUR GRÍSABÓGUR





798 KR. KG

FERSKT ALI GRÍSAHAKK



400 KR. VERÐLÆKKUN

1498 KR. KG

ALI HUNANGSKRYDDAÐAR
ÚRB. GRÍSAKÓTILETTUR



1498 KR. KG

400 KR. VERÐLÆKKUN

ALI BARBECUE KRYDDAÐAR
ÚRB. GRÍSAKÓTILETTUR





698 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR





895 KR. KG

ÍSLANDSLAMB; HÁLFUR FROSINN
LAMBASKROKKUR NIÐURSAGAÐUR





698 KR. KG

BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI





598 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR





298 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR



298 KR. KG

FROSIN LAMBAHJÖRTU



3598 KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET I.FLOKKUR



259 KR. KG

FROSIN LAMBALIFUR



1398 KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI I.FLOKKUR

## FROSIÐ LAMBAKJÖT
## HAUST SLÁTRUN 2011



998 KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR / FRAMP.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JIMMY CARTER** Bandaríkjaforseti fæddist þennan dag árið 1924.

*„List og ást á náttúrunni er sameiginlegt tungumál sem getur náð þvert yfir pólitísk og félagsleg landamæri.“*



## 90 ára afmæli

**Frú Sigríður Helgadóttir**

frá Hofi í Vopnafirði, verður níræð í dag, laugardaginn 1. okt. Hún tekur á móti vinum og ættingjum í félagsheimili tannlækna, Síðumúla 35 klukkan 16.00.

Sigríður afþakkar gjafir, en framlag til nauðstaddra í Afríku myndi gleðja hana.

SJÁLFBOÐALIÐASAMTÖK UM NÁTTÚRUVERND: FAGNA 25 ÁRA AFMÆLI

# Opna forna þjóðleið um Klukkustíg á Þingvöllum

„Við höldum upp á aldarfjórðungsafmælið í sönnum anda samtakanna með því að opna forna þjóðleið í Þingvallaþjóðgarði. Það hefur verið starf okkar gegnum árin að vinna að stikun, merkingum og stígagerð og greiða þannig leið fólks að náttúruperlum víða um land,“ segir Þorvaldur Örn Árnason, formaður Sjálfboðaliðasamtaka um náttúruvernd sem fagna 25 ára afmæli um helgina. Eftir að hafa sagað og klippt birki á Þingvöllum halda félagarnir afmælishátíð í Alviðru, fræðslusetri Landverndar undir Ingólfsfjalli, snæða kvöldverð, rifja upp sögur úr starfinu og kíkja á ljósmyndir og önnur söguleg plögg. Svefnpokagisting er í boði og á morgun er áformað að lagfæra fallega gönguleið meðfram Soginu í Öndverðarnesi.

Aðdragandann að stofnun samtakanna árið 1986 rekur Þorvaldur Örn til breskra sjálfboðaliða sem komu reglulega hingað til lands á árunum 1978-1985. Þeir unnu að landbótum og gerð stíga í Jökulsárgljúfrum, Krísuvík, Skaftafelli, við Gullfoss og víðar á friðlýstum svæðum. Hann segir nokkra Íslendinga hafa unnið með þeim bresku, bæði hér á landi og erlendis, smitast af hugmyndafræðinni og stofnað íslensku samtökin.

„Við höfum á þessum aldarfjórðungi skipulagt 160 vinnuferðir á 80 staði á landinu og unnið þar rúmlega fimm þúsund dagsverk úti í náttúrunni, oftast á svæðum sem eru eftirsótt af ferðamönnum,“ lýsir Þorvaldur Örn. Hann segir vandvirkni einkenna störfin. „Við reynum að láta verk okkar falla vel að náttúrunni. Stiklur eru látnar í læki ef mögulegt er að komast hjá því að setja trébrýr, trjástofnar eru notaðir í tröppur í skóglendi en í grýttum brekkum eru tröppur gerðar úr náttúrugrjóti.“ Hann segir tilganginn alltaf að vernda náttúruna og forða frá óþarfa átroðningi og mengun. Sums staðar hafi öyggi þó orðið að ganga fyrir útliti, til dæmis hafi samtökin sett upp pall með handriði við Gunnuhver í grennd við Reykjanesvita og grjótvegg við Koluhver, hjá gömlu sundlauginni á Reykjanesi við Djúp.

Þorvaldur segir langflest verkefni sjálfboðaliðanna þjóna bæði náttúruvernd og ferðaþjónustu – og útivinnan heilli. „Sjálfboðaliðarnir fá dýrmæt tækifæri til að kynnast náttúruperlunum sem unnið er á,“ segir hann. „Auk þess að eiga gefandi samverustundir með fólki sem hefur svipuð áhugamál.“ Nánar má lesa um samtökin á http://frontpage.simnet.is/sja.is/

gun@frettabladid.is



**FORMAÐUR SJÁ** „Við höfum á þessum aldarfjórðungi skipulagt 160 vinnuferðir á 80 staði á landinu og unnið þar rúmlega fimm þúsund dagsverk,“ segir Þorvaldur Örn.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Snæbjörnsdóttir**

Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést laugardaginn 24. september á Hrafnistu, Hafnarfirði. Útförin auglýst síðar.

**Elín Birna Hjörleifsdóttir**
**Jón Hjörleifsson**
**Sigríður Hjördís Hjörleifsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Arnór Hvanndal Hannesson**

múrari, Móaflöt 41, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut deild 11G miðvikudaginn 14. september. Útförin hefur farið fram. Þökkum vináttu og veittan stuðning, sérstaklega til starfsfólks á deild 11G Landspítalanum.

**Þuríður Kristinsdóttir**
**Hannes H. Arnórsson**
**Málfríður A. Arnórsdóttir** **Guðjón M. Ólafsson**
**Kristinn M. Arnórsson** **Guðlaug R. Guðmundsdóttir**
**Arnór H. Arnórsson**
**og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Knúts Bergsveinssonar**

Kópavogsbraut 1a,
áður Melgerði 36, Kópavogi.

**Dýrólína (Lóa) Eiríksdóttir**
**Logi Knútsson** **Ásta Kristjánsdóttir**
**Auðbjörg Halla Knútsdóttir** **Sæmundur Kr. Þorvaldsson**
**Auður Lena Knútsdóttir** **Rúnar Emilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir

**1862** Barnaskóli tekur til starfa í Reykjavík með fimmtíu börn í tveimur bekkjum.

**1933** Ásta Magnúsdóttir er skipuð ríkisféhirðir, fyrst kvenna til að gegna opinberu embætti á Íslandi.

**1977** Stofnuð eru Samtök áhugafólks um áfengisvandmálið (SÁÁ).

**1981** Ökumenn og farþegar í framsæti bifreiða eru skyldaðir til þess að spenna öryggisbeltin.

**1987** Sjónvarpið byrjar útsendingar á fimmtudögum, sem fram að því höfðu verið sjónvarpslausir.


**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf**



Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 551 3485/896 8284 (24 tíma vakt)
Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri* - S. 892 8947




†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Björnsdóttir Blöndal**

frá Siglufirði,

andaðist að morgni 28. september á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**Ólöf Birna Blöndal** **Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal** **Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal** **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal** **Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ó. Blöndal** **Friðrik Jón Arngrímsson**
**ömmubörn og langömmubörn**


Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA
Vönduð og persónuleg þjónusta


Inger Steinsson


Inger Rós Ólafsdóttir


Ólafur Örn Pétursson

Sími: 551 7080 · 691 0919 · athofn@athofn.is · www.athofn.is




†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,*

**Jóns Guðlaugs Antoníussonar**

Barðavogi 5.

**Elísabet Jóna Erlendsdóttir**
**Gerður Jónsdóttir**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Birna Jónsdóttir**
**Erlendur Jónsson**
**Gísli Jónsson**
**Elísabet Sara Gísladóttir**
**Arnar Logi Gíslason**



†

*Ástkær dóttir, fósturdóttir, systir og mágkona,*

**Bjarney Erla Sigurðardóttir (Baddý)**

sem lést föstudaginn 23. september, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju, Reykjavík, þriðjudaginn 4. október 2011. Athöfnin hefst klukkan 15.00.

**Guðrún Jensdóttir** **Halldór Steingrímsson**
**Sigurður P. Sigurjónsson** **Alda Viggósdóttir**
**Brynjar Á. Sigurðsson** **Vilma K. Guðmundsdóttir**

# MYNDAVÉLARÝMING LOKADAGUR

**LOSUM OKKUR VIÐ SÍÐUSTU EINTÖK OG ELDRI MÓDEL AF MYNDAVÉLUM**

## RÝMINGUNNI LÝKUR Í DAG
## OPIÐ KL. 11 - 16




CASIO Nikon OLYMPUS Panasonic

## VERÐ FRÁ KR. 9.990

**Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Aðalheiður Margrét Guðmundsdóttir

Holtsgötu 21, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala, laugardaginn 24. september sl., verður jarðsungin frá Neskirkju, mánudaginn 3. október kl. 13.00.

**Jón Helgason**
**Guðmundur Jónsson**
**Kristín Jónsdóttir** **Ragnar Smári Ingvarsson**
**Ægir Thorberg Jónsson**
**og barnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Kristján Ísak Valdimarsson

Víðilundi 20, Akureyri,

lést á Borgarspítalanum mánudaginn 26. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 6. október kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Gréta Halldórs**
**Helga Sigríður Kristjánsdóttir** **Jón Þór Guðjónsson**
**Árni V. Kristjánsson** **Ragnheiður Skúladóttir**
**Sverrir Þór Kristjánsson** **Guðrún Hörn Stefánsdóttir**
**Margrét Jónína Kristjánsdóttir** **Páll Pálsson**
**Kristján Ísak Kristjánsson** **Sigríður G. Pálmadóttir**
**Gunnar Freyr Kristjánsson** **Margrét Dögg Bjarnadóttir**
**Elín Íslaug Kristjánsdóttir** **Kristinn Ágúst Ingólfsson**
**afa- og langafabörn**



*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Ingveldur Magnúsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður á Patreksfirði,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 3. október 2011, kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Hafsteinn B. Sigurðsson**
**Ásgerður Ágústsdóttir** **Guðmundur J. Bergsveinsson**
**Ásthildur Ágústsdóttir** **Gunnar Ragnarsson**
**Helgi Ágústsson** **Hervör Jónasdóttir**
**Emil P. Ágústsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

## Björns Hafsteins Jóhannssonar

Þökkum Heimaþjónustu fyrir ljúfa og góða umönnun, einnig starfsfólki Taugalækningadeildar B 2 og Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Þrúður Guðrún Sigurðardóttir**
**Svana Helen Björnsdóttir** **Sæmundur E. Þorsteinsson**
**Brynja Dís Björnsdóttir** **Örvar Aðalsteinsson**
**Hildur Inga Björnsdóttir** **Jóhann Kristjánsson**
**Þórdís Björnsdóttir**
**Björn Orri, Sigurður Finnbogi og Þorsteinn Sæmundssynir**
**Birkir, Drífa og Kári Örvarsbörn**
**Æsa Jóhannsdóttir og Alda Ægisdóttir**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkæru móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og dóttur,*

## Önnu Þóru Pálsdóttur

Grænukinn 27, Hafnarfirði.

Styrkur ykkar og samhugur var okkur ómetanlegur.

**Gróa Jóhannsdóttir** **Arnaldur Sigurðsson**
**Guðný Jóhannsdóttir** **Jón Einarsson**
**Fríða Jóhannsdóttir** **Magnús Waage**
**Sigurður Borgar og Jóhann Snær Arnaldssynir**
**Ingunn Þóra og Eva Rún Einarsdætur**
**Arnar og Alex Jónssynir**
**Annika og Freyr Waage**
**Tinna Mjöll og Katrín Lilja**
**Gróa Guðmundsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu okkar,*

## Elfu Ólafsdóttur

Hraunbæ 150, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á deild 11G á Landspítalanum og til hjúkrunarfræðinga Karitas heimaþjónustu, fyrir frábæra umönnun, einstaka þjónustu og stuðning í veikindum hennar

**Sigurður Guðni Sigurðsson**
**Ólafur Elfar Sigurðsson** **Snædís Valsdóttir**
**Svanborg Þórdís Sigurðardóttir** **Óttarr Ólafur Proppé**
**Sigrún Laufey Sigurðardóttir**
**Snæbjörn Valur Ólafsson**
**Vésteinn Þrymur Ólafsson**
**Víðir Davíð Krogsgaard**



*Elsku litli sonur okkar, bróðir, frændi og barnabarn,*

## Gunnar Berg Aðalsteinsson

Fossheiði 32, Selfossi,

lést á vökudeild Barnaspítala Hringsins þriðjudaginn 27. september 2011. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 8. október kl. 11.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins eða Styrktarsjóð krabbameinssjúkra barna.

**Ásta Sigríður Birkisdóttir** **Aðalsteinn Már Júlíusson**
**Birkir Pálsson**
**Ásta Kristín Aðalsteinsdóttir**
**Daði Hrannar Aðalsteinsson** **Inga Brynja Magnúsdóttir**
**Halldór Ingi Daðason**
**Þórða Berg Óskarsdóttir** **Birkir Baldursson**
**Kristín Ástríður Pálsdóttir** **Friðleifur Stefánsson**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Árna Kr. Þorsteinssonar

Smyrilsvegi 29, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við heimahjúkrun Reykjavíkur og starfsfólki á deildum 11A og 13G Landspítala.

**Anna Árnadóttir**
**Ásta Kvaran Árnadóttir** **Böðvar B. Kvaran**
**Þorsteinn Árnason** **Hrefna E. Leifsdóttir**
**Sveinn Árnason** **Sigurlína Vilhjálmsdóttir**
**Erna Þórunn Árnadóttir** **Benedikt Sigmundsson**
**Ingibjörg Hólmfríður Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Valgeirs Ásbjarnarsonar

Brekkugötu 38, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyfjadeildar á Sjúkrahúsi Akureyrar og Karlakórs Akureyrar Geysis. Guð blessi ykkur öll.

**Ásta Axelsdóttir**
**Axel Valgeirsson** **Hanna Guðrún Magnúsdóttir**
**Ásbjörn Árni Valgeirsson** **Harpa Hrafnsdóttir**
**Kristjana Valgeirsdóttir** **Ríkarður G. Hafdal**
**Gunnlaug Valgeirsdóttir** **Ríkharður Eiríksson**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,*

## Sigurður Ásgeirsson

húsasmíðameistari,
Dalhúsum 91, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 29. september.

**Guðrún Björt Zophaníasdóttir**
**Heiða Lind Sigurðardóttir** **Bjarni Ágúst Sigurðsson**
**Hildur Eva Sigurðardóttir** **Ásgeir Jóhann Ásgeirsson**
**Aldís Sigríður Sigurðardóttir** **Ólafur Steingrímsson**
**Ásta Fanney Sigurðardóttir**
**Ívar Zophanías Sigurðsson**
**Ásta Sigurðardóttir**
**og barnabörn**



*Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

## Maríu Gunnarsdóttur

sjúkraliða, Suðurgötu 2a, 190 Vogum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-deildar HSS, hjúkrunarfólki í heimaþjónustu HSS ásamt hjúkrunarfólki, iðju- og sjúkraþjálfa hennar á Grensásdeild LSH fyrir faglega og umhyggjusama umönnun í veikindum hennar.

**Þórður Kristinn Guðmundsson**
**Ívar Örn Þórðarson**
**Guðríður Kristín Þórðardóttir**
**Halla Guðbjörg Þórðardóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



*Þökkum af alhug öllum sem sýndu samúð og kærleik við andlát og útför elskaðs eiginmanns, fóstursonar, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Sigurðar Markússonar

fyrrv. framkvæmdastjóra,
Sléttuvegi 17, Reykjavík.

Læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki á deild 11G Landspítalanum við Hringbraut, í Heimahlynningu og á Líknardeild Kópavogi færum við sérstakar þakkir fyrir einstaka alúð og umhyggju. Guð blessi ykkur öll.

**Ingiríður (Inga) Árnadóttir**
**Guðríður Guðbrandsdóttir**
**Guðríður St. Sigurðardóttir**
**Guðbrandur Sigurðsson** **Rannveig Pálsdóttir**
**Einar Sigurðsson** **Elfa Lilja Gísladóttir**
**Antoníus Þ. Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# HAGLÉL FRÁ MUGISON




## Nýi diskurinn frá Mugison fæst í öllum verslunum Eymundsson

Haglél stenst allar væntingar fjölmargra aðdáenda Mugison. Diskurinn geymir ellefu frábær lög, þar á meðal Haglél og Stingum af sem þegar hafa slegið í gegn.

**Komdu við í Eymundsson og náðu þér í Haglél fyrir frábæra helgi.**

MUGISON Á NORÐURLANDI!

**6. okt. - fimmtudagur**
Akureyri
Græni Hatturinn **kl. 21.00**

**7. okt. - föstudagur**
Akureyri
Eymundsson **kl. 17.00**
Græni Hatturinn **kl.20.00**

**8. okt. - laugardagur**
Siglufjörður
Síldarminjasafn Íslands **kl. 21.00**

**9.okt. - sunnudagur**
Sauðárkrókur
Sauðárkrókskirkja **kl.21.00**

Nánari upplýsingar og
miðasala á **www.mugison.is**

ENNEMM / SÍA / NM48368

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Eymundsson.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**ÞJÓÐSÖGUR** geta verið fróðlegar og skemmtilegar en líka spennandi og á slóðinni http://www.snerpa.is/net/thjod/draug.htm er fjöldi draugasagna.

## Fjallabúinn Róbert fer til byggða

2

Bragi Halldórsson

Konráð og Lísaloppa fóru með Róbert að heimsækja skólann sinn. „Og hvað gerir maður svo hér," spurði Róbert. Konráð opnaði bók og sýndi Róberti. „Við lærum til dæmis stafina og að lesa," sagði hann. Róbert horfði á allar línurnar og hlykkina sem liðuðust niður blaðsíðuna. „Og kallar þú þetta stafi?" sagði hann hneykslaður. „Þetta er nú algjör hrærigrautur af línum, það ætti frekar að kalla þetta stafasúpu."

Hér eru sex stafir í stafasúpu, getur þú séð hvaða stafir þetta eru?





## BRANDARAKISTAN



**Siggi: „Ætli ég sé ekki versti golfleikari í heimi?"**
**Jói: „Nei, nei. Þeir eru til miklu verri. Þeir spila bara ekki."**

**Spurning: Hvernig nærðu fíl niður úr tré?**
**Svar: Fáðu hann til að standa á laufblaði og bíddu svo eftir haustinu.**

**Sex ára stúlka við vin sinn: „Ef ég erfi afa minn þá veit ég ekki hvað ég á að gera við hann."**

**Spurning: Hvernig kemurðu í veg fyrir að moldvörpur grafi í sundur garðinn þinn?**
**Svar: Þú felur skóflurnar.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# DRAUGAR HJÁLPA Í LÍFINU

**Stutt er milli saklausra leikja og dauðans alvöru. Það reyndu þau Victoria Björk Ferrel og Ísak Hinriksson þegar þau léku í myndinni Höfnum, sóleyjum & myrru.**

***Af hverju voruð þið valin til að leika í myndinni?***
*Victoria:* Það voru um 200 stelpur sem tóku þátt í prufum. Svo voru tíu kallaðar inn aftur og á endanum völdu þau mig.
*Ísak:* Eftir upplestur og viðtal í prufum leist þeim bara svona ósköp vel á mig að ég var valinn í hlutverkið.

***Langar ykkur að verða leikarar í framtíðinni?***
*Victoria:* Jahá! Algjörlega.
*Ísak:* Ég stefni á að verða leikari, en allt getur breyst.

***Mörg börn dreymir um leik í bíómyndum og að verða fræg. Er það jafn gaman og margir halda?***
*Victoria:* Já og nei. Maður þarf oft að bíða lengi eftir tökum og segja sömu setningarnar aftur og aftur. En þetta er alveg æðisleg reynsla og svakalega gaman að upplifa tökur á kvikmynd frá allt öðru sjónarhorni en í bíósal.
*Ísak:* Vissulega gaman, en margir gera sér ekki grein fyrir hversu mikillar einbeitingar og vinnu bíómynd krefst. Maður verður að gefa sig allan í þetta.

***Þurftuð þið að læra eitthvað nýtt fyrir hlutverkið?***
*Victoria:* Já, ég þurfti að fara í klifur- og parkour-tíma hjá Fimleikafélaginu Björk og í nokkra tíma á BMX-hjóli. Líka í radd- og textaþjálfun.
*Ísak:* Ég leik skáta og þurfti að læra að draga fána að húni og hnýta skátahnúta.

***Hvað hefur sagan kennt ykkur um dauðann og lífið?***
*Victoria:* Ég veit núna hvað dauði ættingja eða vinar getur haft afar mikil áhrif á mann, en sagan kenndi mér líka að maður á að halda áfram að lifa lífinu þótt eitthvað komi upp á.
*Ísak:* Þessi fallega saga kenndi mér að lífið er ekki alltaf dans á rósum heldur fylgja því líka tímabil sorgar. Sagan kenndi mér líka að þegar maður verður sorgmæddur á maður ekki að láta vorkenna sér heldur takast á við vandamálin.

***Hvað var skemmtilegast við að leika í myndinni?***
*Victoria:* Bílaeltingaleikurinn á ruslahaugunum, það var alveg geggjað!
*Ísak:* Það stendur upp úr hversu gaman var að vinna með skemmtilegu og góðu fólki, en skemmtilegasta atriðið var þegar við Victoria urðum að flýja vondu kallana.

***En hvað var erfiðast?***
*Victoria:* Þegar ég var að tala í síma. Þá var erfitt að stoppa á réttum stöðum og muna á sama tíma hvað maður ætti að segja.
*Ísak:* Þegar við vorum í tökum við flótta undan vondu köllunum að degi til, alla nóttina og fram undir morgun.

***Trúið þið á drauga?***
*Victoria:* Ég veit það ekki alveg, kannski bara!
*Ísak:* Já! Ég trúi á drauga, en held þeir séu ekki eins slæmir og margir telja. Ætli þeir hjálpi manni ekki bara gegnum lífið, án þess að maður taki eftir því?

***Hvort ætli sé skemmtilegra að vera leikari, spæjari eða hetja?***
*Victoria:* Leikari, því þá getur maður leikið bæði spæjara og hetju og margt, margt fleira.
*Ísak:* Öll störfin þykja mér spennandi, því í þeim er alltaf tekist á við nýja hluti.

thordis@frettabladid.is


Helgarnámskeið fyrir skapandi fólk!

1. Olíumálunarnámskeið með Þuríði Sigurðardóttur á Sólheimum í Grímsnesi 7. - 9. október
2. Ljósmyndanámskeið með Grétu Guðjónsdóttur á Búðum á Snæfellsnesi 21.-23. október
3. Vatnslitanámskeið með Derek Mundell á Sólheimum í Grímsnesi 29. - 30. október

Nánari upplýsingar á **www.arttravel.is**

art TRAVEL


## KRAKKAKYNNING



### Sóldís Freyja Vignisdóttir



**Nafn og aldur:** Sóldís Freyja Vignisdóttir, ég er 11 að verða 12.

**Í hvaða skóla ertu:** Vatnsendaskóla.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Sporðdrekanum.

**Áttu happatölu?** Já, 42.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Spila fótbolta og er með vinum ;o)

**Besti matur?** Píta eða pasta.

**Eftirlætisdrykkur?** Vatn.

**Hvaða námsgrein er í eftirlæti?** Íslenska, textíl og smíði.

**Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Nei, ég á ekkert dýr.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Miðvikudagur, ég veit ekki af hverju.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Justin Bieber, Friðrik Dór o.fl.

**Uppáhaldslitur?** Fjólublár og grænn.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Keppti í fótbolta, var með vinum, fór í sumarbústaði og í Ölver (sumarbúðirnar) og margt fleira.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Bróðir minn Ljónshjarta eða Rympa á ruslahaugnum.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Atvinnumaður í fótbolta og flugfreyja.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


ÞAÐ ER
SPORT AÐ
SPARA
3.990
ADIDAS ESSENTIAL MF TEE
Stuttermabolur úr mjúku og teygjanlegu CLIMALITE-efni með öndun. Litir: Bleikur, blár, fjólublár, svartur. Dömustærðir.
7.490
ADIDAS ESSENTIAL KNIT PANT
Æfingabuxur úr léttu og teygjanlegu bómullar-efni. Dömustærðir.
5.990
ADIDAS ESSENTIAL MF CAPRI
Kvartbuxur úr teygjanlegu CLIMALITE-efni með öndun. Dömustærðir.
21.990
ASICS GEL CUMULUS 13
Hlaupaskór með gel-dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir.
3 PÖR Í PAKKA
890
NORTHBROOK SHAFTLESS 3-PACK
Ökklasokkar. 3 pör í pakka.
590
ENERGETICS FLASKA
Vatnsbrúsi. 1/2 lítri.
4.490
ADIDAS ESSENTIAL TEAMBAG SMALL
Íþróttataska.
INTERSPORT
AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 1. – 7. OKTÓBER
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** feikn, **6.** hvort, **8.** þrá, **9.** kyrra, **11.** drykkur, **12.** framrás, **14.** mjóróma, **16.** karlkyn, **17.** slagbrandur, **18.** pípa, **20.** tveir eins, **21.** ármynni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** vinsæll, **5.** gerast, **7.** skemill, **10.** struns, **13.** tímabils, **15.** drepa, **16.** knæpa, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** glás, **6.** ef, **8.** ósk, **9.** róa, **11.** te, **12.** útrás, **14.** skræk, **16.** kk, **17.** slá, **18.** rör, **20.** ll, **21.** árós.
**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** ló, **4.** ástsæll, **5.** ske, **7.** fótskör, **10.** ark, **13.** árs, **15.** kála, **16.** krá, **19.** ró.


Reykjavík International Film Festival
22 SEPT – 2 OKT

LAUGARDAGURINN 1. OKTÓBER

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Grínari | Háskólabíó 2 |
| 14:00 | Íslenskar stuttmyndir: Hópur 1 | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Frumkraftur | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Okkar eigin Osló | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Markmaðurinn hjá Liverpool | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Það var eitt sinn eyja | Norræna Húsið |
| 16:15 | Andandi | Háskólabíó 2 |
| 16:00 | Tröllaveiðarinn | Háskólabíó 3 |
| 16:00 | Íslenskar stuttmyndir: Hópur 2 | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | **Maðurinn á vírnum Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Ástarpungur | Bíó Paradís 3 |
| 16:00 | Ég sakna þín | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | **Að búa til bók með Steidl Q&A** | Norræna Húsið |
| 17:00 | LENNONYC | Iðnó |
| 18:00 | **Mynd í ljósaskiptum Q&A** | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | **Eldfjall Q&A** | Háskólabíó 4 |
| 18:00 | **Nim verkefnið Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | **Saga Thors Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 18:00 | Gnarr | Bíó Paradís 3 |
| 18:15 | Bobby Fischer á móti heiminum | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | **Lögnin Q&A** | Norræna Húsið |
| 19:15 | Óttalausa konan | Iðnó |
| 20:15 | Á víðavangi | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Rautt fylki | Háskólabíó 3 |
| 20:00 | **Skáldið og Li Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Synir Noregs | Bíó Paradís 2 |
| 20:15 | Rokland | Bíó Paradís 3 |
| 20:30 | Vendipunktur | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | 18 dagar | Norræna Húsið |
| 21:45 | Black Power Mixtape 1967-1975 | Iðnó |
| 22:00 | 13 leigumorðingjar | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | Einu sinni var í Anatólíu | Háskólabíó 3 |
| 22:00 | Ekki aftur snúið | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Land míns föður / Paradox | Bíó Paradís 2 |
| 22:30 | Hreiðurgerð | Bíó Paradís 3 |
| 22:15 | Snjórinn á Kilimanjaró | Bíó Paradís 4 |
| 22:15 | Staða meðal stjarnanna | Norræna Húsið |

SUNNUDAGURINN 2. OKTÓBER

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Fýkur yfir hæðir | Háskólabíó 2 |
| 14:00 | Íslenskar stuttmyndir: Hópur 3 | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | **Frumkraftur Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Michel Petrucciani | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Faðmaðu mig | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Í garði hljóðanna | Norræna Húsið |
| 16:20 | Draumur Aðalberts | Háskólabíó 2 |
| 16:00 | Wilbur vill stytta sér aldur | Háskólabíó 3 |
| 16:00 | Synir Noregs | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | Íslenskar stuttmyndir: Hópur 4 | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Sögur sem lifna í minni | Bíó Paradís 3 |
| 16:00 | Markmaðurinn hjá Liverpool | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Totoro, nágranni minn | Norræna Húsið |
| 17:00 | Árstíðir / Allt, alltaf, allsstaðar | Iðnó |
| 18:15 | Pina 3D | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | Myllan og krossinn | Háskólabíó 3 |
| 18:00 | Rigningin líka | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | Synir Noregs | Bíó Paradís 2 |
| 18:15 | Á feigðarflani í Wisconsin | Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | Leikur | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | El Bulli: Matseld stendur yfir | Norræna Húsið |
| 19:15 | Borgarrætur | Iðnó |
| 20:15 | **SIGURMYND RIFF 2011** | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Endurreisn | Háskólabíó 3 |
| 20:00 | Ekki aftur snúið | Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Elskan | Bíó Paradís 2 |
| 20:00 | Grænn sjóræningi: Sagan af Paul Watson | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Sálmar úr kolanámunum / Þættir úr úthve... | Bíó Paradís 4 |
| 20:15 | Flamengó: Leið gegnum lífið | Norræna Húsið |
| 21:00 | Gullna Eggið: Hópur A | Iðnó |
| 22:15 | Faust | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | Rautt fylki | Háskólabíó 3 |
| 22:00 | Við þurfum að ræða um Kevin | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Rímur, taktar og líf | Bíó Paradís 2 |
| 22:00 | Ástarpungur | Bíó Paradís 3 |
| 22:00 | Land míns föður / Paradox | Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | Hið guðdómlega svín | Norræna Húsið |



RIFF.IS
Iceland Express
Síminn


# Baðherbergi þjóðanna

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar



Menningarlegur munur þjóða birtist meðal annars í því hvað salernisaðstaða felur í sér í hverju landi. Þegar ég var ungur þurfti ég einu sinni að ferðast með lest frá Istanbúl til Amsterdam, illa haldinn af matareitrun eftir að hafa lagt mér til munns alsírskan geitaost. Aðeins einu sinni á ferðalaginu þurfti ég að gera þarfir mínar í gat í gólfið. Það var á Gare de Lyon lestarstöðinni í París, háborg menningar og lista í Evrópu. Jafnvel í búlgörskum landamæraskúr, þar sem ég þurfti að dúsa um hríð vegna misskilnings við vegabréfaeftirlit við tyrknesku landamærin, var mér boðið upp á betri salernisaðstöðu.

**ÞJÓÐVERJAR** hafa sinn fræga skoðunarpall ofan í hverju klósetti. Þeir sem dvalið hafa í Þýskalandi hafa vanist þessu og finnst óþægilegt að heyra plaskið í annars konar salernum. Ítalir hafa það sem þeir kalla „bidet“. Það er sérstakur rassavaskur til að þvo á sér óæðri endann. Ég hef heyrt Ítali kvarta undan því að þetta vanti í norræn baðherbergi. Reyndar þarf ekki að hafa lifað lengi á suður-evrópskum mat til að skilja hvernig hugmyndin að þessu fyrirbæri varð til.

**DANIR HAFA** tekið upp á athyglisverðri nýjung í sambandi við sturtur. Hún er í því fólgin að baðherbergið sjálft gegnir hlutverki sturtuklefa, sturtuhausinn stendur niður úr loftinu. Kannski er hægt að draga tjald fyrir til að hlífa vaskinum og salerninu við mestu vætunni. Þetta þýðir samt sem áður að það er viðvarandi ástand á dönskum salernispappír að vera rakur. Sennilega er þetta gert til að spara pláss, hugsanlega til að spara tíma – því þetta leyfir auðvitað að tvær flugur séu slegnar í einu höggi þarna inni.

**Á DÖNSKU** hóteli, þar sem ég dvaldi nýlega, var fyrirkomulagið með þessu móti. Tveir kranar stýrðu vatninu. Annar stillti kraftinn og hitann, hinn stjórnaði því hvort bunan kæmi ofan í vaskinn eða niður úr loftinu. Þessu fyrirkomulagi er alveg hægt að venjast. Það tók mig bara tvo daga. Þriðja morguninn sem ég dvaldi þarna hafði ég loks vit á því að athuga hvort konan mín, sem nýkomin var úr sturtu, hefði stillt bununa til baka á vaskinn þegar ég ætlaði að þvo mér um hendurnar. Ég lenti bara fullklæddur í sturtubaði tvisvar meðan á dvölinni stóð.

**NÚ VANTAR** mig aðeins túlkunarlykil. Hvað er það nákvæmlega sem þessi fjölbreyttu tilbrigði við baðherbergi segja manni um ólíka menningu þjóða?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# LOKAHELGI RISALAGERSÖLUNNAR

**NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR! Fiskislóð 39 – næg bílastæði**

**Gjafabækur í úrvali – ótrúleg tilboð!**

Allt að **90%** afsláttur

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

**Opið alla helgina kl. 10–19**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is




83% afsláttur

MARTRÖÐ MILLANNA
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 5.690 kr.




50% afsláttur

BOOT CAMP – HÁMARKSÁRANGUR
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.




88% afsláttur

HVÍTI TÍGURINN
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.




90% afsláttur

MANNLAUS VERÖLD
**Nú: 190 kr.**
Verð áður: 1.990 kr.




75% afsláttur

RÍKI GULLNA DREKANS
**Nú: 490 kr.**
Verð áður: 1.990 kr.




73% afsláttur

SJORTARAR
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 3.680 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Forlagið · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla helgina kl. 10–19**

**menning**
menning@frettabladid.is

**ORT Í HUNDRAÐ ÁR** Fyrstu háskólatónleikar hauststins verða haldnir í Hátíðarsal Háskóla Íslands miðvikudaginn 5. október. Þar flytja Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó, og Sigurður Ingvi Snorrason, klarínetta, verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Þórarinsson, Jón Nordal, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur. Svanhildur Óskarsdóttir les ljóð eftir íslensk skáld með og án undirleiks. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.30. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

# Vegur heimspeki í skólum verði meiri

**Í kjölfar efnahagshrunsins var skortur á kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði gagnrýndur. Heimspekingar við Háskóla Íslands ákváðu að bregðast við og afraksturinn er Efling kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði sem hefst í dag með opnu málþingi í Háskóla Íslands.**



VILJA EFLA GAGNRÝNA HUGSUN Páll Skúlason og Henry Alexander Henrysson flytja báðir erindi á málþingi um gagnrýna hugsun og siðfræði í skólum sem haldið verður í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Páll Skúlason er upphafsmaður átaksins en Rannsóknarstofa um háskóla sem hann stýrir, Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun ákváðu að taka höndum saman um að bregðast við þeirri umræðu sem kviknaði í kjölfar efnahagshrunsins um að kennslu í gagnrýninni hugsun í skólum væri ábótavant," segir Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og verkefnastjóri verkefnisins Efling kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði. „Við byrjuðum á því að skoða hvað er kennt í grunnskólum og framhaldsskólum og komumst að því í stuttu máli að það er einhver heimspekikennsla á öllum skólastigum en það er okkar skoðun að auka þurfi kennslu í greininni í skólum."

Henry segir að fyrir utan að kenna heimspeki sé ekki síður mikilvægt að heimspeki sé fléttuð inn í aðrar námsgreinar. „Það er mikilvægt að kennarar þori að fara í samræður við nemendur um grundvöll og tilgang greinar sinnar, og hvetji þar með nemendur til gagnrýninnar hugsunar. Eins og staðan er í dag eru fæstir nemendur sem hefja nám í háskóla góðir í að beita gagnrýninni hugsun.

Efni sem nýtist við kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði verður sett inn á vefinn gagnryninhugsun.hi.is sem verður opnaður formlega í dag. Á næstu tveimur árum er einnig markmið að efna til fyrirlestraraða og málþinga og vinna að gerð kennslubóka bæði fyrir nemendur og kennara. Verkefnið er fjármagnað af stofnunum þremur auk þess sem leitað verður styrkja við einstök verkefni. „Við vonumst til að undirtektirnar verði góðar," segir Henry að lokum.

**sigridur@frettabladid.is**

## RÁÐUM VIÐ HVERJU VIÐ TRÚUM?

■ Opið málþing verður í Odda í dag þar sem kennsla gagnrýninnar hugsunar og siðfræði verður tekin til umfjöllunar. Að þinginu standa Rannsóknarstofa um háskóla, Heimspekistofnun, Siðfræðistofnun og félag heimspekikennara.

■ Málþingið hefst klukkan tíu með opnun vefjar um gagnrýna hugsun og siðfræði. Salvör Nordal ræðir svo gagnrýna hugsun og siðfræði í ljósi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, Páll Skúlason ræðir hvort við ráðum hverju við trúm og Hreinn Pálsson fjallar um Heimspekiskólann.

■ Eftir hádegi verður gagnrýnin hugsun í skólakerfinu rædd í fjórum málstofum í Odda. Sú fyrsta ber heitið Hvar á gagnrýnin hugsun heima, önnur fjallar um gagnrýna hugsun í leik- og grunnskólum, í þeirri þriðju og fjórðu er fjallað um gagnrýna hugsun í framhaldsskólum. Fyrir hádegi fer málþingið fram í stofu 101 í Odda en málstofurnar eru í stofum 104, 105, 205 og 206 í Odda og hefjast klukkan korter í eitt.

■ Nánari upplýsingar um málþingið má finna á síðunni **www.gagnryninhugsun.is**




# Svo miklu auðveldara að vera bara skáld

Bækur ★★★

**Mannorð**

Bjarni Bjarnason

**Uppheimar**

Útrásarvíkingur óskar eftir óflekkuðu mannorði. Má vera mikið notað. Einhvern veginn þannig hefði smáauglýsing frá söguhetju skáldsögunnar Mannorð eftir Bjarna Bjarnason væntanlega litið út. Starkaður Leví heitir hann og honum finnst hundfúlt að geta ekki látið sjá sig á mannamótum á Íslandi eftir að hafa tekið þátt í að keyra efnahag landsins í þrot. Peninga á hann nóga og þegar hann kemst í samband við dularfulla söluaðila á netinu sem segjast geta útvegað honum gott mannorð fyrir nokkra milljarða hikar hann ekki við að slá til. Mannorðið sem í boði er tilheyrir skáldinu Almari Loga, lífsþreyttum og afskaplega óspennandi manni sem eyðir dögunum á Súfistanum skrifandi í dagbók og spjallandi við fólk sem dáist að honum.



Þetta plott virðist frekar útópískt við fyrstu sýn og lesandinn er fullur efasemda fyrstu fimmtíu síðurnar eða svo. Þetta er allt of ótrúlegt. En það merkilega gerist. Smátt og smátt vinnur sagan lesandann á sitt band. Hann sogast inn í söguna, fær áhuga á örlögum Starkaðar og fer að velta því fyrir sér í fullri alvöru hvort eitthvað þessu líkt gæti kannski bara vel gerst í raunheimum. Er kannski hægt að kaupa hvað sem er ef nægar greiðslur eru í boði?

Sagan er lipurlega skrifuð og vel upp byggð. Framvindan hæfilega hæg og element vísindaskáldsagnanna nægilega dempuð til að viðhalda trúverðugleikanum og spennunni. Persónurnar ágætlega skapaðar og togstreitan á milli þeirra skemmtilega tvíræð. Doktorinn dularfulli, sem sér um mannorðssöluna, er eins og nýstokkinn út úr James Bondmynd og tálkvendið Rita, sem hefur það hlutverk að halda bæði mannorðskaupanda og mannorðsseljanda við efnið, gæti sómt sér hið besta í film noir frá sjötta áratugnum. Starkaður sjálfur er hvorki tilþrifamikil persóna né sympatísk en tekst þó að skríða undir húð lesandans og láta hann finna til samúðar og áhuga á afdrifum hans. Veiki hlekkurinn er skáldið. Almar Logi er svo óáhugaverð persóna að það er erfitt að trúa því að einhver vilji leggja það á sig að yfirtaka líf hans. Hlýtur eiginlega að vera skárra að vera úthrópaður landráðamaður en þessi dula. En kannski er það einmitt hluti af boðskap sögunnar: Til þess að eiga og viðhalda óflekkuðu mannorði þarf manneskjan að lifa fullkomlega viðburðasnauðu lífi og stíga aldrei út fyrir þægindarammann. Eða hvað?

Í heildina er Mannorð skemmtileg og áhugaverð bók sem vekur ýmsar spurningar um þann markaðsdrifna heim sem við búum í og hvað það er sem drífur mannskepnuna áfram í þeim heimi.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Lipurlega skrifuð og vel byggð skáldsaga sem sogar lesandann inn í heim af mörkum draums og veruleika og vekur óþægilegar spurningar.

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

VERÐHRUN!

# ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS BÓK!

# RÝMINGAR SALA

## BÓKAÚTGEFENDA

**BORGARTÚNI 29**

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

BARNABÆKUR VERÐ FRÁ 490,-

ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!

1.000 TITLAR UNDIR 1.000 KR.

ALLT Á AÐ SELJAST!

Mikið úrval hljóðbóka!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!


~~8.890,-~~
2990,-


~~2.490,-~~
690,-


~~3.990,-~~
1.990,-


~~3.900,-~~
690,-


~~3.990,-~~
1.590,-


~~3.990,-~~
990,-


~~4.990,-~~
690,-


~~2.980,-~~
990,-


~~3.990,-~~
990,-


~~5.690,-~~
990,-


~~2.480,-~~
990,-


~~3.990,-~~
1.990,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · Crymogea · Setberg · Tindur · Opna · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · Útkall · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan · Uppheimar · Hljóðbók.is · Sögur · Ormstunga · heimur · Veröld · Skrudda · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · Bjartur

# Anna og Hulli á ferð og flugi

„Ef fólk er á annað borð búið að borga sig inn til að hlæja, hvar sem er á landinu, þá er það gott,“ segir leikkonan Anna Svava Knútsdóttir.

Anna Svava og Hugleikur Dagsson hafa ferðast um landið undanfarna daga með uppistand. Fyrr í vikunni voru þau á Húsavík og í gær komu þau fram á Akureyri. Í kvöld koma þau svo fram í Þorlákshöfn og ferðalagið endar í Reykjavík á sunnudagskvöld á Café Rosenberg klukkan 21.

Anna segir vel hafa gengið á Húsavík og að hún og Hugleikur hafi verið mjög fyndin. „Það mættu bara ógeðslega fáir,“ segir hún, en bætir við að það hafi verið stutt í mánaðamót og það hafi mögulega spilað inn í. „En þetta er mjög gaman og það er mjög gaman fyrir okkur að vera saman,“ segir Anna áður en Hugleikur virðist hafa gripið orðið þar sem hann situr í órafjarlægð frá símtækinu. Hann tekur því við símanum. „Maður fær mjög sjaldan eitthvað upp úr henni. Hún talar svo hratt,“ segir Hugleikur en bætir við að hann telji að Anna sé Sarah Silverman Íslands og hann sjálfur sé Louis CK Íslands. „Ég er svo gömul sál. Og rauðhærður að innan.“



**RÚNTA UM LANDIÐ** Anna Svava og Hugleikur hafa komið víða fram undanfarna daga og verða á Rosenberg á morgun klukkan 21.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 1. október 2011**

### ➜ Tónleikar

**17.00** Ungfónían heldur hausttónleika í Langholtskirkju. Einleikari er klarínettuleikarinn Sigurjón Bergþór Daðason og stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara.

**19.00** Tónleikatvenna á Gauki á stöng með hljómsveitunum Angist, Momentum og Moldun. Fyrri hefjast kl. 19 og eru fyrir alla aldurshópa. Seinni byrja kl. 23.30 og er 18 ára aldurstakmark. Miðaverð er kr. 1.000.

**20.00** Tónleikarnir Nýdönsk í nánd verða haldnir í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð er kr. 3.900.

**20.00** Helgi Björns og Reiðmenn vindanna halda tvenna tónleika á Græna hattinum. Fyrri hefjast kl. 20 en seinni kl. 23. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Hera Björk ásamt Ragnari Bjarnasyni og Bjarna töframanni flytja lög sem mömmur sungu á 6. og 7. áratugnum. Tónleikarnir fara fram í Salnum og miðaverð er kr. 3.500.

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika í kirkjunni á Húsavík. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Trúbadorahátíð á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Kormákur Bragason, Magnús Einarsson, Jakob Frímann Magnússon, Gunnar Þórðarson og Hjalti Þorkelsson koma fram. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Slóvensk-austuríska tvíeykið Vortex Project leikur eigin verk í Hafnarhúsinu á Sláturtíð á vegum S.L.Á.T.U.R. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Hljómsveitin Gullkistan stígur á svið á Kringlukránni og spilar gamla gullmola rokksögunnar. Þessa nýju hljómsveit skipa Ásgeir Óskarsson, Gunnar Þórðarson, Jón Ólafsson og Óttar Felix Hauksson. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.30** Friðrik Ómar fagnar 30 ára afmæli sínu í Hofi. Uppselt er á tvenna tónleika í kvöld og hefur hann bætt við aukatónleikum á miðnætti. Gestir eru þau Regína Ósk, Jógvan Hansen og Guðrún Gunnarsdóttir. Miðaverð er kr. 4.500.

**23.59** Hljómsveitin Vax leikur á Spot. Ásamt þeim koma fram Creedence Traveling Band, Magni og Tommi Tomm. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

### ➜ Leiklist

**14.00** Sirkus Íslands sýnir fjölskyldusýninguna Ö-Faktor í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 1.900.

**20.00** Leiksýningin Alvöru menn í leikstjórn Gunnars Helgasonar er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum eftir Maxim Gorkí í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Pörupiltar og tvíeykið Viggó og Víóletta sýna leiksýninguna Uppnám í Leikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Fræðsla

**09.00** Atvinnu- og nýsköpunarhelgi á Suðurnesjum fer fram um helgina í húsnæði Keilis á Ásbrú og þátttaka er ókeypis. Nánari upplýsingar á anh.is.

### ➜ Síðustu Forvöð

**12.00** Tómas R. Einarsson og Gunnar Gunnarsson leika tónlist í Kirsuberjatrénu, Vesturgötu 4, á sýningu Sigurborgar Stefánsdóttur sem lýkur á mánudag.

### ➜ Hátíðir

**13.00** AUS, alþjóðleg ungmennaskipti fagna 50 ára afmæli samtakanna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Meðal skemmtiatriða er dans frá mörgum heimshornum og tónleikar með hljómsveitunum Multi Musica og Skuggamyndum frá Býsans. Allir velkomnir.

### ➜ Listahátíð

**14.00** Setning menningar- og listahátíðar Seltjarnarness í Seltjarnarneskirkju. Trompetissimo, nýtt verk eftir Kára Húnfjörð Einarsson verður frumflutt.

### ➜ Málþing

**13.00** Afmælismálþing Sagnfræðingafélags Íslands fer fram í stofu 132 í Öskju í Háskóla Íslands.

### ➜ Kvikmyndahátíð

**12.00** Kvikmyndahátíðin RIFF stendur fyrir smiðjum um óháða kvikmyndagerð á Kexi Hosteli. Tvær fara fram í dag. Fyrri ber heitið How Film Festivals Work með Giorgio Gosetti og Helgu Stephenson og hefst kl. 12. Seinni ber heitið The Art of Pitching Your Film með Valeska Neu, Gabor Greiner og Snorra Þórissyni kl. 14.15.

**12.00** Myndir úr stuttmyndasmiðju grunnskólanna sýndar í Bíói Paradís.

**15.00** Skaftfell á Seyðisfirði og Sláturhúsið á Egilsstöðum sýna fjórar heimildarmyndir dagana 1. og 2. október í samvinnu við RIFF. Sýningar fara fram kl. 15 og kl. 17 báða dagana. Aðgangseyrir er kr. 500. Aðgangur á allar myndirnar er kr. 1.500.

**16.00** Málþing í Háskóla Íslands með hinum heimsþekkta vísindamanni David Suzuki. Á málþinginu rekur hann ævisögu hugmynda sinna og fer það í stofu 105 á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

### ➜ Uppistand

**20.00** Charlie Murphy með uppistand í Eldborg í Hörpu. Miðaverð er kr. 6.500.

### ➜ Tónlist






**21.00** Jussanam leikur brasilíska tóna á Café Haiti.

**22.00** DJ Hlynur Mastermix þeytir skífum á Esju.

**22.00** Gísli Galdur stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.

**22.00** DJ Símon spilar tónlist á Vegamótum.

**23.00** DJ Árni Kocoon þeytir skífum á Prikinu.

**23.59** DJ Manny spilar tónlist á Barböru.

### → Myndlist

**14.00** Ný verk eftir svissnenska listamanninn Karin Reichmut verða til sýnis á Vesturveggnum í Skaftfelli á Seyðisfirði.

**14.00** Listamennirnir Barbara Amalie Skovmand Thomsen og Ulla Eriksen hafa nýopnað sýninguna I Want to Feel How Close You Are í Bókabúðinni - verkefnarými Skaftfells á Seyðisfirði.

### → Útivist

**10.15** Hjólreiðaferð í 1 til 2 tíma um borgina á vegum lhm.is. Lagt af stað frá Hlemmi. Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis.

### → Samkoma

**13.00** Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, halda sölusýningu á Korpúlfsstöðum. Allir velkomnir.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 2. október 2011**

### → Tónleikar

**15.00** Verkið Sterngucker eða Stargazer eftir Bernhard Gál verður flutt í hinu uppblásna Stjörnuveri í Hafnarhúsinu á Sláturtíð á vegum S.L.Á.T.U.R. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Mótettukór Hallgrímskirkju heldur tónleika í Hallgrímskirkju í tilefni af tónleikaferð kórsins til Þýskalands og Austurríkis í byrjun október. Miðaverð er kr 2.500.

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika á Mælifelli á Sauðárkróki. Miðaverð er kr. 2.500.

### → Leiklist

**14.00** Sirkus Íslands sýnir fjölskyldusýninguna Ö-Faktor í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 1.900.

**20.00** Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir Á botninum eftir Maxim Gorkí í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson. Miðaverð er kr. 1.500.

### → Ópera



**17.30** Garðar Thor Cortes birtist íslenskum bíógestum í beinni útsendingu í Háskólabíói frá Royal Albert Hall í sérstakri afmælisuppfærslu á sjálfum Óperudraugnum eftir Andrew Lloyd Webber. Miðaverð er kr. 2.600.

### → Félagsvist

**14.00** Félagsvist spiluð í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14.

### → Síðustu forvöð

Sýningunni Rubrica á verkum Þóru Þórisdóttur í Hallgrímskirkju lýkur.

### → Söfn

**14.00** Sögusmiðja á Kjarvalsstöðum. Höfundar bókarinnar Loðmar þær Auður Ösp Guðmundsdóttir og Embla Vigfúsdóttir leiða smiðjuna í samvinnu við Huginn Þór Arason. Aðgangur er ókeypis fyrir börn að 18 ára aldri sem og handhafa Menningarkortsins. Fullorðnir greiða kr. 1.000 og námsmenn yngri en 25 ára greiða kr. 500.

**14.00** Barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands fyrir börn á aldrinum 5 til 8 ára.

### → Sýningarspjall

**14.00** Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands með leiðsögn um sýninguna Þá og nú í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

### → Barnatónleikar

**14.00** Verk byggt á bókinni Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann er flutt af nemendum Tónlistarskólans á Akureyri ásamt hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

### → Kvikmyndir

**15.00** Faðir Sergius, rússnesk kvikmynd frá árinu 1917 sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Skýringar á ensku. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Kvikmyndin Grand Theft Auto er sýnd á Prikinu. Aðgangur er ókeypis og allir gestir fá popp.

### → Listahátíð

**16.00** Friðrik Vignir Stefánsson organisti leikur á orgeltónleikum í Seltjarnarneskirkju á menningar- og listahátíð Seltjarnarness.

**20.00** Tónleikar Kvintetts Ara Braga Kárasonar í Norðurpólnum, Sefgörðum 3, á menningar- og listahátíð Seltjarnarness.

### → Uppákomur

**14.00** Gleðihringurinn fer fram í Gerðubergi. Hljómsveitin Neistar leikur fyrir dansi og góðir gestir stjórna fjöldasöng. Sigvaldi Þorgilsson, danskennari, leiðbeinir. Aðgangseyrir er kr. 1.200, frítt fyrir 16 ára og yngri.

### → Dansleikir

**20.00** Félag eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er kl 1.500 en kr 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

### → Tónlist

**20.00** DJ Gamla spilar gamla íslenska smelli á Trúnó.

### → Listamannaspjall

**15.00** Ólöf Nordal og Olga Bergmann ræða við gesti um verk sín og þátttöku í sýningunni Í bili í Hafnarborg.

**15.00** Soffía Sæmundsdóttir kynnir verk sín í máli og myndum á Listasafni Árnesinga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

**Gott í bíó:** Kristín Soffía Jónsdóttir umhverfisverkfræðingur

# Eldfjall Rúnars ein sú besta



„Ég mæli með því að fólk leyfi rigningu og lægðum að fæla sig inn í kvikmyndahús og söfn og njóti menningarinnar á þessu vota hausti. RIFF er í fullum gangi og margar frábærar myndir í sýningum þar. Hæst ber að nefna Eldfjall eftir Rúnar Rúnarsson sem er ein besta íslenska mynd sem ég hef séð. Stuttmyndin Skaði eftir Börk Sigþórs er stakt meistarastykki sem enginn ætti að missa af og verðlaun sem besta stuttmyndin. Aðrar myndir sem staðið hafa upp úr að mínu mati eru svo Scenes from the Suburbs, Urban Roots, Historias og Pina. Að lokum mæli ég með því að fólk skelli sér í Listasafn Reykjavíkur og skoði þá meðal annars frábæra sýningu Óskar Vilhjálmsdóttur, Tígrisdýrasmjör."





**5 MÁNUÐIR** eru síðan söngkonan LeAnn Rimes giftist leikaranum Eddie Cibrian en hún vill strax fara að eignast börn með kappanum. Hann á tvö börn frá fyrra hjónabandi og hafa þau víst heillað Rimes upp úr skónum.

# Hlátrasköllin ómuðu

Það voru reyndir menn sem stigu á stóra svið Þjóðleikhússins á fimmtudagskvöldið og frumsýndu leikritið Listaverkið fyrir fullum sal. Salurinn veltist um af hlátri á meðan Baltasar Kormákur, Hilmir Snær Guðnason og Ingvar E. Sigurðsson veltum vöngum yfir skjannahvítu listaverki.

Meðal frumsýningargesta var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra, sem var í fylgd með föður sínum Gunnari Eyjólfssyni leikara. Einnig mátti sjá leikarana Ólaf Egilsson og Unni Ösp Stefánsdóttur. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri var vitaskuld í salnum, sem og lögfræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson.



**STOLT AF PABBA** Lilja Pálmadóttir, eiginkona Baltasars Kormáks, sat í salnum ásamt börnum sínum.



**SÖNGVARINN** Kristján Jóhannsson mætti reffilegur ásamt eiginkonu sinni, Sigurjónu Sverrisdóttur.



**BROSMILD** Árni Tryggvason leikari lét sig ekki vanta og er hann hér með Hrafnhildi Ingólfsdóttur.



**FYLGDUST MEÐ SYNINUM** Þau Baltasar og Kristjana Samper fylgdust með syni sínum, Baltasar Kormáki, á sviðinu.



**SVART OG HVÍTT ÞEMA** Aðstandendur myndarinnar, frá vinstri Þórir Snær Sigurjónsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Theodór Júlíusson, Þorsteinn Bachmann, Rúnar Rúnarsson og Skúli Malmquist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ELDFJALLIÐ FRUMSÝNT

**Rauða dreglinum var rúllað út í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið þegar kvikmyndin Eldfjall var frumsýnd. Myndarinnar hefur verið beðið með eftirvæntingu en hún er sú fyrsta í fullri lengd eftir leikstjórann Rúnar Rúnarsson.**

Vitaskuld var þar að finna Margréti Helgu Jóhannsdóttur og Theodór Júlíusson aðalleikara myndarinnar sem klæddust svörtu og hvítu í tilefni dagsins. Eftir sýninguna var ferðinni heitið á Kex Hostel þar sem gleðin tók völdin og gestirnir skáluðu fyrir aðstandendum myndarinnar. Þar mátti sjá þau Þorstein Bachmann og Elmu Lísu Gunnarsdóttir, en þau leika systkini í myndinni. Einnig mátti þar sjá Þóri Snæ Sigurjónsson en hann er einn af framleiðendum Eldfjalls, ásamt kærustu sinni Elsu Maríu Blöndal. Sigríður Thorlacius söngkona var á Kexi og þar var einnig Margrét Maack, sjónvarpskona úr Kastljósinu.



**HLÆJANDI** Ómar Ragnarsson mætti ásamt Helgu Jóhannsdóttur.



**MÆÐGIN** Theodór Júlíusson leikari mætti með stoltri móður sinni.



**STÆRÐARMUNUR** Sindri Kjartansson og Jón Gnarr borgarstjóri fengu sér popp.



**FLOTTIR** Benedikt Erlingsson og Ragnar Bragason stilltu sér upp.

EMBASSY OF THE UNITED STATES

Skráning í „Græna Korts Happdrættið"

Skráning í "Græna Korts Happdrættið" 2013 hefst 4. október 2011.

**Þeir aðilar sem vilja taka þátt í happdrættinu verða að skrá sig á sérstakri heimasíðu sem er á vegum Bandaríska Ríkisins.**

Vefslóðin fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið 2013 er www.dvlottery.state.gov og verður skráning opin frá kl 16.00, 4. október 2011 til kl. 16.00, 5. Nóvember 2011.

Vinsamlegast athugið að þetta er eina heimasíðan á vegum Bandaríska Ríkisins ætluð fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu Bandaríska Sendiráðsins, http://iceland.usembassy.gov



**MEST GRÍPANDI** Freddie Mercury söng mest grípandi lag allra tíma.

# Queen trónir á toppnum

**Lagið We Are the Champions með bresku hljómsveitinni Queen er mest grípandi lag allra tíma. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var framkvæmd við Goldsmith-háskólann. Þar rannsökuðu vísindamenn hvað það er sem gerir lög grípandi og settu í framhaldinu saman lista yfir tíu mest grípandi lög allra tíma. Við rannsóknina fylgdust þeir náið með þúsundum sjálfboðaliða syngja valin lög. Á eftir We Are the Champions í rannsókninni komu lög á borð við Y.M.C.A. með Village People, Fat Lip með Sum 41 og The Final Countdown með Europe.**




# ÁRANGUR

## Árangur/1

### 6-vikna byrjendanámskeið

Átaksnámskeið fyrir þær sem vilja léttast, styrkjast og losna við aukakílóin. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem miðar sérstaklega að því að þú náir markmiðum þínum. Einfaldar, skemmtilegar og árangursríkar æfingar og leiðir til að ná varanlega tökum á röngu neyslumynstri.
Vertu með, njóttu þess að ná árangri í bættri heilsu og vellíðan!

## Árangur/2

### 6-vikna framhaldsnámskeið

Ítarlegra átaksnámskeið fyrir þær sem hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina enn fastari tökum, komast út úr stöðnun og ná enn betri árangri. Fjölbreyttar æfingar í hverjum tíma svo líkaminn er sífellt að takast á við nýjar áskoranir. Sérstök áhersla er á því að ná eftirbruna.

## Árangur/ dans fitness

### 6-vikna námskeið

Átaksnámskeið fyrir þær sem hafa áhuga á að dansa. Samsett átaks- og dansfitness námskeið sem hentar bæði byrjendum og lengra komnum. Fjölbreyttar og skemmtilegar dans-samsetningar sem auka þol og fitubruna. Skemmtilegt námskeið fyrir konur sem vilja dansa sig í gott form og vilja aðhald til að ná árangri.
Dansunnendur ættu alls ekki að missa af þessu!

Innifalið á námskeiðunum:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal
- Aðgangur að 240 opnum tímum á mánuði
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti
- Mælingar – vigtun og fitumælingar
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns 2x í viku inni á lokuðu heimasvæði á netinu

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is**

Skráðu þig núna í vefverslun Hreyfingar eða í síma 414 4000

**Fáðu fría uppskriftabók!**
Farðu á www.hreyfing.is/betrikostur og náðu í fría uppskrifabók með léttum kúklingaréttum.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Opinberun Hannesar

Bíó ★★★★

**Eldfjall**

Leikstjórn: Rúnar Rúnarsson

**Aðalhlutverk:** Theodór Júlíusson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Elma Lísa Gunnarsdóttir

Eldfjall hefst á mögnuðum svipmyndum Ósvalds Knudsen frá eldgosinu í Heimaey 1973. Atburðarásin færist til nútímans og við fylgjumst með Hannesi, geðstirðum húsverði frá Vestmannaeyjum, sem er að fara á eftirlaun. Hann er leiðinlegur við konuna sína og ónærgætinn við brottflutt börnin sín. Hann er eins konar mennskt eldfjall, ófrýnilegur, ógnvekjandi og gæti gosið hvenær sem er.

Þegar konan hans veikist tekur Hannes þá ákvörðun að sinna henni heima fyrir. Hún er rúmföst, ófær um að tjá sig, og Hannes þarf að baða hana og mata. Líkt og hrörlegu trilluna í garðinum sem hann reynir að laga, telur hann sjálfum sér trú um að hann geti lagað eiginkonuna.

Eldfjall er dramatísk og á köflum erfið. Það er sársaukafullt að fylgjast með vanmætti manns sem vill laga það sem brotið er en getur það ekki. Öll höfum við verið í sporum Hannesar, eða í það minnsta fylgst með af hliðarlínunni.

Stjörnur myndarinnar eru aðalleikararnir tveir, Theodór Júlíusson og Margrét Helga Jóhannsdóttir. Senur þeirra saman eru gífurlega sterkar, sem og einleikur Theodórs í öðrum atriðum. Hins vegar fannst mér vanta örlítið meira púður í persónur Þorsteins Bachmann og Elmu Lísu. Þau léku hlutverk sín vel en mér fannst eins og persónurnar hefðu þurft meira pláss og eilítið meiri dýpt.

Myndatakan er stórglæsileg og af gamla skólanum. Tónlistin er falleg og sparlega notuð. Í heildina er myndin áferðarfögur og fagmannlega gerð. Rúnar má vera ánægður með Eldfjallið sitt.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Falleg og íburðarmikil mynd en erfið, enda um erfiðan mann.








**COLDPLAY** Chris Martin öfundaði Jay-Z mikið af laginu Empire State of Mind.

# Hrífst af Jay-Z og Adele

**Chris Martin, söngvari Coldplay, óskar þess að hann hefði samið lögin Empire State of Mind eftir rapparann Jay-Z og Someone Like You eftir söngkonuna Adele. Þegar Jay-Z spilaði lagið fyrir hann fylltist Martin öfund. Þrátt fyrir það segir hann vel samin lög veita sér mikinn innblástur. „Þegar ég hlusta á Empire State of Mind, Use Somebody með Kings of Leon, Someone Like You með Adele eða Bad Romance með Lady Gaga hugsa ég með mér: „Rosalega er þetta flott“,“ sagði Martin. „Ég verð að reyna að búa til eitthvað betra. Þetta er stanslaus samkeppni.“**



**LAVIGNE** Aðdáandinn brjálaðist þegar hann fékk ekki miða á Lavigne.

# Drap móður vegna miða

**Brjálaður aðdáandi söngkonunnar Avril Lavigne hefur verið dæmdur í fangelsi fyrir að lemja og stinga móður sína til bana eftir að hún neitaði að aðstoða hann við að kaupa miða á tónleika með Lavigne. Aðdáandinn, hinn 39 ára Robert Lyons, á yfir höfði sér að minnsta kosti tuttugu ára fangelsi fyrir verknaðinn. Lyons hefur átt við andlega örðugleika að stríða síðan hann var unglingur. Hann trylltist eftir að móðir hans neitaði að leyfa honum að hringja í vin sinn svo hann gæti keypt fyrir hann miða á tónleika Lavigne.**

# Tíu klukkutíma með eina plötu

Tónlistarmaðurinn Þórir Georg tók upp sína nýjustu plötu, Afsakið, á aðeins tíu klukkustundum. Þetta er fyrsta sólóplatan hans á íslensku.

„Ég hef alltaf skrifað á íslensku líka. Núna átti ég svo mikið af lögum að mig langaði að gefa þau út á plötu,“ segir Þórir. Spurður um tímann sem fór í upptökurnar segir hann: „Ég eyddi svona tíu klukkutímum í að gera þessa plötu, hámark. Þegar ég var búinn að semja lögin eyddi ég einu laugardagskvöldi í að taka hana upp og einum sunnudegi í að klára að vinna hana. Ég tók hana upp sjálfur eins og ég hef eiginlega alltaf gert en munurinn var að núna var ég með tilbúin lög og ákvað bara: „Ég ætla að taka þau upp í kvöld“.“

Afsakið er fyrsta plata Þóris undir eigin nafni. Áður hefur hann gefið út þrjár undir nafninu My Summer As a Salvation Soldier og kom sú fyrsta, I Believe in This, út 2004 við góðar undirtektir tónlistargagnrýnenda. Vegleg safnplata með því besta af plötunum þremur er einmitt væntanleg.

Tónlist Þóris er sem fyrr melódísk og tregablandin með persónulegum sögum hans úr daglegu lífi í fyrirrúmi. „Þetta er ekkert ólíkt því sem ég var að semja á ensku. Þetta er mín útgáfa á mannfræði. Ég er að rannsaka mig og fólkið í kringum mig.“

Þórir hefur einnig starfað með Gavin Portland, Fighting Shit, The Deathmetal Supersquad og Ofvitunum. Plata með pönksveitinni síðastnefndu kom einmitt út í sumar. **- fb**



**PLATA Á TÍU TÍMUM** Þórir eyddi aðeins tíu klukkustundum í að taka upp sína nýjustu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**RITAR ENDURMINNINGAR** Courtney Love ætlar að rita endurminningar sínar.

## Love með ævisögu

**Courtney Love hefur undirritað samning við bókaforlagið William Morrow um útgáfu sjálfsævisögu. Í bókinni fjallar hún um hjónaband sitt við Kurt Cobain, fyrrum söngvara Nirvana, og feril sinn sem rokkstjarna og leikkona. Einnig fjallar hún um sambönd sín við aðrar stjörnur og dótturina Frances Bean. Fyrr á þessu ári sagði rithöfundurinn Neil Strauss frá því að Love hefði boðið honum að sjúga ösku Cobains uppi í nefið á sér er hann ræddi við hana á heimili hennar í tengslum við bók sína Everyone Loves You When You Are Dead: Journeys into Fame and Madness.**



**BURT MEÐ RAKSPÍRANN** Beyoncé hefur skipað Jay-Z að skipta um rakspíra því hún þolir ekki lyktina af þeim sem hann notar núna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Viðkvæm á meðgöngunni

**Poppdívan Beyoncé Knowles hefur sett eiginmanninum Jay-Z skýrar reglur nú þegar hún gengur með fyrsta barn þeirra. Söngkonan segist vera ótrúlega næm á lykt og það þýðir að bóndinn verður að gæta að hreinlæti sínu.**

**„Ég finn lyktina af öllu – óléttan magnar allt upp. Ef það er vond lykt, þá finn ég hana,“ segir Beyoncé.**

**Þessi næmni hefur haft í för með sér breytingar fyrir rapparann Jay-Z. Hann þarf að finna sér nýjan rakspíra: „Ég hef alltaf elskað lyktina sem maðurinn minn notar, en ég þoli hana ekki núna.“**




# Gisele reitir samlanda sína til reiði

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen hefur valdið ákveðnum usla í heimalandi sínu, Brasilíu, með nýjustu auglýsingaherferð nærfatamerki síns, Hope. Auglýsingarnar þykja ýta undir kynjamisrétti og sýna konur í röngu ljósi.

Í auglýsingunum má sjá konu á nærfötunum reyna að fá eiginmann sinn til að fyrirgefa henni fyrir að hafa eytt of miklu á kreditkortinu, klesst bílinn og leyft tengdamóðurinni að búa hjá þeim. Einkunnarorð auglýsinganna eru svo „Þú ert brasilísk kona – notaðu sjarmann“.

„Herferðin hlutgerir konur kynferðislega fyrir karlmönnum og sýnir kynin sem gamaldags staðalmyndir. Hún hjálpar líka til við að rífa niður alla þá jafnréttisvinnu sem við höfum gert síðustu ár,“ segir talsmaður aðalskrifstofu samtaka kvenna í Brasilíu, en henni hafa borist fjölmörg símtöl og bréf frá reiðum konum í Brasilíu.

Gisele Bündchen tekur þessu hins vegar létt og segir herferðina vera saklaust grín en íhugar að draga hana til baka þar sem hún vill ekki styggja viðskiptavini sína, konur í Brasilíu.



**STYGGIR VIÐSKIPTAVININA** Auglýsingaherferð Gisele Bündchen er í uppnámi en hún þykir hlutgera konur og sýna þær í röngu ljósi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vellaunaðar leikkonur

Leikkonan Eva Longoria deilir fyrsta sæti lista tímaritsins Forbes yfir best launuðu leikkonurnar í sjónvarpi, með gamanleikkonunni Tinu Fey úr 30 Rock þáttunum. Longoria, sem leikur hina fögru Gabrielle í Aðþrengdum eiginkonum, vann sér inn um einn og hálfan milljarð á síðasta ári.

Þess bera að geta að allar fjórar aðalleikkonur þáttanna sitja í fyrstu tíu sætum listans en þættirnir njóta gríðarlegra vinsælda um allan heim og er áttunda serían nýfarin í loftið í Bandaríkjunum.

Leikkonan Marcia Cross sem leikur hina snyrtilegu Bree í þáttunum er í þriðja sæti listans en Teri Hatcher og Felicity Huffman sitja saman í sjötta sæti.



**Á TOPP TÍU** Eva Longoria, Teri Hatcher, Marcia Cross og Felicity Huffman eru allar meðal tíu launahæstu leikkvenna í sjónvarpsgeiranum.






**ENGINN NÓTNAMAÐUR** Söngvari Soundgarden kann hvorki að lesa né skrifa nótur.

# Erfitt að læra nóturnar

**Chris Cornell, söngvari rokksveitarinnar Soundgarden, segist hvorki kunna að lesa né skrifa nótur. Hann sér eftir því að hafa ekki haldið áfram með píanónám sitt þegar hann var lítill. „Ég lærði að lesa nótur þegar ég var tíu ára og var í píanónámi. Því miður var ég týndur í náminu. Mér leið eins og ég væri í skóla. Þetta var bara enn eitt fagið fyrir mér. Ég átti líka frekar grimman píanókennara,“ sagði Cornell. Hann reyndi að byrja að læra nótur aftur þegar hann var kominn á þrítugsaldur en fannst það mjög erfitt og hætti.**



**BÍTLARNIR** Tvöföld plata með Bítlunum og Tony Sheridan er væntanleg.

# Tvöföld plata frá Bítlunum

**Tvöföld plata með tónlist Bítlanna og enska söngvarans Tony Sheridan verður gefin út í nóvember. Útgáfan nefnist The Beatles with Tony Sheridan: First Recordings. Bítlarnir spiluðu með Sheridan eftir að tónlistarmógúllinn Bert Kaempfert uppgötvaði hljómsveitina á tónleikum á næturklúbbi í Hamborg árið 1961. Pete Best spilar á trommur á plötunni og á meðal laga eru Ain´t It Sweet sem John Lennon syngur og Cry for a Shadow sem er ósungið og er eftir gítarleikarann George Harrison.**

# Hulk Hogan í vandræðum

Bandaríski fjölbragðaglímukappinn Hulk Hogan hefur viðurkennt að hafa sóað hundruðum milljóna króna á ferli sínum. Hogan, sem heitir réttu nafni, Terry Bollea, býr núna í leiguhúsnæði eftir að hafa þurft að lækka verðið á glæsivillunni sem hann átti á Flórída um tæpa tvo milljarða til að geta selt hana. „Ég keypti mér nokkur hús og bíla og borgaði fyrir sumarfrí fjölskyldumeðlima. Þetta fór algjörlega úr böndunum,“ sagði Hogan í viðtali í sjónvarpsþættinum Good Morning America. Þrátt fyrir fjárhagsvandræðin tilkynnti Hogan að hann væri hættur í fjölbragðaglímu.



**EYÐSLUKLÓ** Fjölbragðaglímukappinn hefur ekki farið vel með peningana í gegnum árin.

# Lét blása í barminn

Bandaríska slúðurblaðið Us Weekly greinir frá því að hönnuðurinn og raunveruleikaþáttastjarnan Nicole Richie hafi nýlega látið stækka á sér brjóstin.

Richie fagnaði þrítugsafmælinu sínu á dögunum. Hún er sögð hafa íhugað lengi að láta blása í barminn og ku hafa rætt það við vini undanfarin misseri. Þeir töldu þó að henni væri ekki alvara. En nýjar myndir, sem sýna Richie í fríi í Mexíkó, þykja gefa til kynna að brjóstin séu óeðlilega stór, miðað við fyrri stærð.



**VILDI STÆRRI BRJÓST** Nicole Richie er sögð hafa íhugað lengi að láta stækka barminn.

# Óttast ekki frægðina

**Bandaríska leikkonan Emma Stone hefur engar áhyggjur af því að líf sitt eigi eftir að breytast mikið eftir að stórmyndin The Amazing Spider-Man kemur út næsta sumar. Fólk hefur sagt henni í langan tíma að líf hennar ætti eftir að breytast eftir leik sinn í hinum ýmsum kvikmyndum en það hefur ekki gerst hingað til. „Ég er ekki að undirbúa mig fyrir eitt né neitt. Það kemur bara í ljós hvert þetta leiðir mig. Það væri fínt ef hlutirnir myndu ekki breytast neitt,“ sagði Stone, sem hefur leikið í myndunum Superbad, Zombieland og Easy A.**



**ENGAR ÁHYGGJUR** Leikkonan Emma Stone hefur engar áhyggjur af frægðinni.

# Osbourne trúlofaður

**Jack Osbourne, sonur rokkarans Ozzy, hefur trúlofast leikkonunni Lisu Stelly. Í fyrra var orðrómur uppi að hinn 25 ára Osbourne væri að hitta fyrirsætuna Sarash McNeilley og að þau hefðu fagnað afmæli hans í Las Vegas. Sú ást virðist hafa verið skamvinn. Osbourne hefur áður verið orðaður við leikkonuna Gemmu Atkinson, Kimberly Rodsdóttur Stewart og fyrirsætuna Kate Moss. Kelly, systir Jack, trúlofaðist fyrirsætunni Luke Worrall árið 2008 en þau hættu saman í fyrra eftir að fregnir bárust af því að hann hefði haldið framhjá henni.**



**TRÚLOFAÐUR** Jack Osbourne hefur trúlofast leikkonunni Lisu Stelly.


HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

100 ára afmæli Háskóla Íslands




Vertu vinur á Facebook
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

## Dagskrá Félagsvísindasviðs í október á afmælisári Háskóla Íslands 2011

**Mánudaginn 3. október kl. 12:00 - 13.30**
**Dr. Robert David Putnam, öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs - "Challenges to community in the contemporary world: Social capital, diversity, and inequality."**
í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu. Í boði Félagsvísindasviðs.

**Þriðjudaginn 4. október kl. 15:00-17:00**
**Facebook and Digital Anthropology: Dr. Daniel Miller**
í stofu 104 Háskólatorgi. Í boði Félags- og mannvísindadeildar og Mannfræðifélagsins,.

**Miðvikudaginn 5. október kl.15:00-17:00**
**Hagfræði fjölskyldunnar**
í HT-104 Háskólatorgi. Í boði Hagfræðideildar.

**Fimmtudaginn 6. október kl. 12:00-14:00**
**Markaðsfræðin í fortíð, nútíð og framtíð**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Viðskiptafræðideildar.

**Mánudaginn 10. október kl. 12:00-14:00**
**Umhverfi nýsköpunar á Íslandi**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Viðskiptafræðideildar.

**Þriðjudaginn 11. október kl. 12:00-14:00**
**Framtíð íslensks fjármálamarkaðar**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Viðskiptafræðideildar.

**Fimmtudaginn 13. október kl. 11:35-12:30**
**Afbrot í norrænu ljósi: Hádegiserindi**
í stofu 101 Odda. Í boði Lagadeildar og Félags- og mannvísindadeildar.

**Fimmtudaginn 13. október kl. 13:00-17:00**
**Jón Sigurðsson forseti: Hugsjónir og stefnumál -tveggja alda minning**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Hins íslenska bókmenntafélags, Lagadeildar og Hagfræðideildar.

**Fimmtudaginn 13. október kl. 15:00-18:00**
**Tjaldspjall á Austurvelli í miðborginni**
í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Föstudaginn 14. október kl. 10:00-16:00**
**Málþing: Þekking til framtíðar - nýbreytni og þróun í rannsóknum í bókasafns- og upplýsingafræði**
í Þjóðarbókhlöðunni. Í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Föstudaginn 14. október kl. 12:00-13:00**
**Hádegisfyrirlestur: Tíminn og valdið**
á Hallveigarstöðum. Í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Föstudaginn 14. október kl. 15:00-16:00**
**Félagsleg áhrif á náms- og starfsval framhaldsskólanemenda**
í stofu 101 Odda. Í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Laugardaginn 15. október kl. 14:00-16:00**
**Þjóðmenning og fötlun, Rannsóknir og rímur**
á Þjóðminjasafni. Í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Þriðjudaginn 18. október kl. 11:40-13:10**
**Börn, feður og fjölskyldutengsl - þrælkun, þroski, þrá**
í stofu 101 Háskólatorgi. Í boði Félagsráðgjafardeildar.

**Fimmtudaginn 20. október kl. 16:00-17:30**
**Saga, samfélag, siðfræði - félagsráðgjöf í hálfa öld**
í stofu 101 Odda. Í boði Félagsráðgjafardeildar.

**Föstudaginn 21. október kl. 13:30-17:30**
**Paul Collier: Can Africa catch up: and can we help?**
í sal 132 Öskju. Í boði Félagsvísindasviðs og Utanríkisráðuneytis.

**Mánudaginn 24. október 12:00-13:30**
**„Hernaðarlist og valdaklækir?" Er stjórnmálamenning samtímans tamari körlum en konum?**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Stjórnmálafræðideildar.

**Miðvikudagurinn 26. október kl. 12:00-13:30**
**Sambúð eða hjónaband - hver er munurinn?**
í stofu 101 Lögbergi. Í boði Lagadeildar.

**Fimmtudaginn 27. október kl. 12:00-17:30**
**Lagadeild býður í heimsókn - Réttarhöld - Úlfljótur tímarit laganema**
í stofu 101 Lögbergi og Lögbergsdómi.

**Föstudaginn 28. október kl. 09:00-18:00**
**Þjóðarspegillinn 2011**
í Odda, Gimli, Háskólatorgi og Lögbergi.

**Föstudaginn 28. október kl. 16:00**
**Listasafn Íslands árið 2050: Dr. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands heldur erindi**
í Hátíðasal Aðalbyggingu. Í boði Félags- og mannvísindadeildar.

**Laugardaginn 29. október kl. 14:00**
**Hvers virði er náttúran? Gönguferð HÍ og FÍ Leiðsögn: Daði Már Kristófersson**
í Elliðavatnsbæ.

Sjá alla viðburði á www.hi.is/vidburdir
Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# Satan beindi hljómsveitinni Ourlives á skrýtnar brautir

**Hljómsveitin Ourlives hefur sent frá sér drulluerfiða aðra plötu — plötu þar sem sjálfur Satan er á þakkarlistanum.**



**STEFNA ÚT** Ourlives hyggst fylgja plötunni eftir hér heima og stefnir svo með hana út fyrir landsteinana. Frá vinstri eru Hálfdán gítarleikari, Garðar trommari, Leifur söngvari og Jón Björn bassaleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vorum að spá í að spá í að kalla hana tilraunaplötuna en hættum við,“ segir Jón Björn Árnason, bassaleikari hljómsveitarinnar Ourlives.

Ourlives gaf á dögunum út aðra breiðskífu sína, Den of Lions. Hljómsveitin gaf út fyrstu plötuna sína fyrir tveimur árum, en hún tók fimm ár í vinnslu. Hljómsveitin virðist því vera búin að temja sér agaðri vinnubrögð, en er plata númer tvö jafn erfið og fólk talar um?

„Nei, hún var auðveld fyrir okkur … Jú, víst. Þetta var drulluerfitt,“ segir Jón Björn glettinn. „Við ætluðum að gera framhald af fyrri plötunni. Svo fór hún í aðrar áttir. Hún er heilsteyptari en fyrri — meiri eining. Við sömdum líka miklu fleiri lög, alveg 32 eða 33 stykki. Fyrir síðustu plötu sömdum við tólf og tíu fóru á plötuna.“

Barði Jóhannsson, kenndur við Bang Gang, er mikill áhrifavaldur í lífi Ourlives. Kölski, útgáfa hans og Mána Péturssonar, útvarps- og umboðsmanns, gefur út plötur hljómsveitarinnar ásamt því að hann stýrði upptökum á fjórum lögum á Den of Lions. Þeirra á meðal er smáskífulagið Heart, en þar eru fingraför Barða augljós.

Er Barði orðinn eins konar lærifaðir hljómsveitarinnar?

„Já, vel orðað. Lærifaðir. Þegar maður vinnur með manni sem maður hefur hlustað á frá því að maður var lítill er erfitt að fara *ekki* eftir því sem hann segir. Hann kann allt, þú kemur aldrei að tómum kofanum hjá honum.“

> Hann kann allt, þú kemur aldrei að tómum kofanum hjá honum.
>
> **JÓN BJÖRN ÁRNASON**
> BASSALEIKARI OURLIVES

Tónlist Ourlives er ljúfsár blanda af poppi og rokki, en hljómsveitin var ekki alltaf svona róleg. Er aldurinn að færast yfir meðlimi hljómsveitarinnar?

„Þetta er bara lélegt. Eitthvað að róast,“ segir Jón Björn léttur. „En ég held að platan sé ekki eins róleg og fyrri platan. Það er aðeins meira tekið á því.“

En hvað svo? Hvað tekur við nú þegar platan er komin út?

„Nú ætlum við að fylgja henni eftir út árið og fara svo með hana út. Ef maður ætlar að gera feril úr þessu, þá verður maður að kunna að búa til lög. Við förum djúpt í það ferli á nýju plötunni. Við teljum okkur nú vera með nógu mikla reynslu og erum aftur hungraðir í að gera þetta.“

Satan er á þakkarlista plötunnar, hvernig kom hann að vinnslu plötunnar?

„Hann kom með hið illa í hausinn á okkur. Beindi okkur á skrítnar brautir — við vorum náttúrulega í ljónagryfju, einhver henti okkur þangað. Kölski gefur okkur út, í ljónagryfju. Það er eitthvað mjög satanískt við þetta.“

**atlifannar@frettabladid.is**


























LADDI
EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
VICTORIA BJÖRK FERRELL
HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON
ÍSAK HINRIKSSON
SIGRÍÐUR BJÖRK BALDURSDÓTTIR
PÉTUR EINARSSON
SÝND Í SAMBÍÓUNUM
SÝND Í SAMBÍÓUNUM
SÝND Í SAMBÍÓUNUM
SÝND Í SAMBÍÓUNUM
FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
Hrafnar, sóleyjar & myrra
FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI EINSTEFNA EHF / L7 PRODUCTIONS
HELSTU HLUTVERK VICTORIA BJÖRK FERRELL EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON ÍSAK HINRIKSSON SIGRÍÐUR BJÖRK BALDURSDÓTTIR HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON JÓHANNA JÓNAS PÉTUR EINARSSON MAGNÚS ÓLAFSSON BJARTMAR ÞÓRÐARSON ANNA KRISTÍN ARNGRÍMSDÓTTIR SJÖFN JÓNSDÓTTIR ERIK HÅKANSSON
KVIKMYNDATAKA GUÐMUNDUR BJARTMARSSON HLJÓÐ ÝMIR EINARSSON & ELÍN BIRNA GUÐBJARGAR GYLFADÓTTIR HLJÓÐHÖNNUN RÓBERT STEINGRÍMSSON BÚNINGAR RUT MÁSDÓTTIR PLAKAT ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR & BIRGIR ÞÓR HARÐARSON BRELLUR SVERRIR JÖRSTAD SVERRISSON BJÖRN GARÐARSSON STEINN HLÍÐAR JÓNSSON
CG SUPERVISOR SANKAR BABU BOMMAGANI BEJOY ARPUTHARAJ NIKHIL MATHUR KLIPPING ÍSAK JÓNSSON FRAMLEIÐENDUR HELGI SVERRISSON & KRISTJÁN HANS ÓSKARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRN JÚLÍUS ANDRI ÞÓRÐARSON HANDRIT EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR & HELGI SVERRISSON LEIKSTJÓRN HELGI SVERRISSON & EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR
365
Canon
SAMFILM



**99** **TOMMY NIELSEN** leikur í dag sinn síðasta leik á ferlinum þegar að FH sækir Fylki heim í Árbæinn. Á þeim níu árum sem Tommy hefur leikið með FH hefur liðið aldrei lent neðar en í öðru sæti í efstu deild. FH getur í dag tryggt sér annað sæti deildarinnar. Vinnist leikurinn verður það 100. sigurleikur Tommy í efstu deild á Íslandi.

# Kraftaverkaklúbbarnir í hættu

**Fram og Grindavík kunna það félaga best á Íslandi að bjarga sér frá falli í lokaumferðinni en það hafa þau afrekað 14 sinnum í 16 tilraunum. Fréttablaðið fer yfir fallbaráttuna í lokaumferð Pepsi-deildar karla.**

**FÓTBOLTI** Fjögur félög glíma við falldrauginn í lokaumferð Pepsi-deildar karla í dag og öll vilja þau forðast það að fylgja Víkingum niður í 1. deildina. Tvö af félögunum fjórum hafa stundað það undanfarna áratugi að bjarga úrvalsdeildarsæti sínu á síðustu stundu. Hér erum við að tala um Fram og Grindavík, réttnefnd kraftaverkaklúbba í karlafótboltanum, sem keppa í dag við Keflavík og Þór um að fá að vera áfram með í Pepsideildinni sumarið 2012.

Þetta verður í fyrsta sinn í fjögurra ára sögu tólf liða deildar þar sem fallslagurinn er ekki ráðinn þegar komið er inn í 22. og síðustu umferð sumarsins. Keflavík (-6), Fram (-9) og Þór (-12) hafa öll 21 stig í sætum 8 til 10 en Grindvíkingar eru síðan í fallsætinu með 20 stig. Framarar komust upp úr fallsætinu með 2-1 sigri í Grindavík í síðustu umferð sem var þá fjórði sigur Framliðsins í síðustu sex leikjum.

### Öll fjögur bjarga sér með sigri

Staðan í dag er ekki flóknari en það að öll liðin fjögur þurfa bara að treysta á sjálfan sig og tryggja sér úrvalsdeildarsætið með sigri. Fram og Keflavík nægir enn fremur aðeins jafntefli og þar spilar inn í að Keflavík og Þór mætast í lokaumferðinni.

Framarar hafa bjargað sér átta sinnum frá falli í lokaumferðinni frá því að þriggja stiga reglan var tekin upp 1984. Framliðið hefur aðeins einu sinni farið niður í lokaumferðinni á þessum tíma og það var sumarið 2005 þegar þeir reyndu sjöunda árið í röð að bjarga sæti sínu á síðustu stundu.

Grindvíkingar björguðu sæti sínu í lokaumferðinni á sex af fyrstu ellefu árum sínum í efstu deild en þeir féllu í eina skiptið þegar þeir voru síðast í þessari stöðu haustið 2006.

Fram og Grindavík þekkja það líka liða best að sleppa við fallið þegar þau sitja í fallsæti fyrir lokaumferðina. Fram hefur fjórum sinnum rifið sig upp úr fallsæti í lokaumferðinni og Grindvíkingar hafa náð því þrisvar sinnum. Eyjamenn (2 sinnum) eru eina félagið að auki sem hefur afrekað slíkt oftar en einu sinni.

### Staða Fram var slæm í ágúst

Takist Fram hins vegar að bjarga sér fengi sú björgun eflaust sér kafla í Framsögunni enda fékk Framliðið aðeins eitt stig í fyrstu sex umferðunum og vann enn fremur aðeins einn sigur í fyrstu fimmtán leikjum sínum.

Eftir tap á móti Þór í 13. umferð 3. ágúst sat Fram á botni deildarinnar með 6 stig og menn voru fyrir löngu farnir að sjá Safamýrarliðið fyrir sér í 1. deildinni næsta sumar. Aðeins Stjörnumenn hafa náð í fleiri stig út úr síðustu sex leikjum og fyrir vikið eru Framarar í góðri stöðu til að bjarga sæti sínu í dag.

### Leikur upp á líf eða dauða

Hin tvö liðin í fallbaráttunni í dag, Keflvíkingar og Þórsarar, mætast í leik upp á líf eða dauða í Keflavík. Bæði hafa þau 50 prósenta árangur úr slíkri stöðu, Keflavík hefur bjargað sér tvisvar í fjórum tilraunum en Þórsarar hafa bjargað sér einu sinni í tveimur.

Bæði eiga þessi lið það sameiginlegt að hafa „bjargað“ sér nokkrum sinnum í sumar að mati flestra en dragast síðan alltaf jafnóðum aftur niður í fallslaginn. Þórsarar þurfa nú að ná í stig á útivöll sem hefur ekki tekist hjá þeim síðan í lok júní. Það er kannski þeim til happs að þeir heimsækja Nettóvöll Keflvíkinga, en Keflavíkurliðið hefur aðeins náð í eitt stig út úr síðustu fjórum heimaleikjum sínum.

Það verður mikil spenna í dag á Laugardalsvellinum (Fram-Víkingur), í Keflavík (Keflavík-Þór) og í Vestmannaeyjum (ÍBV-Grindavík) og nú er að sjá hvort Framarar og Grindvíkingar bæti við fleiri björgunarafrekum og miðað við söguna held ég að enginn sé tilbúinn að veðja á móti þeim.

ooj@frettabladid.is









**TAUGARNAR ÞANDAR Í DAG** Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, og þeir Ólafur Örn Bjarnason, þjálfari Grindavíkur, Páll V. Gíslason, þjálfari Þórs, og Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, glíma allir við falldrauginn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM, DANÍEL OG ANTON

## Fallbaráttan

### Lykilatriðin í fallbaráttunni í dag

- **Fram** og **Keflavík** nægir jafntefli
- **Grindavík** og **Þór** bjarga sér með sigri
- **Grindavík** (-13) og **Þór** (-12) eru með slökustu markatöluna
- **Keflavík** (-6) er með bestu markatöluna
- **Fram** hefur náð í 10 stig í síðustu 4 leikjum (3 heimasigrar í röð)
- **Grindavík** vann síðast leik 15. ágúst (6 leikir í röð án sigurs, þar af 4 jafntefli)
- **Keflavík** hefur fengið 1 stig í síðustu 4 heimaleikjum (3 töp í röð á öllum völlum)
- **Þór** hefur tapað 5 útileikjum í röð (1 stig í síðustu 8 útileikjum)

### Í fallhættu í lokaumferð

**Árangur félaga** í fallhættu í lokaumferð efstu deildar karla síðan þriggja stiga reglan var tekin upp sumarið 1984. (Lágmark 4 skipti)

**Björgunarhlutfall liða:**

| | |
|---|---|
| Fram | 89 prósent (8 af 9) |
| Grindavík | 86 prósent (6 af 7) |
| Víkingur | 57 prósent (4 af 7) |
| Keflavík | 50 prósent (2 af 4) |
| Breiðablik | 43 prósent (3 af 7) |
| Fylkir | 25 prósent (1 af 4) |
| Valur | 25 prósent (1 af 4) |
| Þróttur | 25 prósent (1 af 4) |
| **- Lið með þrjú skipti -** | |
| ÍBV | 100 prósent (3 af 3) |
| KR | 100 prósent (3 af 3) |
| FH | 67 prósent (2 af 3) |
| KA | 33 prósent (1 af 3) |



**Á LEIÐ Í FOSSVOGINN** Leikmenn Víkings munu örugglega fá að svitna hjá Óla Þórðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ólafur hættir með Fylki:

## Tekur við Víkingi í dag

**FÓTBOLTI** Ólafur Þórðarson mun stýra sínum síðasta leik hjá Fylki í dag þegar FH kemur í heimsókn í Árbæinn.

Það varð endanlega ljóst í gær að Ólafur myndi hætta með liðið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hann ekki ánægður með stjórn Fylkis, sem hefur til að mynda ekki getað uppfyllt loforð um kaup á leikmönnum.

Samkvæmt stjórnarmönnum Fylkis hættir Ólafur þó í góðu og mun því stýra liðinu í dag.

Víkingar biðu ekki boðanna þegar þeir fréttu að Ólafur væri að losna og samkvæmt heimildum hafa þeir þegar náð samkomulagi við Ólaf.

Ekki verður þó greint frá ráðningunni fyrr en eftir lokaumferð Pepsi-deildarinnar í dag. Ólafur verður svo kynntur fyrir leikmönnum Víkings á lokahófi félagsins í kvöld.

Ólafur hefur stýrt liði Fylkis síðan 2009 en hann hefur einnig þjálfað lið Fram og ÍA. - hbg

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

pepsi deildin
LOKAUMFERÐ
laugardaginn 1. okt.

| | |
|---|---|
| Fram - Víkingur R. Laugardalsvöllur | kl. 14.00 |
| Valur - KR Vodafonevöllurinn | kl. 14.00 |
| Keflavík - Þór Nettóvöllurinn | kl. 14.00 |
| Fylkir - FH Fylkisvöllur | kl. 14.00 |
| ÍBV - Grindavík Hásteinsvöllur | kl. 14.00 |
| Breiðablik - Stjarnan Kópavogsvöllur | kl. 14.00 |

DREKKTU BOLTANN



**PISTILLINN** **Kolbeinn Tumi Daðason** íþróttafréttamaður

# Fullorðni óvitinn

„Fergie, semdu við hann,“ hljómaði ósjaldan á Old Trafford á árunum 2007-2009. Stuðningsmenn Manchester United skildu ekki hvers vegna Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri félagsins, vildi ekki gera langtímasamning við Carlos Tevez. Argentínumaðurinn, sem var á tveggja ára lánssamningi, fór á kostum í rauða búningnum og var uppáhald stuðningsmannanna.

„Ég hefði getað farið út í eiturlyf og endað á botninum en þess í stað komst ég hingað,“ sagði Tevez eitt sinn um leið sína á toppinn. Hann sagði æsku sína í fátækrahverfum Buenos Aires þrátt fyrir allt hafa verið góða. „Ég kynntist gildum á borð við virðingu, auðmýkt og fórn,“ sagði Tevez.

Argentínumaðurinn sló í gegn í heimalandinu, í Brasilíu og fyrstu ár sín í enska boltanum. Vandræðin voru þó aldrei langt undan. Hann fór í verkfall hjá Corinthians og kvartaði sáran yfir bráðabirgðahúsakynnum sínum fyrstu dagana hjá West Ham. Hann yfirgaf leikvang Hamranna í fússi eftir „ósanngjarna“ skiptingu og væld yfir leiktíma og áhugaleysi yfirmanna hjá Manchester United.

Þess á milli minnti hann heimsbyggðina á að hann væri einn besti knattspyrnumaður heims með frábærum mörkum og frammistöðu. Stolti Argentínumaðurinn sem hafnaði því að gangast undir lýtaaðgerð á ljótu brunasári á andliti sínu og hálsi. „Annað hvort takið þið mér eins og ég er eða ekki. Það sama gildir um tennurnar. Ég mun ekki breyta sjálfum mér,“ hefur Tevez látið hafa eftir sér og uppskorið heimikla samúð og aðdáun. Enn ein ástæða til þess að leyfa honum að njóta vafans.

Nú er öll samúð að baki. Heimþrá, dætur í Argentínu, rigning á Englandi. Öllum er sama. Framherjinn sem þénar 46 milljónir íslenskra króna á viku neitar að koma inn á í stórleik í Meistaradeild Evrópu. Fáir stuðningsmenn eru líklegir til þess að biðla til knattspyrnustjóra síns að semja við kappann í framtíðinni. Köttinn í sekknum. Nema hann breyti sjálfum sér. Fullorðni óvitinn með fulla ferðatösku af vandræðum.






TIL HAMINGJU MEISTARAR

## > Liam Neeson

„Ég verð ekki heltekinn af vinnunni eins og ég varð áður fyrr. Það stóð svo í vegi fyrir sköpunargáfu minni. Í dag hef ég lært að hengja persónuna á snagann í lok dags og sækja hana þangað aftur þegar ég kem til vinnu daginn eftir.“

***Liam Neeson fer með hlutverk fyrrverandi leyniþjónustumanns í kvikmyndinni Taken. Hann þarf að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 22.20.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKV

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### THE KILLING

Það er komið að öðrum þættinum af The Killing sem byggðir eru á dönsku spennuþáttaröðinni Forbrydelsen. Lögreglukonan Sarah Linden er að yfirgefa lögregluna í Seattle en áður en hún hættir er henni falið að rannsaka morð á ungri stúlku, Rosie Larsen. Núna yfirheyra Sarah og nýr félagi hennar, Stephen Holder, foreldra stúlkunnar og nánustu vini. Málið tekur nýja stefnu þegar vísbendingar finnast sem benda til þess að morðið hafi verið framið í skólanum þar sem Rosie var nemandi.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Inn og út um gluggann **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Forsendur framfara **11.00** Guðsþjónusta í Skálholtsdómkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Annar maður **15.03** Kynslóðir mætast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónleikur **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Að horfa á tónlist **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.55 Melissa og Joey** (2:30) (e)
**11.15 Landinn** (e)
**11.45 Djöflaeyjan** (2:27) (e)
**12.30 Silfur Egils**
**14.00 Hvítabirnir - Njósnari á ísnum** (1:2) (e)
**15.00 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (5:8) (e)
**15.30 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending. Haukar mæta Fram í N1-deild karla.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hér er ég** (9:12)
**17.37 Leó** (1:4)
**17.41 Hrúturinn Hreinn** (27:40)
**17.48 Skúli Skelfir** (44:52)
**18.00 Stundin okkar** Í vetur mun Sunna Karítas Oktavía Torfhildur Tildurrófa Aðaldal ráða ríkjum í Stundinni okkar.
**18.25 Kexvexmiðjan** (2:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.20 Thor** Dagskrá um Thor Vilhjálmsson, einn virtasta rithöfund þjóðarinnar.
**21.20 Lífverðirnir** (Livvagterne)
**22.20 Íslenski boltinn**
**23.40 Sunnudagsbíó - Fullt tungl í fimm daga** (Fünf Tage Vollmond)
**01.10 Silfur Egils** (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.20 Meet Dave**
**10.00 12 Men of Christmas**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 Meet Dave**
**16.00 12 Men of Christmas**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Independence Day**
**22.20 Taken**
**00.00 Wordplay**
**02.00 Pucked**
**04.00 Taken**
**06.00 The Things About My Folks**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 Tricky TV** (7:23)
**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**13.50 Nágrannar**
**14.15 Spurningabomban** (2:9)
**15.10 Friends** (20:24)
**15.35 Heimsréttir Rikku** (6:8)
**16.15 Borgarilmur** (6:8)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (10:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** (2:38) Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið. Þátturinn hefur hlotið flest verðlaun sjónvarpsþátta í sögu Edduverðlaunanna en þetta er tíunda þáttatöðin.
**20.20 Harry's Law** (5:12) Nýr gamansamur lögfræðiþáttur frá David E. Kelly um stjórnulögfræðinginn Harriet Korn (Kathy Bates) sem hættir hjá þekktri lögfræðistofu og stofnar sína eigin. Hún ræður til sín harla óvenjulegan hóp samstarfsfólks og ákveður að taka að sér mál þeirra sem minna mega sín.
**21.05 The Killing** (2:13) Spennandi og dularfullur sakamálaþáttur um rannsókn lögreglu á morði á ungri stúlku. Eftir því sem lögregla finnur fleiri vísbendingar sogast áhorfandinn inn í þrjár aðskildar harmsögur sem allar eiga eftir að tengjast á bæði voveiflegan og óvæntan hátt þannig á áhorfandinn sitt límdur við skjáinn frá fyrsta þætti til hins síðasta. Þátturinn er bandarísk endurgerð á hinum dönsku spennuþáttum Forbrydelsen.
**21.55 Game of Thrones** (7:10) Þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi.
**22.55 60 mínútur**
**23.40 Daily Show: Global Edition**
**00.05 Love Bites** (7:8)
**00.45 Big Love** (6:9)
**01.45 Weeds** (12:13)
**02.15 It's Always Sunny In Philadelphia** (10:13)
**02.35 Empire of the Sun**
**05.05 Frasier** (10:24)
**05.30 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**07.30 AEK - Sturm**
**09.15 Meistaradeild Evrópu: Bate - Barcelona**
**11.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**11.40 Keflavík - Þór**
**13.30 Pepsi mörkin**
**15.25 Þýski handboltinn: Magdeburg - Gummersbach** Bein útsending frá leik Magdeburg og Gummersbach í þýska handboltanum.
**17.10 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.
**17.50 Spænski boltinn: Sporting - Barcelona** Bein útsending frá leik Sporting Gijon og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.50 Spænski boltinn: Espanyol - Real Madrid** Bein útsending frá leik Espanyol og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.
**22.00 Þýski handboltinn: Magdeburg - Gummersbach**
**23.25 Spænski boltinn: Sporting - Barcelona**
**01.10 Spænski boltinn: Espanyol - Real Madrid**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**10.00 Blackburn - Man. City**
**11.50 Premier League World** Þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð.
**12.20 Bolton - Chelsea** Bein útsending frá leik Bolton Wanderers og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**14.45 Tottenham - Arsenal** Bein útsending frá leik Tottenham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Sunnudagsmessan**
**18.15 Swansea - Stoke** Útsending frá leik Swansea City og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**21.20 Fulham - QPR** Útsending frá leik Fulham og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 Tottenham - Arsenal**
**02.15 Sunnudagsmessan**

### EXTRA

**06.20 Sjáðu**
**06.45 Fréttir Stöðvar 2**
**07.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**
**13.40 America's Got Talent** (25:32)
**15.05 America's Got Talent** (26:32)
**15.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.35 Tricky TV** (7:23)
**18.00 Spaugstofan**
**18.30 ET Weekend**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 The X Factor** (3:40) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða sönghópur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
**21.05 The X Factor** (4:40)
**22.30 Næturvaktin**
**23.55 Næturvaktin**
**00.20 ET Weekend**
**01.05 Tricky TV** (7:23)
**01.30 Sjáðu**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**19.00 Fiskikóngurinn**
**19.30 Gunnar Dal**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur**
**21.30 Kolgeitin**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Motoring**
**23.30 Eldað með Holta**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### N4

**N4 Sjónvarp Norðurlands endursýnir efni liðinnar viku.**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.35 Rachael Ray** (e)
**14.50 Real Housewives of Orange County** (13:17) (e)
**15.35 Being Erica** (6:12) (e)
**16.20 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**16.50 HA?** (2:12) (e)
**17.40 Outsourced** (3:22) (e)
**18.05 According to Jim** (7:18) (e)
**18.30 Mr. Sunshine** (7:13) (e)
**18.55 Rules of Engagement** (22:26) (e)
**19.20 30 Rock** (5:23) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (23:50) (e)
**20.10 Top Gear USA** (1:10) Bandaríska útgáfa Top Gear þáttanna hefur notið mikilla vinsælda beggja vegna Atlantshafsins.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (3:24) Bandarísk sakamálaþáttaröð um sérdeild lögreglunnar í New York borg sem rannsakar kynferðisglæpi. Ung kona hverfur og Benson og Stabler rannsaka málið.
**21.50 The Borgias** (6:9) Einstaklega vandaðir þættir úr smiðju Neils Jordan um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia ættina. Erkióvinur Borgia-fjölskyldunnar Della Rovere reynir að semja við konung Frakklands um að ráðast inn til Rómar og svipta Rodrigo páfatign.
**22.40 Hæ Gosi** (1:8) (e)
**23.10 House** (4:23) (e)
**00.00 In Plain Sight** (13:13) (e)
**00.45 The Bridge** (13:13) (e)
**01.35 The Borgias** (6:9) (e)
**02.25 Top Gear USA** (1:10) (e)
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 Alfred Dunhill Links Championship** (1:4)
**09.30 Justin Timb. Open** (3:4)
**12.30 Alfred Dunhill Links Championship** (2:4)
**16.30 Justin Timb. Open** (3:4)
**19.35 Inside the PGA Tour** (39:45)
**20.00 Justin Timb. Open** (4:4)
**23.00 US Open 2008 - Official Film**
**00.00 ESPN America**

### BBC entertainment

**09.25** My Family **09.55** Fawlty Towers **10.30** Fawlty Towers **11.00** Fawlty Towers **11.35** Fawlty Towers **12.05** Fawlty Towers **12.35** Top Gear **13.30** Top Gear **14.20** Top Gear **15.10** Top Gear **16.00** Live at the Apollo **16.45** Live at the Apollo **17.30** Live at the Apollo **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Live at the Apollo **19.45** Live at the Apollo **20.30** Live at the Apollo **21.15** The Graham Norton Show **22.00** Live at the Apollo **22.50** Live at the Apollo **23.35** Live at the Apollo **00.20** The Graham Norton Show

### DR 1

**09.05** Hannah Montana **09.30** Gepetto News **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** 100 års spekulation **10.55** OBS **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Midt i naturen **14.30** Håndbold **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.01** DR TVs 60 års jubilæum **18.00** Borgen **19.40** Fodboldmagasinet **20.10** Thorne: Bangebuks **20.55** Taggart **21.45** Blod, sved og T-shirts **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro **04.10** Hubert **04.20** Humf **04.35** Carsten og Gittes Vennevilla **04.50** Olivia **05.00** Mickeys klubhus

### NRK 1

**06.50** Førkveld **07.30** Schrödingers katt **08.00** Puls **08.30** Norge rundt **08.55** Innsettelsesgudstjeneste i Nidarosdomen **10.30** Kingdom **11.15** Skavlan **12.15** QuizDan **13.15** 4-4-2 **15.30** Ut i naturen: Magasin **16.00** Bokprogrammet **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Siffer **18.35** Norskekysten **19.15** Kennedy-klanen **20.35** Rally **21.00** Kveldsnytt **21.20** Filmbonanza **21.50** Schmokk **22.20** Mordene på Skärsö **23.20** Blues jukeboks **02.00** Norsk på norsk jukeboks **04.30** Morgennytt

### svt1

**10.05** Från Lark Rise till Candleford **11.05** Från Lark Rise till Candleford **12.05** Doobidoo **13.05** Landet Brunsås **13.35** Starke man **14.05** Rapport **14.10** Det är dax att gå upp nu **14.25** Robinson **14.55** Helt magiskt **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Moraeus med mera **19.00** Starke man **19.30** Mördare okänd **21.15** Ont blod **22.00** Bron **23.00** Rapport **23.05** Friday night dinner **23.35** Landet Brunsås

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






GEGGJUÐ MEGA LAGERSALA
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
1.999 ÁÐUR 4.299
Trékubbar
499 ÁÐUR 2.599
Föndursett
SJÁÐU VERÐIÐ
499 ÁÐUR 1.490
Syrpa
199 ÁÐUR 490
Andrés Önd blöð
ALLTAF JAFN SKEMMTILEGUR
LÁGMARK 50% AFSLÁTTUR
Blindrammar
Samsung RV520 15,6" 99.999 áður 119.999
-flottar fartölvur- síðustu eintök með afslætti
packard bell
SAMSUNG
hp
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU !!
Wii og DS leikir 20% afsláttur *ekki 3DS
XBOX og PC leikir frá 499
mikið úrval
Ódýrt DVD aðeins 2 verð 499 799
Tónlist frá 299
Samsung heimabíó 39.999 áður 59.999
Samsung C350 DVD - 5.1 kerfi
Nordica Poppvél 7.999 áður 9.999
-gæða sjónvörp- síðustu eintök með afslætti
Samsung D555 129.999 áður 149.999
SAMSUNG 40" LCD D555
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
LAGER SALA
BT
Auglýsingin gildir til 3. október 2011 eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

> **Stöð 2 Sport kl. 11.35**
**Everton - Liverpool**

Það verður mikið fjör í Bítlaborginni í dag þegar erkifjendurnir Everton og Liverpool mætast á Goodison Park. Útsending hefst klukkan 11.35 en klukkan 14 fara fram fimm leikir sem allir verða sýndir í beinni. Leikur Man. Utd og Norwich er á Sport 2, Blackburn – Man. City á Sport 3, Wolves – Newcastle á Sport 4, Aston Villa – Wigan á Sport 5 og Sunderland – WBA á Sport 6.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR VILL SJÁ BLÓÐ

# *Gef oss í kvöld vort vikulegt morð*



Barnaby lögregluforingi er ein lífseigasta lögga í sögu sjónvarpsins. Þættirnir hófu göngu sína árið 1997 og síðan hefur Barnaby verið fastur gestur á sjónvarpsskjáum um víða veröld. Alltaf er hann jafn rólegur og bangsalegur, haggast helst ef frú Barnaby ætlast til þess að hann sinni öðrum skyldum en vinnunni.

Midsomer er ekki til í raun, enda eins gott þar sem þar hlyti að vera orðið ansi fámennt eftir fjórtán ár af linnulausum morðum. Breska blaðið The Sun reiknaði út að miðað við fjölda morða á fermetra væri Midsomer hættulegasti staður í heimi.

Enginn í þessum friðsælu þorpum virðist þó kippa sér upp við þennan morðfaraldur. Menn depla varla auga þótt nágrannar og vinir séu stráfelldir. Eina áhyggjuefnið er að verja eigið skinn og reyna að koma í veg fyrir að bangsapabbi Barnaby komist að leyndarmálum þeirra.

Nú er John Nettles hættur að leika Barnaby en þættirnir njóta þvílíkra vinsælda að dubbaður var upp fjarskyldur frændi hans, John Barnaby, sem tók við af honum. Búið er að taka upp eina seríu með honum í aðalhlutverki og „nútímavæða" þættina; auka hlut dekkri kynstofna, bæta við kynlífsatriðum og auka ofbeldið. Hvernig það fer í aðdáendurna á eftir að koma í ljós en greinilegt er að hinir ímynduðu íbúar Midsomer eru enn í bráðri útrýmingarhættu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.05** Frá setningu Alþingis **11.35** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Hnapparatið **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Þau stóðu í sviðsljósinu: Alfreð Andrésson **20.00** Kristrún í Hamravík **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (5:8) (Aníta Briem leikkona) (e)
**11.00 Setning Alþingis**
**11.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.25 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**13.10 Kastljós** (e)
**13.40 Kiljan** (e)
**14.30 Eitt samfélag fyrir alla - Öryrkjabandalag Íslands 50 ára**
**15.25 Hvað veistu? - Stærsta skip í heimi** (Viden om - Verdens største skib) (e)
**16.00 Útsvar** (Akranes - Dalvíkurbyggð) (e)
**17.05 Ástin grípur unglinginn** (19:23) (The Secret Life of the American Teenager II)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (10:13) (Franklin)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Kexvexmiðjan** (2:6) Gamanþáttaröð undir stjórn Gísla Rúnars Jónssonar sem jafnframt er höfundur ásamt Carolu Köhler. Leikendur eru Andrea Jónsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson.
**20.10 Heilluð** (Enchanted) Bandarísk bíómynd frá 2007. (e)
**22.00 Járnmaðurinn** (Iron Man)
**00.05 Dansóður** (Footloose) (e)
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.00 Lethal Weapon**
**08.45 Mr. Deeds**
**10.20 Dirty Rotten Scoundrels**
**12.10 Open Season 2**
**14.00 Mr. Deeds**
**16.00 Dirty Rotten Scoundrels**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 Lethal Weapon**
**22.00 American Crude**
**00.00 The Moguls**
**02.00 Seraphim Falls**
**04.00 American Crude**
**06.00 Independence Day**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 The X Factor** (3:40)
**15.05 The X Factor** (4:40)
**16.30 Sjálfstætt fólk** (1:38)
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan** Spaugstofan er mætt á ný, endurnærðir, ferskari og fyndnari sem aldrei fyrr. Þeir Siggi, Kalli, Örn og Pálmi halda uppteknum hætti við að varpa spéspegli á atburði líðandi stundar með aðstoð valinkunnra leikara. Spaugstofan hlaut Edduverðlaunin sem Skemmtiþáttur ársins 2010.
**20.05 America's Got Talent** (25:32) Fimmta þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir. Dómararnir eru þau Piers Morgan, Sharon Osbourne og grínistinn góðkunni Howie Mandel. Kynnir er Nick Cannon sem er vel þekktur leikari, grínisti með meiru og þar að auki eiginmaður söngkonunnar Mariuh Carey.
**21.25 America's Got Talent** (26:32) Fimmta þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir. Dómararnir eru þau Piers Morgan, Sharon Osbourne og grínistinn góðkunni Howie Mandel. Kynnir er Nick Cannon sem er vel þekktur leikari, grínisti með meiru og þar að auki eiginmaður söngkonunnar Mariuh Carey.
**22.10 Frost/Nixon** Verðlaunamynd sem segir frá sönnum atburðum árið 1977 þegar hinn ungi og metnaðarfulli sjónvarpsmaður David Frost fékk tækifæri lífs síns þegar sjálfur Richard Nixon, fyrrum forseti Bandaríkjanna samþykkti að veita Frost viðtal um umdeild ár sín í forsetaembætti.
**00.10 True Grit**
**02.15 Hancock**
**03.45 Sisterhood of the Traveling Pants 2**
**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.05 Spænsku mörkin**
**09.00 EAS þrekmótaröðin**
**09.30 Evrópudeildarmörkin**
**10.20 Meistd. Evrópu: Real Mad. - Ajax**
**12.05 Meistaradeildin - meistaramörk**
**12.45 Fréttaþáttur Meistarad Evrópu**
**13.15 Pepsi mörkin**
**13.45 Keflavík - Þór** BEINT
**16.20 Pepsi mörkin**
**18.15 Tottenham - Shamrock Rovers**
**20.00 Box - Sergio Mart. - Paul Willi.**
**21.00 Keflavík - Þór**
**23.05 Pepsi mörkin**
**01.00 Box: Sergio Martinez - Darren Barker** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.40 Premier League Review**
**10.35 Premier League World**
**11.05 Premier League Preview**
**11.35 Everton - Liverpool** BEINT
**13.45 Man. Utd. - Norwich** BEINT
**15.35 Blackburn - Man. City**
**17.25 Wolves - Newcastle**
**19.15 Wigan - Aston Villa**
**21.05 Sunderland - WBA**
**22.55 Everton - Liverpool**

## EXTRA

**15.45 Gilmore Girls** (22:22)
**16.30 Nágrannar**
**18.15 Cold Case** (14:23)
**19.05 Spurningabomban** (2:9)
**19.50 Heimsréttir Rikku** (6:8)
**20.20 Borgarilmur** (6:8)
**21.00 Týnda kynslóðin** (7:40)
**21.30 It's Always Sunny In Philadelphia**
**21.55 Ástríður** (1:12), (2:12), (3:12), (4:12)
**23.45 Glee** (22:22)
**00.30 Fairly Legal** (10:10)
**01.15 Gilmore Girls** (22:22)
**02.00 Cold Case** (14:23)
**02.45 Spaugstofan**
**03.15 Spurningabomban** (2:9)
**04.05 Týnda kynslóðin** (7:40)
**04.30 It's Always Sunny In Philadelphia**
**04.55 Glee** (22:22)
**05.40 Fairly Legal** (10:10)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.20 Rachael Ray** (e)
**14.50 Friday Night Lights** (6:13) (e)
**15.40 One Tree Hill** (22:22) (e)
**16.25 Top Gear Australia** (8:8) (e)
**17.15 Game Tíví** (3:14) (e)
**17.45 The Bachelorette** (7:12) (e)
**19.15 The Marriage Ref** (5:10) (e)
**20.00 Got to Dance** (6:21) Þættirnir nutu mikilla vinsælda á SkjáEinum á síðasta ári en þar keppa hæfileikaríkustu dansararnir sín á milli þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**20.50 Desperately Seeking Susan** Kvikmynd frá árinu 1985 með Madonnu og Rosönnu Arquette í aðalhlutverkum. Húsmóðurinni Robertu leiðist lífið og styttir sér stundirnar með því að fylgjast með einkamálaauglýsingum í blaðinu. Þar dúkka upp skilaboð til Susan nokkurrar sem vekur áhuga Robertu. Leikstjóri er Susan Seidelman.
**22.35 Being Julia** (e) Gamanmynd frá 2004 með Annette Bening í aðalhlutverki. Sögusviðið er London á fyrri hluta síðustu aldar. Julia Langton er fræg leikkona sem á í mikilli tilvistarkreppu. Til að hressa sig við hefur hún ástarsamband við ungan mann en þegar hann verður hrifinn af ungri leikkonu sem er á höttunum eftir hlutverki í næstu sýningu Júlíu eru góð ráð dýr.
**00.20 HA?** (2:12) (e)
**01.10 Smash Cuts** (36:52)
**01.30 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**01.55 Judging Amy** (12:23) (e)
**02.40 Jimmy Kimmel** (e)
**04.10 Got to Dance** (6:21) (e)
**05.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.30** Golfing World **08.20** Ryder Cup Official Film 2010 **09.35** Justin Timberlake Open (2:4) **12.35** Inside the PGA Tour (39:45) **13.00** Alfred Dunhill Links Championship (1:4) **16.30** Justin Timberlake Open (2:4) **19.10** Golfing World **20.00** Justin Timberlake Open (3:4) **23.00** The Future Is Now (1:1) **00.00** ESPN America

## N4

**21.00** Helgin

## BBC entertainment

**08.00** QI Children in Need Special **08.30** QI **09.00** QI **09.30** MDA **10.00** My Family **10.30** My Family **11.00** My Family **11.35** My Family **12.05** Top Gear **12.55** Top Gear **13.45** Top Gear **14.35** Top Gear **15.30** Top Gear **16.20** Top Gear **17.10** Top Gear **18.00** Silent Witness **18.55** Silent Witness **19.50** Spooks **20.40** Spooks **21.40** Silent Witness **22.30** Silent Witness **23.25** Spooks **00.20** Spooks **01.15** Silent Witness **02.10** Silent Witness

## DR 1

**09.35** Troldspejlet **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.55** Sign up **11.10** Ved du hvem du er? **12.10** Maestro **13.10** Kommissær Wycliffe **14.25** Skjulte Stjerner **15.25** Skjulte Stjerner **15.40** Før søndagen **15.50** OBS **15.55** Min Sport **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** På opdagelse i Amazonas **18.00** Maestro **19.00** Kronprinsparrets Priser 2011 **20.30** Den store Gatsby **22.50** Borgen **04.00** Noddy **04.10** Gnotterne

## NRK 1

**08.30** Jobben er livet **09.10** Norge rundt 35 år **12.10** Kingdom **12.55** Valpekullet **13.30** QuizDan **14.30** Siffer **15.00** Norskekysten **15.40** Beat for beat **16.30** Stikk **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Humorama **18.25** QuizDan **19.25** Sjukehuset i Aidensfield **20.10** Fakta på lørdag **21.10** Kveldsnytt **21.25** Avsløringen **23.10** Haven **23.50** Dansefot jukeboks m/chat **02.00** Country jukeboks u/chat **05.05** Jo Jos Sirkus **05.30** Mat i Norden **06.00** Agnete i Vesterålen

## SVT 1

**10.00** Bröderna Reyes **10.55** Skavlan **11.55** Livet som hund **12.40** En andra chans **13.10** Lykke **14.10** Rapport **14.15** Radio Nord **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Go'kväll lördag **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Helt magiskt **19.00** Robinson **19.30** Friday night dinner **20.00** Stulen identitet **20.50** Rapport **20.55** Amy Winehouse - när hon var som bäst **21.20** Amy Winehouse - plågad stjärna **22.05** Bröderna Reyes **23.00** Rapport **23.05** Bored to Death

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Veiðisumarið **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Gunnar Dal **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

EIRÍKUR HAUKSSON • EIVØR • ERNA HRÖNN • FRIÐRIK ÓMAR • GARÐAR THÓR CORTES • GISSUR PÁLL • GUÐRÚN ÁRNÝ • GUÐRÚN GUNNARS • HEIÐA ÓLAFS • HERA BJÖRK • JÓHANN FRIÐGEIR • MARGRÉT EIR • RAGNAR BJARNASON • RAGNHEIÐUR GRÖNDAL • REGÍNA ÓSK • STEFÁN HILMARSSON • VALA GUÐNA • VÉDÍS HERVÖR

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE • STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN • BARNAKÓR FROSTRÓSA
TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON • STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON

*Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi kynnir einstaka tónleikaveislu í desember*

10 ÁRA

# FROSTRÓSIR



*Allir helstu söngvarar Frostrósa frá upphafi flytja öll vinsælustu lögin á óviðjafnanlegum tónleikum í nýrri og glæsilegri umgjörð í Hörpu 3.-5. desember!*




*Sissel ásamt fremstu einsöngvurum þjóðarinnar, stórhljómsveit og kórum flytja helgustu perlur jólanna á einstökum hátíðartónleikum.*




*Stórsöngvarar Norðurlands sameinast Frostrósum á glæsilegum afmælistónleikum á Akureyri*




*Frostrósir sækja heim alla landshluta í tilefni af 10 ára afmælinu*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 29.11 | Ólafsvík | 13.12 | Egilsstaðir |
| 30.11 | Akranes | 14.12 | Eskifjörður |
| 2.12 | Reykjanesb. | 15.12 | Vopnafj. |
| 6.12 | Selfoss | 16.12 | Ýdalir |
| 7.12 | Vestm.eyjar | 18.12 | Varmahlíð |
| 8.12 | Höfn | 20.12 | Ísafjörður |
| | | 21.12 | Tálknafj. |

MIÐASALA HEFST
Á MÁNUD. KL. 10:00
Á MIDI.IS & HARPA.IS

AFMÆLISTÓNLEIKAR FROSTRÓSA
+ FROSTRÓSIR KLASSÍK
10% afsláttur er veittur ef keyptir eru miðar á báða viðburðina í Hörpu.
Afslátturinn er aðeins veittur í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050 en virkar ekki á netinu.

Kringlan · Konfekt · FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Nánar á frostrosir.is*

## PERSÓNAN



*Eva Bjarnadóttir*

**Aldur:** 27 ára.
**Starf:** Togarasjómaður.
**Fjölskylda:** Mamma og pabbi og svo á ég sex bræður.
**Búseta:** Ég á heima í miðbænum.
**Stjörnumerki:** Vog.

Eva gerði hlé á námi sínu í Myndlistarskóla Reykjavíkur og skellti sér á norskan frystitogara.

# Nína opnar sýningu í Lúxemborg

„Mig hefur lengi langað til að opna sýningu hér í Lúxemborg og lét loksins verða af því núna," segir Nína Björk Gunnarsdóttir, ljósmyndari en hún opnaði ljósmyndasýningu í Lúxemborg í gærkvöldi.

Myndirnar sem Nína er með á sýningunni eru af fatnaði Berglindar Ómarsdóttur klæðskera en báðar eru þær búsettar í Lúxemborg. Mikið var um dýrðir á opnuninni sem var með ákveðnum Íslendingabrag en Elísabet Ólafsdóttir söngkona tók meðal annars nokkur lög.

„Okkur Berglindi langaði að stilla saman strengi okkar og gera eitthvað sniðugt saman. Það er mikil samheldni hjá Íslendingum hérna í Lúx og við erum stór hópur kvenna sem eru duglegar að gera eitthvað saman," segir Nína Björk, sem hefur búið þar síðastliðin tvö ár.

Þegar Fréttablaðið náði tali að Nínu í gær var hún á fullu að undirbúa opnunina enda í mörg horn að líta. „Þetta er mjög flottur staður en umhverfið minnir örlítið á helli þegar maður er kominn inn. Við eigum von á fullt af gestum í kvöld en staðurinn tekur milli 300-400 manns," segir Nína Björk en hún er iðin með myndavélina í Lúxemborg og hefur meðal annars breytt vefsíðu sinni í nina.lu.

„Ég er nýkomin úr fæðingarorlofi og er að koma mér í gang aftur. Ég hef samt þróast í að taka meira af fjölskyldu- og barnaljósmyndum í stað tískumynda sem ég gerði mikið af á Íslandi. Mér finnst það mjög gaman og það hefur verið fullt að gera hjá mér," segir Nína Björk og er ekkert á leiðinni aftur til landsins í bráð.

„Lífið hér er yndislegt og okkur líkar vel. Við flytjum samt aftur til Íslands í framtíðinni, bara ekki næstu árin." **- áp**



**MIKIÐ AÐ GERA** Nína Björk Gunnarsdóttir opnaði ljósmyndasýningu í Lúxemborg í gær ásamt Berglindi Ómarsdóttur klæðskera.










**STEINÞÓR HELGI:** TÓNLEIKAR FYRIR NELSON MANDELA Á ÍSLANDI

# Undirbúa stærstu tónleika Íslandssögunnar á næsta ári

„Þetta er á undirbúningsstigi en ef af þessu verður yrðu þetta líklega stærstu tónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi," segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, tónleikahaldari og útgefandi.

Steinþór situr í undirbúningshópi sem vinnur að því að halda alþjóðlega stórtónleika í Laugardalshöll og Hörpu á næsta ári. Samtökin 46664, sem frelsishetjan Nelson Mandela stofnaði, hafa veg og vanda af tónleikunum og er búist við því að alþjóðlegar stórstjörnur komi fram. Samhliða tónleikunum yrði viðburðurinn nýttur til að hrinda af stað nýju alheimsátaki og söfnun.

„Samtökin hafa lengi leitast eftir þessu við sendiherra samtakanna hér á landi að halda tónleika hér," segir Steinþór en það eru kvikmyndagerðamaðurinn Sigurjón Einarsson og trymbillinn Gunnlaugur Briem sem gegna þeim hlutverkum. Sigurjón kom að skipulagningu sambærilegra tónleika í Trömsö árið 2005. „Þeir fengu mig og fyrirtækið Faxaflóa með sér í lið og við erum að athuga hvort það sé grundvöllur fyrir þessu hér," segir Steinþór.

Sjö alþjóðlegir stórtónleikar hafa verið haldnir á vegum samtakanna í London, Jóhannesarborg, Cape Town, Madrid og Trömsö og hefur þeim verið sjónvarpað til milljóna áhorfenda. Síðustu tónleikarnir fóru fram í New York og þar komu fram listamenn á borð við Alicia Keys og Stevie Wonder. Kostnaðurinn við að halda tónleikanna nemur tæplega 103 milljónum íslenskra króna.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum fyrir skemmstu að styrkja undirbúning tónleikanna um tvær milljónir króna með fyrirvara um að mennta-og menningarmálaráðneytið og iðnaðarráðuneytið geri slíkt hið sama og að tónleikarnir fari fram. Að sögn Steinþórs hafa ekki enn borist svör frá ráðuneytunum. Í umsókn um styrkinn kemur fram að Reykjavik þurfi ekki að keppa við aðrar borgir um að halda tónleikana, samtök Mandela hafi lýst því yfir að þau hafi mikinn áhuga á að viðburðurinn fari fram í höfuðborginni.

„Þetta er gríðarlega spennandi, við erum að tala um nokkur hundruð störf og það yrði jákvætt fyrir Ísland út á við að tengjast þessum samtökum og fyrir tónlistarbransann væri þetta gríðarlegur hvalreki."

freyrgigja@frettabladid.is





**HEIMSVIÐBURÐUR**

Stefnt er að því að halda stórtónleika samtakanna 46664, sem frelsishetjan **Nelson Mandela** stofnaði, hér á landi á næsta ári. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** og **Gunnlaugur Briem** sitja í undirbúningshópi tónleikanna en borgarráð Reykjavíkur samþykkti fyrir skemmstu að styrkja undirbúningsvinnu þeirra um tvær milljónir.

# Kynntist nýjum Kobba Magg

„Þegar ég fór að lesa þetta þá brá mér eilítið í brún á köflum og mér fannst ég vera að kynnast nýjum Kobba Magg," segir Jakob Frímann Magnússon. Samtalsbók Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur við Stuðmanninn Jakob Frímann Magnússon kemur út fyrir þessi jól.

Jakob hefur verið í sviðsljósinu síðan elstu menn muna, bæði sem tónlistarmaður en líka í hlutverki stjórnmálamanns, miðborgarstjóra og ekki síst menningarfulltrúa í London. Jakob viðurkennir í bókinni að hafa daðrað við hina heilögu þrenningu tónlistarmannsins; kynlíf, rokk og eiturlyf en reynsluheimur hans markist þó ekki af þessu þrennu.

Jakob segir samstarfið við Þórunni hafi verið skemmtilegt, þegar svona merkur sagnfræðingur og rithöfundur banki upp á hjá manni fyllist maður lotningu og undirgefni en vonandi ekki eftirsjá. Hann hafi verið búinn að afþakka svona boð í tvígang en það sé einhver þrenning sem sé gegnumgangandi í lífi okkar. „Ég bauð henni í bíltúr og hún spurði mig spjörunum úr og rakti úr mér garnirnar. Þetta var langur en fróðlegur bíltúr, ekki síst fyrir mig sem var ekki búinn að gleyma mörgu en grafa sumt djúpt í minni." **- fgg**



**MILLI MALBIKSINS OG REGNBOGANS** Samtalsbók Þórunnar Erlu-og Valdimarsdóttur við Jakob Frímann kemur út fyrir þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TEKK-COMPANY 1998 2011 ÞRETTÁN ÁRA

# 20%

AFMÆLISAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

AÐEINS LAUGARDAG OG SUNNUDAG



Kynntu þér skemmtilegan leik á Facebook-síðunni okkar

TEKK COMPANY

Gerum hús að heimili

Tekk-Company
Kauptúni
Sími 564 4400
www.tekk.is

Tekk-Company
Kringlunni
Sími 564 4480

Opið
Mánudaga-föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 10–17
Sunnudaga kl. 13–17

